

*Kerhólsskóli*  
**Skólanámskrá 2011- 2012**

**Námsgreinahluti**



# Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Kennslutími grunnskóladeildar .....	6
Viðmiðunarstundaskrá.....	6
Val og valgreinar - Smiðjur .....	8
1.- 4. bekkur.....	9
Formáli .....	10
1. bekkur .....	12
Dans .....	12
Enska .....	12
Heimilisfræði .....	13
Hönnun og smíði .....	14
Íslenska .....	15
Íþróttir , líkams- og heilsurækt .....	16
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.....	18
Lífsleikni.....	18
Myndmennt.....	19
Samfélagsfræði og náttúrufræði .....	20
Stærðfræði .....	22
Textílmennt.....	23
Tónmennt.....	24
Upplýsingatækni.....	25
Útinám .....	25
2. bekkur .....	27
Dans .....	27
Enska .....	27
Heimilisfræði .....	28
Hönnun og smíði .....	29
Íslenska .....	30
Íþróttir, líkams- og heilsurækt .....	31
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.....	32
Lífsleikni.....	33
Myndmennt.....	34
Samfélagsfræði og náttúrufræði .....	35
Stærðfræði .....	37
Textílmennt.....	38
Tónmennt.....	39
Upplýsingatækni.....	40
Útinám .....	40

3. bekkur .....	42
Dans .....	42
Enska .....	42
Heimilisfræði .....	43
Hönnun og smíði .....	44
Íslenska .....	45
Íþróttir-, líkams- og heilsurækt .....	46
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	48
Myndmennt .....	48
Lífsleikni .....	49
Samfélagsfræði og náttúrufræði .....	50
Stærðfræði .....	51
Textílmennt .....	53
Tónmennt .....	53
Upplýsinga- og tæknimennt .....	54
Útinám .....	55
4. bekkur .....	57
Dans .....	57
Enska .....	57
Heimilisfræði .....	58
Hönnun og smíði .....	59
Íslenska .....	60
Íþróttir-, líkams- og heilsurækt .....	61
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	63
Lífsleikni .....	63
Myndmennt .....	64
Samfélagsfræði og náttúrufræði .....	65
Stærðfræði .....	67
Textílmennt .....	68
Tónmennt .....	69
Upplýsinga- og tæknimennt .....	69
Útinám .....	70
5. - 6. bekkur .....	72
Formáli .....	73
Dans .....	74
Danska .....	74
5. bekkur .....	74
6. bekkur .....	75
Enska .....	76
Hönnun og smíði .....	77
Íslenska .....	78
Íþróttir-, líkams- og heilsurækt .....	79

5. bekkur .....	79
6. bekkur .....	80
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.....	82
Myndmennt / Textílmennt .....	83
Lífsleikni.....	83
Náttúrufræði og umhverfismennt .....	84
Samfélagsgreinar – saga og landafræði .....	85
Stærðfræði .....	86
Tónmennt.....	87
Upplýsinga og tæknimennt.....	88
7. – 8. bekkur .....	89
Formáli .....	90
Danska .....	92
7. bekkur .....	92
8. bekkur .....	93
Enska .....	94
Íslenska .....	95
Íþróttir-, líkams- og heilsurækt.....	98
7. bekkur .....	98
8. bekkur .....	99
Landafræði.....	101
Lífsleikni.....	102
Náttúrufræði og umhverfismennt .....	103
Saga .....	105
Stærðfræði .....	106
Upplýsinga- og tæknimennt .....	108
Valgreinar – Smiðjur .....	109
Fjölsmiðja .....	109
Handverkssmiðja .....	110
Íþróttasmiðja.....	111
Listasmiðja .....	112
Sólheimasmiðja .....	113
Útivistarsmiðja .....	114

## Formáli

Í þessum hluta skólanámskrár Kerhólsskóla eru árganganámskrár þar sem fjallað er um skipulag skólastarfsins, einstakar námsgreinar, markmið, leiðir í námi og kennslu, kennslugögn og námsmat. Skólanámskráin byggir á leik- og grunnskólalögum og Aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Þeir þættir sem snúa að leikskóladeild Kerhólsskóla eru ennþá í vinnslu. Þar sem skólanámskrá skólans er lifandi rit og stöðugt í endurskoðun verður nýtt efni sett inn um leið og það er tilbúið.

Í grunnskólalögum er gerð grein fyrir þeim lágmarkstíma sem nemendur eiga að vera í skóla og að nemendur í 8. – 10. bekk eigi rétt á ákveðnu vali í námi sínu. Í aðalnámskrá grunnskóla er gerð nánari grein fyrir þessum þáttum og þar er að finna viðmiðunarstundaskrá fyrir skóla. Hér verður gerð grein fyrir þessum þáttum og hvernig Kerhólsskóli útfærir þá.

Árganganámskrár eru aðgengilegar á heimasíðu skólans; <http://www.kerholsskoli.is>. Ef foreldrar óska eftir að fá þær útprentaðar eða hluta af þeim eru þeir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skólann.

Borg, 1. desember 2011,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri.

## Kennslutími grunnskóladeildar

Í lögum um grunnskóla frá 2008 nr. 91 er gerð grein fyrir þeim lágmarkstíma sem nemendur eiga að vera í skóla. Samkvæmt þeim eiga nemendur í 1.–4. bekk rétt á 1200 mínútum á viku yfir árið miðað við níu mánaða skólatíma á ári, nemendur í 5.–7. bekk eiga rétt á 1400 mínútum á viku og nemendur í 8.–10. bekk 1480 mínútum. Einnig er í lögum skilgreindur sá lágmarkstími sem nemendur eiga rétt á og skipt er niður á skyldunámsgreinar í svokallaðri viðmiðunarstundaskrá.

### **Viðmiðunarstundaskrá**

Viðmiðunarstundaskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á (í 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk). Í aðalnámskrá grunnskóla stendur;

Gert er ráð fyrir að skólar hafi svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára innan hvers tímabils. Skal skipulag og skipting kennslutíma fyrir hvert námssvið birt í skólanámskrá, enda sé skipulag á milli ára í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið.

Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Ætlast er til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í skyldunámsgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla. Þótt gert sé ráð fyrir að hlutfallslega fleiri tímar séu nýttir í valgreinar í 8., 9. og 10. bekk geta skólar breytt vægi valgreina og skyldunámsgreina á milli þessara ára.

Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir kennslu þessara námssviða í 8.–10. bekk. (Aðalnámskrá grunnskóla. 2006)

Á næstu blaðsíðu má sjá viðmiðunarstundaskrá Menntamálaráðuneytisins og útfærslu Kerhólsskóla. Inn á viðmiðunarstundaskrá Menntamálaráðuneytisins hafa verið settir inn tímar Kerhólsskóla á einstökum námssviðum til að auðvelda samanburð.

# Viðmiðunarstundaskrá

Útfærsla Kerhólsskóla skólaárið 2011-2012

Námssvið	1. b		2. b		3. b		4. b		5. b		6. b		7. b		8. b	
	M	S	M	S	M	S	M	S	M	S	M	S	M	S	M	S
Danska									40	1	40	1	100	2,5	100	2,5
Enska	40	1	40	1	40	1	40	1	80	2	80	2	80	2	80	2
Heimilisfræði	40	1	40	1	40	1	40	1	38	0,938	38	0,938	Val		Val	
Hönnun og smíði	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	37	0,938	37	0,938	Val		Val	
Íslenska	240	6	240	6	240	6	240	6	240	6	240	6	260	6,5	260	6,5
Íþróttir Lífams- og heilsurækt	80	2	80	2	80	2	80	2	90	2,25	90	2,25	58	1,438	58	1,438
Sund	40	1	40	1	40	1	40	1	40	1	40	1	40	1	40	1
Listgreinar Dans	20	0,5	20	0,5	20	0,5	20	0,5	20	0,5	20	0,5	20	0,5	20	0,5
Myndmennt	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	Val		Val	
Textílmennt	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	60	1,5	Val		Val	
Tónlist	40	1	70	1	40	1	40	1	35	0,875	35	0,875				
Lífsleikni	40	1	40	1	40	1	40	1	80	2	80	2	40	1	40	1
Náttúrufræði og umhverfismennt	100	2,5	100	2,5	100	2,5	100	2,5	140	3,5	140	3,5	140	3,5	140	3,5
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	120	3	110	2,75	120	3	120	3	160	4	160	4	160	4	160	4
Stærðfræði	200	5	200	5	200	5	200	5	200	5	200	5	240	6	240	6
Upplýsinga- og tæknimennt	60	1,5	40	1	60	1	60	1	80	2	80	2	40	1	40	1
Val													225	5,63	305	7,63
<b>Vikustundir alls</b>	<b>1200</b>	<b>30</b>	<b>1200</b>	<b>30</b>	<b>1200</b>	<b>30</b>	<b>1200</b>	<b>30</b>	<b>1400</b>	<b>35</b>	<b>1400</b>	<b>35</b>	<b>1403</b>	<b>35</b>	<b>1483</b>	<b>37</b>

Viðmið Menntamálaráðuneytisins samanborið við **Kerhólsskóla** skólaárið 2011-2012

Námssvið	1.-4. bekkur		5.-7. bekkur		8.-10. b	8.b	Vikulegur kennslutími
Danska			120	180	440	100	560
Enska	40	160	240	240	400	80	680
Heimilisfræði	160	160	240	76*	80	val	480
Hönnun og smíði	160	240	120	74	40	val	320
Íslenska	960	960	600	740	600	260	2160
Íþróttir – lífams- og heilsurækt	480	480	360	358*	360	98	1200
Listgreinar	640	750	480	370*	160	20 val	1280
Lífsleikni	40	160	120	200	120	40	280
Náttúrufræði og umhverfismennt	320	400	360	420	360	140	1040
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	480	470	440	480	280	160	1200
Stærðfræði	800	800	600	640	600	240	2000
Upplýsinga- og tæknimennt	160	220	120	200	40	40	320
Val	560		400	225	960	305	1920
<b>Vikustundir alls</b>	<b>4800</b>	<b>4800</b>	<b>4200</b>	<b>4203</b>	<b>4440</b>	<b>1483</b>	<b>13440</b>

## **Val og valgreinar - Smiðjur**

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í grunnskólalögunum segir;

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

Í 8., 9. og 10. bekk skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans. (Lög um grunnskóla. 2008)

Inntak valnáms í 8, 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

Í fámennum skólum er erfiðara að vera með fjölbreytt námsval heldur en í fjölmennum skólum. Til þess að koma sem best til móts við þarfir og óskir nemenda í Kerhólsskóla er nemendum í 7.-8. bekk boðið upp á ákveðnar smiðjur og velja þeir sér viðfangsefni innan þeirra. Smiðjurnar eru eftirfarandi skólaárið 2011-2012:

Fjölsmiðja  
Handverkssmiðja  
Íþróttasmiðja  
Listasmiðja  
Sólheimasmiðja  
Útivistarsmiðja

Í Fjölsmiðjunni eru m.a. eftirfarandi viðfangsefni: Hljóðfæragerð, hljóðfæranám, leiklist, leikir og spil og vinna við skólablaðið.

Handverkssmiðjan inniheldur: Glerlist og glerbræðslu, skart, tré og málmsmíði.

Í Íþróttasmiðjunni eru flest allar íþróttagreinar .

Í listasmiðjunni er m.a. heimilisfræði/útielddhús, stafræn ljósmyndun, leirsmíði, myndlist og stuttmyndagerð.

Sólheimasmiðjan fjallar um sjálfbæra þróun í sjálfbæru samfélagi.

Að lokum er það Útivistarsmiðjan þar sem viðfangsefnin eru m.a. fjallgöngur, kynning á Hjálparsveitinni Tintron, gönguferðir, útielddun o.fl.

Eins og áður segir velja nemendur sér viðfangsefni innan hvernar smiðju og er smiðjan síðan skipulögð út frá vali þeirra. Á þennan hátt fá nemendur raunverulegt val.

*Kerhólsskóli*  
**Skólanámskrá 2011-2012**

1.- 4. bekkur

# Formáli

## Fyrirkomulag

Í 1. – 4. árgangi eru 16 nemendur. Í íþróttum er nemendahópurinn allur saman. Í sundi eru 1. og 2. bekkur saman annars vegar og 3. og 4. bekkur hins vegar. Í kennslustundum sem kallast smiðjur er 1. og 3. bekkur kennt saman og 2. og 4. bekkur kennt saman. Í smiðjum eru kenndar námsgreinarnar textílmennt og smíði. Heimilisfræði er kennd á móti bekkjartímum og er þar sama skipting á nemendahópi eins og í smiðjum. 1. og 3. bekkur verður í heimilisfræði eftir áramót en 2. og 4. bekkur fyrir áramót. Myndmennt er kennd á móti bekkjartímum og hópaskipting sú sama og í heimilisfræði. Sérkennari starfar með umsjónarkennurum og fær nemendur til sín í sérkennslustofu. Við gerð stundaskrár er tekið mið af viðmiðunarstundaskrá yngsta stigs sem sett er fram í Aðalnámsskrá grunnskóla.

## Áhersluþættir

Áhersla er lögð á að nemendur læri að vinna sjálfstætt og veita hjálparhönd þeim samnemendum sem þurfa. Mikið er unnið með samkennd og samvinnu, hlustun og framkomu og góða umgengni í skólanum. Umhverfismennt og náttúru upplifun skipar stóran sess. Nemendum er kennt að flokka sorp og útinám er á stundatöflu einu sinni í viku, 80 mín. í senn. Þess utan er farið út þegar færi gefst og námsmarkmið bjóða upp á. Heimavinna er einu sinni í viku í stærðfræði og íslensku og mikil áhersla er lögð á heimallestur, 5 sinnum í viku.

## Kennsluhættir og vinnulag

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Samþætting námsgreina, útinám, stöðvavinna, þemavinna, s.s. eins og „söguaðferðin“, innlagnir, hópvinna og sjálfsnám nemenda eru dæmi um þær aðferðir sem helst er beitt. Gagnvirkur lestur, samlestur og lestrarstundir eru notaðar til að þjálfa lesturinn sem svo margt annað nám byggir á. Nemendur skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, bæði með söng, upplestri og leikritum.

Sem þátt í að efla sjálfstæði nemenda í námi og vinnubrögðum þá áforma þeir í viku hverri, ákveðinn hluta vinnu sinnar í íslensku, skrift og stærðfræði. Þeir setja sér markmið varðandi vinnubrögð og viðfangsefni í samráði við kennara. Á áformsblaði er einnig skráð viðfangsefni og markmið í átthagafraði (samfélagsfræði, náttúrufræði og umhverfismennt, trúarbragðafraði og lífsleikni).

Heimanám er unnið nánast í hverri viku og skila nemendur því á föstudögum og fá þá afhent nýtt heimanám. Nemendur meta sjálfir hvernig þeim gekk að vinna heimanámið og skrá hjá sér skilin, hvort sem þeir skila á réttum tíma eða seinna. Nemendur fá umsögn þar um við hver annaskil. Heimallestur er ákaflega mikilvægur þáttur í skólalastarfinu og lögð rík áhersla á að nemendur lesi heima fimm sinnum í viku. Sbr. Lestarsstefna Kerhólsskóla.

## **Námsmat**

Við námsmat er lögð áhersla í fjölbreytni í matsþáttum. Fylgst er með daglegu starfi nemenda og metnir þættir eins og t.a.m. samvinna, virkni, viðhorf, vinnubrögð, umgengni, færni, kunnátta og leikni sem teknir eru saman í formi leiðsagnarmats. Einnig fer fram sjálfsmat og jafningjamat. Í sumum greinum eru ferilmöppur og kannanir notaðar til að greina námsframvindu eða kanna hvaða námsmarkmiðum nemandi hefur náð. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa nemendum og foreldrum yfirlit yfir stöðu og námsframvindu nemandans.

## **Umsjónakennarar**

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

## **1.bekkur**

### **Dans**

#### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá danskennslu í íþróttatímum. Danskennslan verður tekin í lotum og má áætla að nemendur fái að jafnaði 20 mínútur á viku í danskennslu yfir veturinn sem samsvarar 1 kennslustund á viku, hálfan veturinn.

Þá verða kenndir samkvæmisdansar. Nemendur í 1. – 4. bekk eru saman í tíma 15 nemendur eru saman í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum almenna kurteisi, að sýna hvort öðru virðingu og tillitsemi og að sjálfögðu alla helstu barnadansana. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér að hlusta á tónlist og finna hvaða dans passar við og fari eftir fyrirmælum. Kenndir verða ákveðnir dansar sem eru undanfari flóknari útgáfu og þurfa nemendur að hafa þjálfast nokkuð vel til að geta lært framhaldið.

#### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er með sýnikennslu á hverjum og einum dansi einnig verða námsleikir, verklegar æfingar, tónlist, söngur, dans, hreyfing, samvinnunám og fleiri aðferðir. Nemendur gera eftir bestu getu en ef þörf er á, er einstaklingskennsla. Dansarnir miða við aldur nemenda og þroska. Þau vinna alltaf tvö og tvö saman, stelpa og strákur og stundum tvö af sama kyni. Kennslugögn eru geisladiskar með tónlist sem hæfir hverjum dansi fyrir sig.

#### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara og er samofið við námsmat íþróttá. Hvernig nemandi tileinkar sér hvern dans, athygli, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, hegðun og að lokum framfarir.

#### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

### **Enska**

#### **Áherslupættir**

Enskukennslan fer fram í u.þ.b. 30 mín. á viku auk þess sem öll tækifæri eru notuð til þess að samþætta hana öðrum viðfangsefnum vetrarins. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 1. og 2. bekk. Í ár rifjum við upp tölur og liti, að heilsast og kveðja og leggjum áherslu á líkamann sem unnið verður sérstaklega með í átthagafraði í vetur. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins þar sem nemendur upplifa námið sem skemmtilega viðbót við skólastarfið. Mikilvægt er því að þeir finni löngun til þess að prófa sig áfram en jafnframt til öryggis og átti sig á því að það er eðlilegt að skilja ekki allt og gera villur. Kennari reynir að tala sem allra mest ensku í kennslustundum og fá nemendur til þess að svara á ensku. Að sjálfögðu er allt útskýrt á

íslensku. Hlustun og munnleg tjáning í gegnum samskipti, söng og samskiptaleiki eru megin viðfangsefni. Þannig fá nemendur tilfinningu fyrir framburði, hrynjandi og áherslum.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Leikir, söngvar, leikræn tjáning, þulur, samtöl og myndir er meðal þess sem notað er við kennslunna. Einnig er stuðst við námsefnið Right on! Let's sing and play. Því fylgir einföld vinnubók auk þess sem verkefni eru notuð af Skólavefnum, Náms.is og veraldarvefnum.

### **Námsmat**

Formlegt námsmat fer ekki fram á þessu stigi enskukennslunnar. Í lok skólaársins gefur kennari nemendum umsögn um ástundun, virkni og viðhorf. Kennari fylgist þó með framförum og færni einstaklingsins til þess að nálgast viðfangsefni og leggur sig fram við að hvetja hann og hrósa honum á leið sinni í átt að settum markmiðum sem taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Heimilisfræði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í heimilisfræði hálfan veturinn. Fyrir áramót eru 2. og 4. bekkur í heimilisfræði og eftir áramót verða 1. og 3. bekkur í heimilisfræði.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í heimilisfræði fyrstu árin eru að nemendur læri á eldhúsáhöld, læri um hreinlæti í eldhúsi og hvernig þeir geta hjálpað til við eldhússtörf. Aðallega verður kennt úti og notast er við prímusa, gashellu, grill og eldstæði með opnum eldi og flottu nýju útipottarnir okkar notaðir. Einnig verður kennt inni þegar viðrar illa. Skrifleg verkefni eru oftast unnin inni.

### **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var

gert í aðdraganda ferðar, á meðan að á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni var bakað brauð af kennurum

*Að ferð lokinni* – Nemendur baka samskonar brauð og gert var í Þingvallaferðinni.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Hönnun og smíði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina klukkustund á viku í hönnun og smíði allan veturinn. Nemendum í 1. og 3. bekk er blandað saman. 7 nemendur eru saman í smíðahóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að ganga vel um vinnusvæði sitt og gæta fyllsta öryggis.

Vinnusvæðið er fyrst og fremst smíðastofan en einnig er unnið úti í náttúrunni og náð í efnivið þaðan. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu.

Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þjálfa ákveðnar vinnuáferðir sem þeir eiga að kynnst samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er stundum með stuttar innlagnir fyrir allan hópinn en meira er þó um einstaklingskennslu. Verkefni nemenda miðast við aldur þeirra og þroska. Þeir vinna einir að sínum verkefnum en einnig vinna þeir saman og leita sameiginlegra lausna á því sem þeir eru að búa til. Þeir nota ýmis konar efnivið í verkefni sín, s.s. tré, leður og plast. Nemendur fara í gegnum ákveðið skapandi ferli á leið sinni frá hugmynd að fullsköpuðu verki. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og að nemendur noti sem minnst tilbúna fyrirmyndir. En að sjálfsögðu er einnig stuðst við ýmsar bækur og ljósmyndir og verkefnabanka sem heitir; Verkefnamappan; Hönnun og smíði fyrir 1. – 4. bekk. Einnig er stuðst við bókina Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson. Nemendur safna vinnuteikningum og verkefnum í möppu sem þeir hafa smíðað sjálfir. Möppuna geyma þeir í skólanum og þannig safnast í hana nokkurra ára gagnasafn.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti:

Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin.

### **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## Íslenska

### Áherslupættir

Þegar nemendur hefja skólagöngu sína í 1. bekk eru þeir misjafnlega vel undir það búinir. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar kemur að vali á viðfangsefnum og þeim tíma sem áætlaður er til ákveðinna verkefna. Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir yngsta stig en íslenskukennsla er þess eðlis að hún er samofin öðrum námsgreinum og eðlilegt að hún sé samþætt þeim þar sem við á. Þættir svo sem munnleg tjáning og hlustun, aukning orðaforða og málnotkun má nefna sérstaklega í tengslum við samþættingu. En megin viðfangsefni íslenskukennslunnar á þessu stigi verða þó alltaf talað mál, hlustun, lestur, skrift og ritun.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennslueiningin sem 1. bekk er kennd í getur verið samsett á ýmsa ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 2. til 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru þau ein í hópastarfi eða einstaklingsvinnu.

Tjáning og hlustun eru þættir sem kenndir eru með markvissri málörvun, m.a. í gegnum leik og umræður. Nemendur eru þjálfaðir í að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim, hlusta á sögur, þulur, frásagnir samnemenda, ljóð og söng.

Til þess að undirbúa nemendur undir lestrarnámið er mikilvægt að vinna með: rím, setningar, orð, samstöfur, forhljóð, hljóð, sjónræna skynjun og ýmis hugtök eins og lesátt og fleira. Einnig þurfa nemendur að fá næg tækifæri til að vinna með bókstafi á fjölbreyttan og áþreifanlegan hátt, t.d. með leirvinnu. Við lestrarkennslu er stuðst við LTG – aðferðina og hljóðaaðferðina. Leitast er við að nýta það besta úr báðum aðferðum sem og markmiðum samvirkra kennsluaðferða í lestri.

Nemendur vinna ýmsar foræfingar sem þjálfar fínreyfingar og undirbúa þá fyrir skriftarnámið. Þeir æfa skrift eftir forskrift bæði heima og í skólanum. Nemendur fara ofan í eigin texta sem skrifaður hefur verið af öðrum, þeir skrifa upp orðréttan texta, semja stuttar sögur og frásagnir og flytja fyrir aðra. Hugarkort og ýmiskonar sögukort eru mikið notuð.

Við íslenskukennsluna er stuðst við bókaflökka svo sem Það er leikur að læra, Lestrarlandið, Við lesum, Líttlestrarbækur og Góður-betri-bestur(skriftarefni). Ýmsar handbækur eru notaðar af kennara, litlar stílabækur og ljósritað efni frá kennara eins og orðasafn eða af efni af Skólavef. Tölvuforrit og gagnvirkt efni frá Námsgagnastofnun er einng notað markvisst við kennslu í íslensku sem og hljóðdiskar með sögum og tónlist.

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var fleira gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um íslensku.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Nemendur unnu hugarkort, skoðuðu fræðibækur um Þingvelli, sögðu frá þeim kynnum sem þeir höfðu af Þjóðgarðinum og hlustuðu á samnemendur og kennara segja frá.

*Á meðan á ferð stóð* - Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti og skrá inn á heiti staða og náttúrufrýrbæra. Ort voru upplifunarljóð í hópastarfi, búnar til spurningar og tekin viðtöl á fjölmiðlastöð.

*Að ferð lokinni* – Unnin hafa verið ritunarverkefni, s.s. rannsóknarbók, bekkjarsaga. Framsögn hefur verið þjálfuð í kynningum á hugarkortum og upplifunum. Fyrirhugað er að vinna lestrarverkefni í anda gagnvirkselesturs þar sem unnið verður með fræðitexta, Þjóðsögur og ljóð sem tengjast Þingvöllum.

### **Námsmat**

Eins og fyrr hefur verið nefnt eru nemendur í 1. bekk misjafnlega vel tilbúnir til þess að hefja skólagöngu sína. Þroski, þekking, leikni, og reynsla hvers einstaklings verður því stöðugt að vera viðmið þegar kemur að því að velja verkefni og meta þau. Því er eðlilegast að námsmat fari fram jafnt og þétt og fremur sé horft til þess að meta framfarir og færni einstaklingsins eða hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir í stað þess að einblína á lokamarkmið. Mikilvægt er einnig að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Auk þessa mats eru lagðar fyrir stafakannanir og nemendur lestrarprófaðir þegar ákveðinni lestrarfærni hefur verið náð. Einnig er lagt fyrir lesskimunarprófið, Læsi, þrisvar sinnum á skólaárinu og unnið úr niðurstöðum þess. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Íþróttir , líkams- og heilsurækt**

### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 1. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Einn 60 mínútna tíma og einn 40 mínútna tíma þar sem 1.-4. bekkur eru saman. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 1. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennnd er samkennsla með 2. bekk. Kennslan fer að mestu leyti fram í útilauginni en oft er vaðlaugin nýtt í æfingar.

### **Áhersluþættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 1. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsgöðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, líkamsheiti, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa. Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 1. bekkjar í leikfimi og 1. sundstiginu í sundi. Nemendur 1. bekkjar fara einnig í gegnum MOT-hreyfiþroskaprófið.

### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Námsmat:**

Námsmat í 1. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Þrepamarkmið 1. bekkjar**

Sprellikarlahopp í 10 sek.

Hoppa á öðrum fæti inn í gjörð og standa á fætinum nokkra stund.

Hoppa jafnfætis yfir sippuband.

Jafnvægisganga afturábak 10 skref.

Taka baunapoka upp með tánum.

Kasta og grípa bolta.

Sippa 5x, jafnfætis.

### **Sundstig 1**

Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja.

Staðið á botni og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér, 10 sinnum.

Ganga með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.

Skriðsundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Bringusundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Kafa eftir hring.

### **Kennari:**

Hólmfríður Fjöla Zoëga Smáradóttir, Íþróttifræðingur

## Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

### Áherslupættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin og er meiri áhersla lögð á greinina á annarri og þriðju önn heldur en þeirri fyrstu. 1. og 2. bekkur mynda hóp í þessum lotum. Námsfnið er samþætt við fög eins og íslensku, samfélagsfræði og myndmennt. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Fyrir jól og páska er farið yfir helstu hátíðisdaga í kristinni trú og atburði þeim tengdum.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt. Stuðst verður við kennslufnið Ég hef tilfinningar og valdir kaflar úr Stjörnunni.

### Námsmat

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### Kennari

Ragna Björnsdóttir

## Lífsleikni

### Áherslupættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 1. og 2. bekk. Lífsleikni fléttast inn í allar aðrar námsgreinar, þó sérstaklega greinar eins og íslensku, samfélagsfræði og kristin fræði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Einnig verður stuðlað að auknu tilfinningalæsi nemenda hjá sjálfum sér og öðrum til þess að þeir geti m.a. tekið tillit til viðhorfa og skoðana annarra. Unnið verður að því að auka virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og að fara eftir einföldum reglum hvort heldur sem er í samskiptum eða umferðinni. Slysavarnir almennt verða teknar fyrir.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt, vettvangsferðir, útinám, hópastarf og margskonar verkefni. Stuðst verður við kennslufnið Ýma tröllastelpa, Ég hef tilfinningar, Mínir einkastaðir, Spor (valin verkefni), Aðgát í umferðinni, Slysavarnaefnið um Núma og Álfur (námsfni á skólavef).

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir

til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og ræddu við nemendur um um það hvað þyrfti að hafa í huga fyrir ferðalög sem þessi og hvernig væri best að útbúa sig. Reynt var að virkja nemendur til þátttöku í gerð gátlista sem gott væri að setja niður á blað fyrir ferðina. Einnig var fjallað um það hvernig æskilegast væri að haga sér í svona ferðalagi og hvernig umgengnis- og samskiptareglur giltu í ferðalögum og þá kannski sér í lagi ferðalögum í þjóðgarð.

*Á meðan á ferð stóð* – Öll ferðin í heild sinni var eins og ein stór kennslustund í samskipta- og félagsfærniþáttum. Hvort heldur sem verið var á göngu, í skipulögðu hópastarfi, í leikjum, matartímum eða á kvöldvöku, þar sem farið var í leiki og sunginn fjöldasöngur.

*Að ferð lokinni* – Farið var yfir hvernig það gekk að útbúa sig í ferðalagið, hvernig samskiptum var háttað, hvers þau nutu helst og hvað mætti betur fara í næstu ferð.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Myndmennt**

### **Fyrirkomulag og áhersluþættir:**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í myndmennt allan veturinn. Nemendum í 1. og 3. bekk er kennt saman.

Vinna nemenda fer aðallega fram á tveimur svæðum. Annars vegar í kennslustofunni Holti (mynd- og textílmenntastofan á 2. hæð í Félagsheimilinu) og hins vegar á útinámssvæði skólans.

Áhersla er lögð á að nemendur læri að ganga vel um vinnusvæði sín og að gæta fyllsta öryggis.

Áherslur og verkefnaval taka mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Meginmarkmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Megináhersla í myndmennt fyrstu árin er að kynna fyrir nemendum ýmis konar tæki og mismunandi tækni greinarinnar. Nemendur fá að handleika sem flestar tegundir efna og áhalda í vinnu sinni.

Viðfangsefni eru verkefni sem tengjast markmiðum Aðalnámskrár sem og áhugasviði hvers og eins nemanda þar sem sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. Unnið er m.a. með grunnformin, grunnliti og blöndun lita.

Nemendur vinna bæði einir að viðfangsefnum sem og í minni hópum. Á útinámssvæði skólans er unnið með nánasta umhverfi nemandans, upplifanir hans og ímyndun.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er náms- eða félagslega færni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni voru teiknaðar leiðir sem krakkarnir gengu og fleira sem sást á leiðinni.

*Að ferð lokinni* – Klippimynd gerð og Þingvellir hafðir í huga. Náttúran teiknuð, Almagnagjá eða annað sem þau sáu á Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat í myndmennt byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum en ekki hópsins.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Samfélagsfræði og náttúrufræði**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin, yfirlétt mynda 1. og 2. bekkur hóp en stundum er öll samkennslueiningin saman (1. – 4. bekkur) sérstaklega þegar kemur að þáttum sem tengjast útinámi og grenndarkynningum. Kennslan í þessum fögum er oft samþætt íslensku, stærðfræði, upplýsingatækni, list- og verkgreinum.

Viðfangsefni í samfélags- og náttúrufræði eru af ýmsum toga og skarast iðulega. Því var ákveðið að vinna að þessum námsgreinum í sameiginlegum lotum og kalla þetta einu nafni, áttthagafræði.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, árstíðirnar og plöntur í vetur. Við lesum um Ruslaskrímlið og kynnum okkur vel flokkun og endurnýtingu. Við skoðum sérstakleg mannlíkamann og kynnum okkur lífríki hafsins og líf fólksins sem býr við sjávarsíðuna.

Í öllum lotum er mikilvægi náttúruverndar virðing fyrir umhverfinu höfð að leiðarljósi og nemendum bent á það sem þeir geta gert til þess að stuðla að bættu umhverfi.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður eða unnin verkefni. Meðal annarra eru notaðar kennsluaðferðirnar Einn, fleiri, allir og Söguaðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað í útinámstímum. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í vinnubækur og myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, bæði með söng, upplestri og leikritum.

Stuðst er við bókaflokkinn Komdu og skoðaðu. Bækurnar úr þeim bókaflokki sem við notum á þessu skólaári eru Umhverfið, Líkaminn og Hafið. Einnig verður stuðst við efnið Græðlingur og við lesum við saman bókina Ruslaskrímlið. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka. Myndbönd og hljóddiskar verða svo notaðir þar sem við á.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og athuguðu hvort nemendur þekktu Þingvelli eða hefðu heimsótt þá áður. Tæpt var á sögu þeirra og sérstöðu og síðan unnu nemendur hugarkort út frá spurningunni ”Hvað viljum við skoða?” Unnið var í litlum hópum og að hugarkorti loknu skoðuðu nemendur bækur og efni tengt Þingvöllum. Þar bættust við hugmyndir sem sumar hverjar rötuðu inn á hugarkortin.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar, hitastigsmælingar, athugun á flotkrafti, sýnataka með háfum, rúmmáls mælingar með ólíkum mæliglögum, skoðun á; þörungum, steinum, lirfum og vatnabobbum. Unnin voru verkefni í plöntugreiningu. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti og styðja við

plöntugreiningu. Veitt var í vatninu. Farið var í náttúrugöngur, fræðst um jarðsögu og skoðað dýra- og fuglalíf. Farið var í sögugöngur þar sem nemendur kynntust lífi fólks á bæjum í landi þjóðgarðsins, sem nú eru komnir í eyði. Tekið var á móti nemendum í fræðsumiðstöð þar sem þeim var fluttur sögufyrirlestur og fylgt úr hlaði niður í Almannagjá og út á Lögberg.

*Að ferð lokinni* - Nemendur kynntu hugarkortin og sögðu frá því hvort þau sáu eða kynntu sér/skoðuðu það sem fram kom á hugarkortum. Miklar umræður hafa skapst um það sem fyrir augu bar. Skoðuð voru sýni úr Þingvallavatni og nemendur greindu og teiknuðu upp það sem fannst. Unnið er að gerð Rannsóknarbókar þar sem skrifað hefur verið um vinnu rannsóknarhópa, settar inn teikningar og myndir af hugarkortum, úrvinnslu og rannsóknarferlinu. Einnig er unnið að ákveðnum verkefnum í upplifunarbækur.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Stærðfræði**

### **Áhersluþættir**

Kennslueiningin sem 1. bekk er kennd í getur verið samsett á ýmsa ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 2. til 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru þau ein í hópastarfi eða einstaklingsvinnu.

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Unnið er að því að auka skilning nemenda á tölum og talnagildum, einnig er unnið með algeng stærðfræðileg hugtök og nemendur þjálfaðir í að tengja stærðfræðina daglegu lífi sínu. Unnið er að því að efla leikni nemenda í grunnatriðum stærðfræðinnar sem áframhaldandi nám í greininni byggir á.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur vinna sjálfstætt í stærðfræðibækur eins og Einingu, Sprotu og Viltu reyna ásamt mismunandi verkefnahefti frá kennara. Nemendur vinna ýmist einir eða í hópi í námsefnið Kátt er í kynjadal, og í ýmis konar stærðfræðforritum. Einnig vinna þeir að þrautalausnum og stærðfræðitengdum spilum í hópum. Verklegr vinna svo sem mælingar, flokkun, ýmis konar samanburður og mælingar í nánasta umhverfi nemenda fer fram í hópum. Nemendur vinna jafnframt stærðfræðiverkefni í útinámi, s.s. munstur, form,

stærðir og talnarunur. Í vinnunni nota nemendur margskonar hjálpargögn, ýmis konar mælitæki, leir, tölvur, smáhlutasafn, Numicon og fleira.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar og hitastigsmælingar. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti af korti af Þingvöllum.

*Að ferð lokinni* – Nemendur hafa unnið með form, rötun í nánasta umhverfi skólans og áttir.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Jafnframt er lagt mat á það hvernig nemendur nýta sér hjálpargögn í úrvinnslu og hvort þau sækja sjálf gögn sér til hjálpar. Kannanir eru gerðar þar sem metin er staða hvers einstaklings út frá þeim efnisþáttum sem hann hefur farið í gegnum. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt sem best er og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Textílmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina 60 mínútna kennslustund á viku í textílmennt allan veturinn. Nemendur í 1. og 3. bekk eru saman í tíma og nemendur í 2. og 4. bekk eru saman í tíma.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í textílmennt fyrstu árin er að nemendur þjálfist í að klippa og sauma einföld útsaumsspor.

Viðfangsefnin eru tengd áhugasviði hvers nemanda og reynt er að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Nemendur vinni verkefni með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Mikil áhersla er lögð á umhirðu og góða umgengni í textúlmenntastofunni og að nemendur nýti efnið vel sem unnið er með hverju sinni.

### **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Tónmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tónmennt allan veturinn. Nemendur í 1.-4. bekk eru saman.

### **Áherslupættir og kennsluhættir**

Eitt af viðfangsefnum tónmenntakennslu er skv. aðalnámskrá grunnskóla að „vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið“ (Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, s. 28).

Í tónmennt verður lögð áhersla á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur læra um frum- og efnispætti tónlistarinnar. Nemendur læra nokkur grunnhugtök tónlistarinnar til þess að geta fjallað um tónlist og sett hana í sögulegt og félagslegt samhengi. Síðast en ekki síst munu nemendur hlusta á og flytja tónlist.

Nemandi á að

- þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- þekkja mismunandi notkun hljóðfæra
- þekkja algengustu samspilshópa
- þekkja nokkur tónverk og höfunda þeirra
- sýna með hreyfingu að hann skynji frum- og efnispætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, hraðabreytingar o.s.frv.
- geta beitt hugmyndaflugi sínu til þess að túlka eigin upplifun með dansi eða hreyfingu
- geta dansað hefðbundna hreyfileiki

### **Námsmat**

Nemandi þarf að geta túlkað tónlist með ýmsu móti, skynjað hana, greint og metið. Lagt er mat á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöður verkefna.

## **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## **Upplýsingatækni**

### **Áhersluþættir**

Kennslueiningin í upplýsingatækni samanstendur af nemendum úr 1. og 2. bekk. Áhersla er lögð á að nemendur læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu um leið og þau nota hin ýmsu kennsluforrit í ólíkum námsgreinum. M.a. kynnast nemendur grunnatriðum í fingrasetningu. Mest er notað af vefefni af vef Námsgagnastofnunnar þar sem það tengist beint viðfangsefnum og námsefni nemenda. Mikilvægt er að nemendur líti á tölvur sem verkfæri við vinnu sína í stað þess að tengja þær eingöngu við leiki og afþreyingu. Umgengni á skólasafni og nýting þess er kynnt og reynt er að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri ólíkra bóka

## **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Útinám**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Allt yngsta stigið myndar kennslueiningu í þessum tveimur kennslustundum. Þær eru fastar í stundatöflu nemenda í 1.- 4. bekkja á fimmtudögum. Þetta er nýbreytni í stundatöflu þetta árið því áður hefur útinám ekki verið bundið ákveðnum dögum eða kennslustundum í grunnskóladeild Kerhólsskóla. Það skal tekið fram að þetta eru alls ekki einu kennslustundirnar þar sem útinám er stundað á yngsta stiginu, þær eru margar fleiri, en þessar kennslustundir eru einvörðungu nýttar til útináms.

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta ótal námsgreinar. Til að mynda; náttúrufræði og umhverfismennt, samfélagsfræði, lífsleikni, stærðfræði, íslensku, íþróttir, tungumál og svo mætti áfram telja.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og mannlegt, árstíðirnar og veðurfar. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærni þættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterk og góð viðhorf til náttúruverndar og virðingar fyrir umhverfinu, hollrar útivistar og hreyfingar.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og leystar þrautir, bæði úti og inni í skólastofu. Meðal annarra eru notaðar kennsluáðferðirnar Einn,

fleiri, allir og Söguaðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í Upplifunarbók, vinnubækur eða myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, með söng, upplestri eða frásögnum.

Stuðst er við viðfangsefni úr bókaflokknum Komdu og skoðaðu, verkefnamöppuna Náttúruverkefni, námsefnið Græðlingur, Tölur og tölfræði og fjöldan allan af handbókum og námsefni nemenda í lífsleikni, íslensku og stærðfræði. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennarar**

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

## **2.bekkur**

### **Dans**

#### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá danskennslu í íþróttatímum. Danskennslan verður tekin í lotum og má áætla að nemendur fái að jafnaði 20 mínútur á viku, í danskennslu yfir veturinn sem samsvarar 1 kennslustund á viku, hálfan veturinn.

Þá verða kenndir samkvæmisdansar. Nemendur í 1. – 4. bekk eru saman í tíma, 15 nemendur eru saman í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum almenna kurteisi, að sýna hvort öðru virðingu og tillitsemi og að sjálfsögðu alla helstu barnadansana. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér að hlusta á tónlist og finna hvaða dans passar við og fari eftir fyrirmælum. Kenndir verða ákveðnir dansar sem eru undanfari flóknari útgáfu og þurfa nemendur að hafa þjálfast nokkuð vel til að geta lært framhaldið.

#### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er með sýnikennslu í hverjum og einum dansi einnig veður námsleikir, verklegar æfingar, tónlist, söngur, dans, hreyfing, samvinnunám og fleiri aðferðir. Nemendur gera eftir bestu getu en ef þörf er á, er einstaklingskennsla. Dansarnir miða við aldur nemenda og þroska. Þau vinna alltaf tvö og tvö saman, stelpa og strákur og stundum tvö af sama kyni. Kennslugögn eru geisladiskar með tónlist sem hæfir hverjum dansi fyrir sig.

#### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara, námsmatið er samofin við námsmat íþróttá. Hvernig nemandi tileinkar sér hvern dans, athygli, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, hegðun og að lokum framfarir.

#### **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

### **Enska**

#### **Áherslupættir**

Enskukennslan fer fram í u.þ.b. 30 mín. á viku auk þess sem öll tækifæri eru notuð til þess að samþætta hana öðrum viðfangsefnum vetrarins. Í ár rifjum við upp tölur og liti, að heilsast og kveðja og leggjum áherslu á líkamann sem unnið verður sérstaklega með í átthagafræði í vetur. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins þar sem nemendur upplifa námið sem skemmtilega viðbót við skólastarfið. Mikilvægt er því að þeir finni löngun til þess að prófa sig áfram en jafnframt til öryggis og átti sig á því að það er eðlilegt að skilja ekki allt og gera villur. Kennari reynir að tala sem allra mest ensku í kennslustundum og fá nemendur til þess að svara á ensku. Að sjálfsögðu er allt útskýrt á íslensku. Hlustun og munnleg tjáning í gegnum samskipti, söng og

samskiptaleiki eru megin viðfangsefnin. Þannig fá nemendur tilfinningu fyrir framburði, hrynjandi og áherslum.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Leikir, söngvar, leikræntjáníng, þulur, samtöl og myndir er meðal þess sem notað er við kennslunna. Einnig er stuðst við námsefnið Right on! Let's sing and play. Því fylgir einföld vinnubók auk þess sem verkefni eru notuð af Skólavefnum, Náms.is og veraldarvefnum.

### **Námsmat**

Formlegt námsmat fer ekki fram á þessu stigi enskukennslunnar. Í lok skólaársins gefur kennari nemendum umsögn um ástundun, virkni og viðhorf. Kennari fylgist þó með framförum og færni einstaklingsins til þess að nálgast viðfangsefnin og leggur sig fram við að hvetja hann og hrósa honum á leið sinni í átt að settum markmiðum sem taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Heimilisfræði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í heimilisfræði hálfan veturinn. Fyrir áramót eru 2. og 4. bekkur í heimilisfræði og eftir áramót verða 1. og 3. bekkur í heimilisfræði.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í heimilisfræði fyrstu árin eru að nemendur læri á eldhúsáhöld, læri um hreinlæti í eldhúsi og hvernig þeir geta hjálpað til við eldhússtörfín. Aðallega verður kennt úti og notast er við prímusu, gashellu, grill og eldstæði með opnum eldi og flottu nýju útipottarnir okkar notaðir. Einnig verður kennt inni þegar viðrar illa. Skrifleg verkefni eru oftast unnin inni.

### **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð – Í ferðinni var brauð bakað af kennurum.*

*Að ferð lokinni – Nemendur baka samskonar brauð og gert var í Þingvallaferðinni.*

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Hönnun og smíði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina klukkustund á viku í hönnun og smíði allan veturinn. Nemendur í 2. og 4. bekk er blandað saman. 9 nemendur eru saman í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að ganga vel um vinnusvæði sitt og gæta fyllsta öryggis. Vinnusvæðið er fyrst og fremst smíðastofan en einnig er unnið úti í náttúrunni og náð í efnivið þaðan. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu. Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þjálfar ákveðnar vinnuáðferðir sem þeir eiga að kynnst samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er stundum með stuttar innlagnir fyrir allan hópinn en meira er þó um einstaklingskennslu. Verkefni nemenda miðast við aldur þeirra og þroska. Þeir vinna einir að sínum verkefnum en einnig vinna þeir saman og leita sameiginlegra lausna á því sem þeir eru að búa til. Þeir nota ýmiskonar efnivið í verkefni sín, s.s. tré, leður og plast. Nemendur fara í gegnum ákveðið skapandi ferli á leið sinni frá hugmynd að fullsköpuðu verki. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og að nemendur noti sem minnst tilbúnað fyrirmyndir. En að sjálfsögðu er einnig stuðst við ýmsar bækur og ljósmyndir og verkefnabanka sem heitir; Verkefnamappan; Hönnun og smíði fyrir 1. – 4. bekk. Einnig er stuðst við bókina Smíði eftir Árna Arnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson. Nemendur safna vinnuteikningum og verkefnum í möppu sem þeir hafa smíðað sjálfir. Möppuna geyma þeir í skólanum og þannig safnast í hana nokkurra ára gagnasafn.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin.

### **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## Íslenska

### Áhersluþættir

Íslenska er kennd í samræmi við markmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir yngsta stig en íslenskukennsla er þess eðlis að hún er samofin öðrum námsgreinum og eðlilegt að hún sé samþætt þeim þar sem við á. Þættir svo sem munnleg tjáning og hlustun, aukning orðaforða og málnotkun má nefna sérstaklega í tengslum við samþættingu. Megin viðfangsefni íslenskukennslunnar á þessu stigi verða þó alltaf talað mál, hlustun, lestur, skrift og ritun en þættir eins og bókmenntir, ljóð og málfræði koma til sögunnar í 2. bekk.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennslueiningin sem 2. bekk er kennd í íslensku getur verið samsett á ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. til 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru bekkurinn einn í hópstarfi eða einstaklingsvinnu.

Nemendur æfa lestur, upphátt og í hljóði. Þeir heimsækja bókasafnið og áhersla er lögð á frjálstan lestur. Nemendur lesa ólíka texta og vinna með í anda gagnvirks lesturs. Í þeirri kennsluaðferð er byggt á lestri, endursögn, samantekt texta og spurningagerð til þess að nemendur tileinki sér orðaforða og auki hugtakaskilning. Einnig vinna þeir markvisst með notkun hugarkorta til þess að auka orðaforða og lesskilning.

Nemendur syngja ljóð, skrifa upp ljóð og myndskreyta. Rímuð og órímuð ljóð eru kynnt og nemendur hvattir til að semja ljóð og lesa upphátt.

Hljóðvitund, réttiritun, máltilfinning og málfræði tengjast saman og eru þjálfuð með einstaklings og hópavinnu ýmist með eða án innlagna. Bæði í verkefnum frá kennara og í vinnubókum. Einnig í gegnum orðaspil, krossgátur, rím, endursagnir og ýmsa orðaleiki. Skrift og ritun er þjálfuð m.a. með forskrift bæði heima og í skólanum. Nemendur fara ofan í eigin texta sem skrifaður hefur verið af öðrum, þeir skrifa upp orðréttan texta, semja stuttar sögur og frásagnir og flytja fyrir aðra.

Við íslenskukennsluna er stuðst við bókaflökka svo sem Ritrúnir, Við lesum, Léttlestrarbækur, Ljóðsprotta, Skrift og Góður-betri-bestur(skriftarefni). Ýmsar handbækur eru notaðar af kennara, litlar stúlabækur, orðasöfn og ljósritað efni frá kennara eða af Skólavef. Tölvuforrit og gagnvirkt efni frá Námsgagnastofnun er einng notað markvisst við kennslu í íslensku sem og hljóðdiskar með sögum og tónlist.

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um íslensku.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Nemendur unnu hugarkort, skoðuðu fræðibækur um Þingvelli, sögðu frá þeim kynnum sem þeir höfðu af Þjóðgarðinum og hlustuðu á samnemendur og kennara segja frá.

*Á meðan á ferð stóð* - Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti og skrá inn á heiti staða og náttúrufrýrbæra. Ort voru upplifunarljóð í hópastarfi, búnar til spurningar og tekin viðtöl á fjölmiðlastöð.

*Að ferð lokinni* – Unnin hafa verið ritunarverkefni, s.s. rannsóknarbók, bekkjarsaga. Framsögn hefur verið þjálfuð í kynningum á hugarkortum og upplifunum. Fyrirhugað er að vinna lestrarverkefni í anda gagnvirks lesturs þar sem unnið verður með fræðitexta, þjóðsögur og ljóð sem tengjast Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Verkefni í vinnubókum eru metin jafnóðum og þeim er lokið og það sama gildir um önnur verkefni á skólaárinu. Horft er til lestrarframvindu um leið og nemendur eru lestrarprófaðir reglulega. Einnig er lagt fyrir lesskimunarprófið, Læsi, tvisvar sinnum á skólaárinu og unnið úr niðurstöðum þess. Tvisvar á ári eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

**Kennari:** Ragna Björnsdóttir

## **Íþróttir, líkams- og heilsurækt**

### **Fyrirkomulag**

Leikfimi: 2. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Einn 60 mín. tíma og einn 40 mín. tíma þar sem 1.-4. bekkur eru saman. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 2. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennnd er samkennsla með 1. bekk. Kennslan fer að mestu leyti fram í útilauginni en oft er vaðlaugin nýtt í æfingar.

### **Áhersluþættir**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 2. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, líkamsheiti, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningssklefa.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfa skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 2. bekkjar í leikfimi og 2. sundstiginu í sundi.

### **Kennsluhættir og gögn**

Unnið er með þau íþróttaáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Námsmat**

Námsmat í 2. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Þrepamarkmið 2. bekkjar**

Hlaupa í 5 mín. á rólegum hraða.

Jafnvægisganga á slá (3metrar).

Kollhnís áfram.

Hlaup og hopp viðstöðulaust yfir þrjár keilur (nokkrir metrar milli keilna).

Armganga á bita 1,5 metra (hliðarganga).

Sippa 10x, jafnfætis.

Rekja bolta á hlaupum (knattrak með höndum). (tækni)

Kasta og grípa á hlaupum. (tækni)

### **Sundstig 2**

Marglyttuflot, með því að rétta úr sér.

Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi 2,5 m.

10m bringusund með eða án hjálpartækja.

10m skólabaksundsátök með eða án hjálpartækja.

8m skriðsundsátök með eða án hjálpartækja.

Hoppa af bakka í laug.

### **Kennari:**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

### **Áherslupættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin og er meiri áhersla lögð á greinina á annari og þriðju önn heldur en þeirri fyrstu. 1. og 2. bekkur mynda hóp í þessum lotum. Námsfnið er samþætt við fög eins og íslensku, samfélagsfræði og myndmennt. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda,

auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Fyrir jól og páska er farið yfir helstu hátíðisdaga í kristinni trú og atburði þeim tengdum.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt. Stuðst verður við kennslufnið Ég hef tilfinningar og valdir kaflar úr Stjörnunni.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Lífsleikni**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 1. og 2. bekk. Lífsleikni fléttast inn í allar aðrar námsgreinar, þó sérstaklega greinar eins og íslensku, samfélagsfræði og kristinfræði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Einnig verður stuðlað að auknu tilfinningalæsi nemenda hjá sjálfum sér og öðrum til þess að þeir geti m.a. tekið tillit til viðhorfa og skoðana annarra. Unnið verður að því að auka virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og að fara eftir einföldum reglum hvort heldur sem er í samskiptum eða umferðinni. Slysavarnir almennt verða teknar fyrir.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt, vettvangsferðir, útinám, hópastarf og margskonar verkefni. Stuðst verður við kennslufnið Ýma tröllastelpa, Ég hef tilfinningar, Mínir einkastaðir, Spor (valin verkefni), Aðgát í umferðinni, Slysavarnaefnið um Núma og Álfur (námsefni á skólavef).

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámsskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og ræddu við nemendur um það hvað þyrfti að hafa í huga fyrir feðalög sem þessi og hvernig væri best að útbúa sig.

Reynt var að virkja nemendur til þátttöku í gerð gátlista sem gott væri að setja niður á blað fyrir ferðina. Einnig var fjallað um það hvernig æskilegast væri að haga sér í svona ferðalagi og hvernig umgengnis- og samskiptareglur giltu í ferðalögum og þá kannski sér í lagi ferðalögum í Þjóðgarð.

*Á meðan á ferð stóð* – Öll ferðin í heild sinni var eins og ein stór kennslustund í samskipta- og félagsfærniþáttum. Hvort heldur sem verið var á göngu, í skipulögðu hópastarfi, í leikjum, matartímum eða á kvöldvöku, þar sem farið var í leiki og sunginn fjöldasöngur.

*Að ferð lokinni* – Farið var yfir hvernig það gekk að útbúa sig í ferðalagið, hvernig samskiptum var háttað, hvers þau nutu helst og hvað mætti betur fara í næstu ferð.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Myndmennt**

### **Fyrirkomulag og áherslupættir**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í myndmennt allan veturinn. Nemendum í 2. og 4. bekk er kennt saman.

Vinna nemenda fer aðallega fram á tveimur svæðum. Annars vegar í kennslustofunni Holti (mynd- og textílmennastofan á 2. hæð í Félagsheimilinu) og hins vegar á útinámssvæði skólans.

Áhersla er lögð á að nemendur læri að ganga vel um vinnusvæði sín og að gæta fyllsta öryggis.

Áherslur og verkefnaval taka mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Meginmarkmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Megináhersla í myndmennt fyrstu árin er að kynna fyrir nemendum ýmis konar tæki og mismunandi tækni greinarinnar. Nemendur fá að handleika sem flestar tegundir efna og áhalda í vinnu sinni.

Viðfangsefnin eru verkefni sem tengjast markmiðum Aðalnámskrár sem og áhugasviði hvers og eins nemanda þar sem sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. Unnið er m.a. með grunnformin, grunnliti og blöndun lita.

Nemendur vinna bæði einir að viðfangsefnum sem og í minni hópum. Á útinámssvæði skólans er unnið með nánasta umhverfi nemandans, upplifanir hans og ímyndun.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* - Með hliðsjón af skólanámsskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni voru teiknaðar leiðir sem krakkarnir gengu og fleira sem sást á leiðinni.

*Að ferð lokinni* – Klippimynd gerð og Þingvellir hafðir í huga. Náttúran teiknuð, Almannagjá eða annað sem þau sáu á Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat í myndmennt byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum en ekki hópsins.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Samfélagsfræði og náttúrufræði**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin, yfirleitt mynda 1. og 2. bekkur hóp en stundum er öll samkennslueiningin saman (1. – 4. bekkur) sérstaklega þegar kemur að þáttum sem tengjast útinámi og grenndarkynningum. Kennslan í þessum fögum er oft samþætt íslensku, stærðfræði, upplýsingatekni, list- og verkgreinum.

Viðfangsefnin í samfélags- og náttúrufræði eru af ýmsum toga og skarast iðulega. Því var ákveðið að vinna að þessum námsgreinum í sameiginlegum lotum og kalla þetta einu nafni, átthagafraði.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, árstíðirnar og plöntur í vetur. Við lesum um Ruslaskrímlið og kynnum okkur vel flokkun og endurnýtingu. Við skoðum sérstakleg mannlíkamann og kynnum okkur lífríki hafsins og líf fólksins sem býr við sjávarsíðuna.

Í öllum lotum er mikilvægi náttúruverndar virðing fyrir umhverfinu höfð að leiðarljósi og nemendum bent á það sem þeir geta gert til þess að stuðla að bættu umhverfi.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður eða unnin verkefni. Meðal annarra eru notaðar kennsluaðferðirnar Einn, fleiri, allir og Söguaðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað í útinámstímum. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í vinnubækur og myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, bæði með söng, upplestri og leikritum.

Stuðst er við bókaflokkinn Komdu og skoðaðu. Bækurnar úr þeim bókaflokki sem við notum á þessu skólaári eru Umhverfið, Líkaminn og Hafið. Einnig verður stuðst við efnið Græðlingur og við lesum við saman bókina Ruslaskrímslið. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka. Myndbönd og hljóðdiskar verða svo notaðir þar sem við á.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og athuguðu hvort nemendur þekktu Þingvelli eða hefðu heimsótt þá áður. Tæpt var á sögu þeirra og sérstöðu og síðan unnu nemendur hugarkort út frá spurningunni ”Hvað viljum við skoða?” Unnið var í litlum hópum og að hugarkorti loknu skoðuðu nemendur bækur og efni tengt Þingvöllum. Þar bættust við hugmyndir sem sumar hverjar rötuðu inn á hugarkortin.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar, hitastigsmælingar, athugun á flotkrafti, sýnataka með háfum, rúmmáls mælingar með ólíkum mæliglögum, skoðun á; þörungum, steinum, lirfum og vatnabobbum. Unnin voru verkefni í plöntugreiningu. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti og styðja við plöntugreiningu. Veitt var í vatninu. Farið var í náttúrugöngur, fræðst um jarðsögu og skoðað dýra- og fuglalíf. Farið var í sögugöngur þar sem nemendur kynntust lífi fólks á bæjum í landi Þjóðgarðsins, sem nú eru komnir í eyði. Tekið var á móti nemendum í fræðsumiðstöð þar sem þeim var fluttur sögufyrirlestur og fylgt úr hlaði niður í Almannagjá og út á Lögberg.

*Að ferð lokinni* - Nemendur kynntu hugarkortin og sögðu frá því hvort þau sáu eða kynntu sér/skoðuðu það sem fram kom á hugarkortum. Miklar umræður hafa skapst um það sem fyrir augu bar. Skoðuð voru sýni úr Þingvallavatni og nemendur greindu og teiknuðu upp það sem fannst. Unnið er að gerð Rannsóknarbókar þar sem skrifað hefur verið um vinnu rannsóknarhópa, settar inn teikningar og myndir af hugarkortum, úrvinnslu og rannsóknarferlinu. Einnig er unnið að ákveðnum verkefnum í upplifunarbækur.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

### **Stærðfræði**

#### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin sem 2. bekk er kennd í getur verið samsett á ýmsa ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. til 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru þau ein í hópastarfi eða einstaklingsvinnu. Unnið er að því að auka skilning nemenda á tölum og talnagildum, einnig er unnið með algeng stærðfræðileg hugtök og nemendur þjálfaddir í að tengja stærðfræðina daglegu lífi sínu. Lögð er áhersla á að efla leikni nemenda í grunnatriðum stærðfræðinnar, sem áframhaldandi nám í greininni byggir á. Þjálfuð er færni í að nota samlagningu og frádrátt og nemendur kynnast vasareikni.

#### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur fá stærðfræði innlögn og vinna sjálfstætt í stærðfræðibækur eins og Eining, Sprotu, Viltu reyna, Húrra hefti, Í undirdjúpunum, Tíu-tuttugu og Verkefni fyrir vasareikni. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum við þrautalausnir, stærðfræðitengd spil og í stærðfræðiforrit. Verkleg vinna svo sem mælingar, flokkun, ýmis konar samanburður og mælingar í nánasta umhverfi nemenda er unnin í hópum. Nemendur vinna jafnframt stærðfræðiverkefni í útinámi, s.s. munstur, form, stærðir og talnarunur. Í vinnunni nota nemendur margskonar hjálpargögn, ýmisskonar mælitæki, leir, tölvur, smáhlutasafn, Numicon og fleira. Unnið er með kennslupeninga og einingakubbum í tengslum við talnahús.

#### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámsskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar og hitastigsmælingar. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í upprætti af korti af Þingvöllum.

*Að ferð lokinni* – Nemendur hafa unnið með form, rötun í nánasta umhverfi skólans og áttir.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Jafnframt er lagt mat á því hvernig nemendur nýta sér hjálpargögn í úrvinnslu og hvort þau sækja sjálf gögnum sér til hjálpar. Kannanir eru gerðar þar sem metin er staða hvers einstaklings út frá þeim efnisþáttum sem hann hefur farið í gegnum. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Textílmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina 60 mínútna kennslustund á viku í textílmennt allan veturinn. Nemendur í 1. og 3. bekk eru saman í tíma og nemendur í 2. og 4. bekk eru saman í tíma.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í textílmennt fyrstu árin er að nemendur þjálfist í að klippa og sauma einföld útsaumsspor.

Viðfangsefnin eru tengd áhugasviði hvers nemanda og reynt er að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Nemendur vinni verkefni með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Mikil áhersla er lögð á umhirðu og góða umgengni í textílmenntastofunni og að nemendur nýti efnið vel sem unnið er með hverju sinni.

## Námsmat

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin.

## Kennari

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## Tónmennt

### Fyrirkomulag

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tónmennt allan veturinn. Nemendur í 1.-4. bekk eru saman.

### Áherslupættir og kennsluhættir

Eitt af viðfangsefnum tónmenntakennslu er skv. aðalnámskrá grunnskóla að „vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið“ (Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, s. 28).

Í tónmennt verður lögð áhersla á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur læra um frum- og efnispætti tónlistarinnar. Nemendur læra nokkur grunnhugtök tónlistarinnar til þess að geta fjallað um tónlist og sett hana í sögulegt og félagslegt samhengi. Síðast en ekki síst munu nemendur hlusta á og flytja tónlist.

Nemandi á að

- þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- þekkja mismunandi notkun hljóðfæra
- þekkja algengustu samspilshópa
- þekkja nokkur tónverk og höfunda þeirra
- sýna með hreyfingu að hann skynji frum- og efnispætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, hraðabreytingar o.s.frv.
- geta beitt hugmyndaflugi sínu til þess að túlka eigin upplifun með dansi eða hreyfingu
- geta dansað hefðbundna hreyfileiki

### Námsmat

Nemandi þarf að geta túlkað tónlist með ýmsu móti, skynjað hana, greint og metið. Lagt er mat á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöður verkefna.

## Kennari

Jóhanna Thorsteinson

## Upplýsingatækni

### Áhersluþættir

Kennslueiningin í upplýsingatækni samanstendur af nemendum úr 1. og 2. bekk. Áhersla er lögð á að nemendur læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu um leið og þau nota hin ýmsu kennsluforrit í ólíkum námsgreinum. M.a. kynnast nemendur grunnatriðum í fingrasetningu. Mest er notað af vefefni af vef Námsgagnastofnunnar þar sem það tengist beint viðfangsefnum og námsefni nemenda. Mikilvægt er að nemendur líti á tölvur sem verkfæri við vinnu sína í stað þess að tengja þær eingöngu við leiki og afþreyingu. Umgengni á skólasafni og nýting þess er kynnt og reynt er að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri ólíkra bóka

### Kennari

Ragna Björnsdóttir

## Útinám

### Áhersluþættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Allt yngsta stigið myndar kennslueiningu í þessum tveimur kennslustundum. Þær eru fastar í stundatöflu nemenda í 1.- 4. bekkja á fimmtudögum. Þetta er nýbreytni í stundatöflu þetta árið því áður hefur útinám ekki verið bundið ákveðnum dögum eða kennslustundum í grunnskóladeild Kerhólsskóla. Það skal tekið fram að þetta eru alls ekki einu kennslustundirnar þar sem útinám er stundað á yngsta stiginu, þær eru margar fleiri, en þessar kennslustundir eru einvörðungu nýttar til útináms.

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta ótal námsgreinar. Til að mynda; náttúrufræði og umhverfismennt, samfélagsfræði, lífsleikni, stærðfræði, íslensku, íþróttir, tungumál og svo mætti áfram telja.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og veðurfar. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærni þættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterk og góð viðhorf til náttúruverndar og virðingar fyrir umhverfinu, hollrar útivistar og hreyfingar.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og leystar þrautir, bæði úti og inni í skólastofu. Meðal annarra eru notaðar kennsluáðferðirnar Einn, fleiri, allir og Söguáðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í Upplifunarbók, vinnubækur eða myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggsjaldna, hugarkorta, bæklinga, teikninga,

leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, með söng, upplestri eða frásögnum.

Stuðst er við viðfangsefni úr bókaflokknum Komdu og skoðaðu, verkefnaöppuna Náttúruverkefni, námsefnið Græðlingur, Tölur og tölfræði og fjöldan allan af handbókum og námsefni nemenda í lífsleikni, íslensku og stærðfræði. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennarar**

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

### **3. bekkur**

#### **Dans**

##### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá danskennslu í íþróttatímum. Danskennslan verður tekin í lotum og má áætla að nemendur fái að jafnaði 20 mínútur á viku í danskennslu yfir veturinn sem samsvarar 1 kennslustund á viku, hálfan veturinn.

Þá verða kenndir samkvæmisdansar. Nemendur í 1. – 4. bekk eru saman í tíma, 15 nemendur eru saman í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum almenna kurteisi, að sýna hvort öðru virðingu og tillitsemi og að sjálfögðu alla helstu barnadansana. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér að hlusta á tónlist og finna hvaða dans passar við og fari eftir fyrirmælum. Kenndir verða ákveðnir dansar sem eru undanfari flóknari útgáfa og þurfa nemendur að hafa þjálfast nokkuð vel til að geta lært framhaldið.

##### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er með sýnikennslu í hverjum og einum dansi, einnig verða námsleikir, verklegar æfingar, tónlist, söngur, dans, hreyfing, samvinnunám og fleiri aðferðir. Nemendur gera eftir bestu getu en ef þörf er á, er einstaklingskennsla. Dansarnir miða við aldur nemenda og þroska. Þau vinna alltaf tvö og tvö saman, stelpa og strákur og stundum tvö af sama kyni. Kennslugögn eru geisladiskar með tónlist sem hæfir hverjum dansi fyrir sig.

##### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara, námsmatið er blandað við námsmat íþróttá. Hvernig nemandi tileinkar sér hvern dans, athygli, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, hegðun og að lokum framfarir.

##### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

#### **Enska**

##### **Áherslupættir**

Enskukennslan fer fram í einni kennslustund á viku auk þess sem einföld verkefni eru lögð fyrir í stöðvavinnu eftir því sem tækifæri gefast. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 3. og 4. bekk. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins þar sem nemendur upplifa námið sem skemmtilega viðbót við skólastarfið. Mikilvægt er því að þeir finni löngun til þess að prófa sig áfram en jafnframt til öryggis og átti sig á því að það er eðlilegt að skilja ekki allt og gera villur. Kennari reynir að tala sem allra mest ensku í kennslustundum og fá nemendur til þess að svara á ensku. Að sjálfögðu er allt útskýrt á íslensku. Hlustun og munnleg tjáning í gegnum samskipti, söng og samskiptaleiki eru megin viðfangsefni. Þannig fá nemendur tilfinningu fyrir

framburði, hrynjandi og áherslum. Viðfangsefni tengjast nánasta umhverfi og áhugasviði nemenda.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Leikir, söngvar, leikræn tjáning, þulur, samtöl og myndir er meðal þess sem notað er við kennsluna. Einnig er stuðst við námsefnið – Let's Go 1 því fylgir einföld vinnubók og Enska með gátum og skrýtlum. Auk þess sem verkefni eru notuð af Skólavefnum.

### **Námsmat**

Formlegt námsmat fer ekki fram á þessu stigi enskukennslunnar. Í lok skólaársins gefur kennari nemendum umsögn um ástundun, virkni og viðhorf. Kennari fylgist þó með framförum og færni einstaklingsins til þess að nálgast viðfangsefnið og leggur sig fram við að hvetja hann og hrósa honum á leið sinni í átt að settum markmiðum sem taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Heimilisfræði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í heimilisfræði eina önn. Fyrir áramót eru 2. og 4. bekkur í heimilisfræði og eftir áramót verða 1. og 3. bekkur í heimilisfræði.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í heimilisfræði fyrstu árin eru að nemendur læri á eldhúsáhöld, læri um hreinlæti í eldhúsi og hvernig þeir geta hjálpað til við eldhússtörf. Aðallega verður kennt úti og notast er við prímusu, gashellu, grill og eldstæði með opnum eldi og flottu nýju útipottarnir okkar notaðir. Einnig verður kennt inni þegar viðrar illa. Skrifleg verkefni eru oftast unnin inni.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnun.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan að á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni var bakað brauð af kennurum.

*Að ferð lokinni* – Nemendur baka samskonar brauð og gert var í Þingvallaferðinni.

## **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin

## **Kennari**

Hólfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## **Hönnun og smíði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina klukkustund á viku í hönnun og smíði allan veturinn. Nemendur í 1. og 3. bekk er blandað saman og nemendur í 2. og 4. bekk eru saman. 7 – 8 nemendur eru saman í smíðahóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að ganga vel um vinnusvæði sitt og gæta fyllsta öryggis. Vinnusvæðið er fyrst og fremst smíðastofan en einnig er unnið úti í náttúrunni og efniviður sóttur þáðan. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu.

Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þjálfa ákveðnar vinnuáferðir sem þeir eiga að kynna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er stundum með stuttar innlagnir fyrir allan hópinn en meira er þó um einstaklingskennslu. Verkefni nemenda miðast við aldur þeirra og þroska. Þeir vinna einir að sínum verkefnum en einnig vinna þeir saman og leita sameiginlegra lausna á því sem þeir eru að búa til. Þeir nota ýmskonar efnivið í verkefni sín, s.s. tré, leður og plast. Nemendur fara í gegnum ákveðið skapandi ferli á leið sinni frá hugmynd að fullsköpuðu verki. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og að nemendur noti sem minnst tilbúna fyrirmyndir. En að sjálfsgöðu er einnig stuðst við ýmsar bækur og ljósmyndir og verkefnabanka sem heitir; Verkefnamappan; Hönnun og smíði fyrir 1. – 4. bekk. Einnig er stuðst við bókina Smíði eftir Árna Arnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson. Nemendur safna vinnuteikningum og verkefnum í möppu sem þeir hafa smíðað sjálfir. Möppuna geyma þeir í skólanum og þannig safnast í hana nokkurra ára gagnasafn.

## **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti:

Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin.

## **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## Íslenska

### Áhersluþættir

Íslenska er kennd í samræmi við markmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir yngsta stig en íslenskukennsla er þess eðlis að hún er samofin öðrum námsgreinum og eðlilegt að hún sé samþætt þeim þar sem við á. Þættir svo sem munnleg tjáning, framsögn og hlustun, aukning orðaforða og málnotkun má nefna sérstaklega í tengslum við samþættingu. Megin viðfangsefni íslenskukennslunnar á þessu stigi eru talað mál, hlustun, lestur, skrift og ritun en þættir eins og bókmenntir, ljóð og málfræði fara að verða fyrirferðar meiri í 3. bekk.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennslueiningin sem 3. bekk er kennd í íslensku getur verið samsett á ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. - 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru bekkurinn einn í hópastarfi eða einstaklingsvinnu. Nemendur æfa lestur, upphátt og í hljóði. Þjálfuð er framsögn og lesinn samlestur. Bókasafnið er heimsótt og áhersla er lögð á frjálstan lestur og gerð hugarkorta. Nemendur lesa ólíka texta og vinna með í anda gagnvirks lesturs. Í þeirri kennsluaðferð er byggt á lestri, endursögn, samantekt texta og spurningagerð til þess að nemendur tileinki sér aukinn orðaforða, hugtakaskilning og lesskilning. Nemendur syngja ljóð, skrifa upp ljóð og myndskreyta. Rímuð og órímuð ljóð eru kynnt og nemendur hvattir til að semja ljóð og lesa upphátt. Hljóðvitund, rétritun, máltilfinning og málfræði tengjast saman og eru þjálfuð með einstaklings og hópavinnu ýmist með eða án innlagna. Bæði í verkefnum frá kennara og í vinnubókum. Einnig í gegnum orðaspil, krossgátur, rím, endursagnir og ýmsa orðaleiki. Skrift og ritun er þjálfuð m.a. með forskrift bæði heima og í skólanum. Nemendur skrifa upp orðréttan texta, skrifa sóknarskrift og semja stuttar sögur og frásagnir og flytja fyrir aðra.

Við íslenskukennsluna er stuðst við bókaflokka svo sem Ritrúnir, Við lesum, Lesum saman, Léttlestrarbækur, Ljóðsprotta, Ás-Tvistur-Þristur, Skrift og Góður-betri-bestur(skriftarefni). Ýmsar handbækur eru notaðar af kennara, litlar stílabækur, orðasöfn og ljósritað efni frá kennara eða af Skólavef. Tölvuforrit og gagnvirkt efni frá Námsgagnastofnun er einng notað markvisst við kennslu í íslensku sem og hljóddiskar með sögum og tónlist.

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um íslensku.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Nemendur unnu hugarkort, skoðuðu fræðibækur um Þingvelli, sögðu frá þeim kynnum sem þeir höfðu af Þjóðgarðinum og hlustuðu á samnemendur og kennara segja frá.

*Á meðan á ferð stóð* - Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í upprætti og skrá inn á heiti staða og náttúrufræðibæra. Ort voru upplifunarljóð í hópastarfi, búnar til spurningar og tekin viðtöl á fjölmiðlastöð.

*Að ferð lokinni* – Unnin hafa verið ritunarverkefni, s.s. rannsóknarbók, bekkjarsaga. Framsögn hefur verið þjálfuð í kynningum á hugarkortum og upplifunum. Fyrirhugað er að vinna lestrarverkefni í anda gagnvirkislesturs þar sem unnið verður með fræðitexta, þjóðsögur og ljóð sem tengjast Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Verkefni í vinnubókum eru metin jafnóðum og þeim er lokið og það sama gildir um önnur verkefni á skólaárinu. Horft er til lestrarframvindu um leið og nemendur eru lestrarprófaðir reglulega. Einnig er lagt fyrir lesskilningspróf, framsagnarpróf og stuttar málfræðikannanir. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Íþróttir-, líkams- og heilsurækt**

### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 3. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Tvo 60. mín tíma þar sem 1.-4. bekkur eru saman Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 3. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennnd er samkennsla með 4. bekk. Kennslan fer að mestu leyti fram í útilauginni en stundum er vaðlaugin nýtt í æfingar.

### **Áhersluþættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 3. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, líkamsheiti, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningasklefa.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 3. bekkjar í leikfimi og 3. sundstiginu í sundi.

### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttahöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Námsmat:**

Námsmat í 3. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Þrepamarkmið 3. bekkjar**

Hlaupa í 7 mín. á rólegum hraða.

700 m hlaup. (tími).

Snúningur og jafnvægisstaða á öðrum fæti á slá (lyfta fæti 90°). (tækni).

Hoppa zikk zakk milli 8 hringja. (tækni)

Kollhnís fram og aftur. (tækni)

Hliðastökk yfir bekk eða kistu. (tækni)

Hoppa af bretti upp á kistu og niður á dýnu. (tækni)

Armginga í 8m á teppaflís. (tækni)

Sippa á mism. hátt (hægri/vinstri, jafnfætis). (tækni)

Rekja bolta á hlaupum og kasta í mark.

Langstökk án atr. (tækni og lengd)

60m spretthlaup. (hraði)

### **Sundstig 3**

12m bringusund.

12m skólabaksund, með eða án hjálpartækja.

8m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og armar teygðir fram.

6m baksund, með eða án hjálpartækja.

Kafað eftir hlut á 1-1,5 m dýpi.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin og er meiri áhersla lögð á greinina á annarri og þriðju önn heldur en þeirri fyrstu. Yfirleitt mynda 3. – 4. bekkur hóp en stundum er öll samkennslueiningin saman, þ.e.a.s. 1. – 4. bekkur. Námsefnið er samþætt við fög eins og íslensku, samfélagsfræði og myndmennt. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Fyrir jól og páska er farið yfir helstu hátíðisdaga í kristinni trú og atburði þeim tengdum.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt. Ýmist verður unnið í hópum eða sjálfstætt. Gagnvirkur lestur og samlestur eru einnig aðferðir sem koma mikið við sögu. Stuðst verður við kennsluefnið Birtan, valdir kaflar úr Stjörnunni s.s. jól, páskar og klípusögur. Einnig verður lesið Trúarbrögðin okkar þar sem nemendur kynnast fimm trúarbrögðum: búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómur.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Myndmennt**

### **Fyrirkomulag og áhersluþættir**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í myndmennt allan veturinn. Nemendum í 2. og 4. bekk er kennt saman.

Vinna nemenda fer aðallega fram á tveimur svæðum. Annars vegar í kennslustofunni Holti (mynd- og textílmenntastofan á 2. hæð í Félagsheimilinu) og hins vegar á útinámssvæði skólans.

Áhersla er lögð á að nemendur læri að ganga vel um vinnusvæði sín og að gæta fyllsta öryggis.

Áherslur og verkefnaval taka mið af markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Meginmarkmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Megináhersla í myndmennt fyrstu árin er að kynna fyrir nemendum ýmis konar tæki og mismunandi tækni greinarinnar. Nemendur fá að handleika sem flestar tegundir efna og áhalda í vinnu sinni.

Viðfangsefni eru verkefni sem tengjast markmiðum Aðalnámskrár sem og áhugasviði hvers og eins nemanda þar sem sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. Unnið er m.a. með grunnformin, grunnliti og blöndun lita.

Nemendur vinna bæði einir að viðfangsefnum sem og í minni hópum. Á útinámssvæði skólans er unnið með nánasta umhverfi nemandans, upplifanir hans og ímyndun.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* - Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni voru teiknaðar leiðir sem krakkarnir gengu og fleirra sem sást á leiðinni.

*Að ferð lokinni* – Klippimynd gerð og Þingvellir hafðir í huga. Náttúran teiknuð, Almannagjá eða annað sem þau sáu á Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat í myndmennt byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum en ekki hópsins.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Lífsleikni**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin samanstendur aðallega af nemendur í 3. og 4. bekk en stundum er öll kennslueiningin saman 1. – 4. bekkur. Lífsleikni fléttast inn í allar aðrar námsgreinar, þó sérstaklega greinar eins og íslensku, samfélagsfræði og kristinfræði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Einnig verður stuðlað að auknu tilfinningalæsi nemenda hjá sjálfum sér og öðrum til þess að þeir geti m.a. tekið tillit til viðhorfa og skoðanna annarra. Unnið verður að því að auka virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og að fara eftir einföldum reglum hvort heldur sem er í samskiptum eða umferðinni. Slysavarnir almennt verða teknar fyrir.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt, vettvangsferðir, útinám, hópastarf og margskonar verkefni. Stuðst verður við kennslufnið Spor og Góða ferð.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og ræddu við nemendur um það hvað þyrfti að hafa í huga fyrir ferðalög sem þessi og hvernig væri best að útbúa sig. Reynt var að virkja nemendur til þátttöku í gerð gátlista sem gott væri að setja niður á blað fyrir ferðina. Einnig var fjallað um það hvernig æskilegast væri að haga sér í svona ferðalagi og hvernig umgengnis- og samskiptareglur giltu í ferðalögum og þá kannski sér í lagi ferðalögum í þjóðgarð.

*Á meðan á ferð stóð* – Öll ferðin í heild sinni var eins og ein stór kennslustund í samskipta- og félagsfærniþáttum. Hvort heldur sem verið var á göngu, í skipulögðu hópastarfi, í leikjum, matartímum eða á kvöldvöku, þar sem farið var í leiki og sunginn fjöldasöngur.

*Að ferð lokinni* – Farið var yfir hvernig það gekk að útbúa sig í ferðalagið, hvernig samskiptum var háttað, hvers þau nutu helst og hvað mætti betur fara í næstu ferð.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### **Kennari:**

Alice Petersen

## **Samfélagsfræði og náttúrufræði**

### **Áherslupættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Nemendur í 3. og 4. bekk eru í samkenndu. Kennslan í þessum fögum er oft samþætt íslensku, stærðfræði, upplýsingatækni, list- og verkgreinum. Viðfangsefni í samfélags- og náttúrufræði eru af ýmsum toga og skarast iðulega. Því var ákveðið að vinna að þessum námsgreinum í sameiginlegum lotum. Unnið er út frá

einstaklingnum og umhverfi hans. Nemendur kynna mikilvægi náttúruverndar og því sem þeir geta gert til þess að stuðla að bættu umhverfi m.a. með því að flokka sorp og endurnýta hráefni. Mikilvægt er að þeir öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Einnig að þeir átti sig á að allt umhverfið og náttúra er háð hvort öðru, hvergi er í raun upphaf né endir frekar en í hringforminu. Lítið verður inn í íslensk eldhús í nútíð og fortíð. Og að lokum verður himingeimurinn skoðaður og nemendur fá innsýn í sólkerfið og reikistjörnurnar, m.a. hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður eða unnin verkefni. Meðal annars er unnið út frá Söguaðferðinni, farið í vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í vinnubækur og myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, m.a. með söng, upplestri og leikritum.

Stuðst er við bókaflokkinn Komdu og skoðaðu. Unnið verður með hringrásir, eldhúsið og himingeiminn. Nemendur kynna nokkrum hringrásum í náttúrunni, m.a. hringrás vatnsins þar sem þeir útbúa líkan. Kynnt verða tengsl vísinda við daglegt líf með því að skoða eldhúsið með augum vísindamannsins. Þar verða gerðar hinar ýmsu eðlis- og efnafræðitilraunir með hjálp tækja og tóla sem þar finnast. Ennfremur verður himingeimurinn skoðaður og sólkerfi búið til í skólastofunni ásamt því að skoða tungl og stjörnur.

Einnig verður rætt um mikilvægi þess að flokka sorp og í verkefnum verður lögð áhersla á að endurnýta og endurvinna hluti. Þar verður stuðst við bókina um Fróðólf og Freyju á ferðalagi sem útgefið er af Sorpu.

Einnig verður stuðst við kennsluefni af vef og myndbönd og hljóddiska.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok hverrar annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

### **Stærðfræði**

#### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig.

Kennslueiningin sem 3. bekk er kennd í stærðfræði getur verið samsett á ólíka vegu.

Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. - 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum er bekkurinn einn í hópastarfi eða einstaklingsvinnu. Unnið er að því að auka skilning nemenda á stærri tölum og talnagildum og að læra stærðfræðilegu hugtökin minna en, jafnt og, meira en og tákinn fyrir þau. Nemendur eru þjálfaðir í því að leysa opnar yrðingar og að leggja saman einingar, tugi og hundruð með því að geyma. Unnið er með sömu stærðir í frádrætti og þar þjálfað að taka til láns. Nemendur eru þjálfaðir í einföldum hugarreikningi og þeir læra að þekkja muninn á sléttum tölum og oddatölum. Nemendur kynnast margföldunartöflunum og læra töflurnar frá 1 – 10 og þeir læra deilingu sem felst í jafnri skiptingu. Nemendur þjálfast í að beita stærðfræði í sínu daglega lífi og nota til þess m.a. kennslupeninga, margvísleg mælitæki, læra á klukku og æfast í að leysa einfaldar stærðfræðiprautir. Nemendur vinna jafnframt stærðfræðiverkefni í útinámi, s.s. munstur, form, stærðir og talnarunur. Einnig vinna nemendur stærðfræðiverkefni í áttahagafræði tengd vinnu með Komdu og skoðaðu Landakort, s.s. réttisælís, rangsælís, áttir og hnitakerfi. Unnið er með grunnatriði í flatarmáli og ummál og nemendur fá þjálfun í að nota vasareikni.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur vinna sjálfstætt eftir því sem við á í stærðfræðibækur eins og Einingu, Línuna, Sprotu, Stefnum á margföldun, Húrrahefti, Viltu reyna, Verkefni fyrir vasareikni og Í undirdjúpunum. Unnið er sjálfstætt eða í hópum við þrautalausnir og stærðfræðitengd spil. Verkleig vinna svo sem flokkun, ýmiskonar samanburður og mælingar í nánasta umhverfi nemenda er unnin í hópum. Unnið er með vasareikna og einnig er unnið með kennslupeninga í tengslum við talnahús.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar, hitastigsmælingar, rúmmáls mælingar með ólíkum mæliglögum. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti.

*Að ferð lokinni* – Nemendur hafa unnið með rötun og áttir í nánasta umhverfi skólans. Einnig hafa verið gerð form og munstur í útinámi. Nemendur teiknuðu sjálfa sig í hlutföllum 1:10, 1:20 og 1:50 og hendina sína í hlutfallinu 1:1. Landakort voru skoðuð og mismunandi hlutföll rædd.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og

vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Kannanir eru gerðar þar sem metin er staða hvers einstaklings út frá því efnisþáttum sem hann hefur farið í gegnum. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Textílmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina 60 mínútna kennslustund á viku í textílmennt allan veturinn. Nemendur í 1. og 3. bekk eru saman í tíma og nemendur í 2. og 4. bekk eru saman í tíma.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í textílmennt fyrstu árin er að nemendur þjálfist í að klippa og sauma einföld útsaumsspor.

Viðfangsefnin eru tengd áhugasviði hvers nemanda og reynt er að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Nemendur vinni verkefni með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Mikil áhersla er lögð á umhirðu og góða umgengni í textílmenntastofunni og að nemendur nýti efnið vel sem unnið er með hverju sinni.

### **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefnin sjálf eru metin.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## **Tónmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tónmennt allan veturinn. Nemendur í 1.-4. bekk eru saman.

### **Áhersluþættir og kennsluhættir**

Eitt af viðfangsefnum tónmenntakennslu er skv. aðalnámskrá grunnskóla að „vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið“ (Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, s. 28).

Í tónmennt verður lögð áhersla á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur læra um frum- og

efnisþætti tónlistarinnar. Nemendur læra nokkur grunnhugtök tónlistarinnar til þess að geta fjallað um tónlist og sett hana í sögulegt og félagslegt samhengi. Síðast en ekki síst munu nemendur hlusta og flytja tónlist.

Nemandi á að

- þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- þekkja mismunandi notkun hljóðfæra
- þekkja algengustu samspilshópa
- þekkja nokkur tónverk og höfunda þeirra
- sýna með hreyfingu að hann skynji frum- og efnisþætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, hraðabreytingar o.s.frv.
- geta beitt hugmyndaflugi sínu til þess að túlka eigin upplifun með dansi eða hreyfingu
- geta dansað hefðbundna hreyfileiki

### Námsmat

Nemandi þarf að geta túlkað tónlist með ýmsu móti, skynjað hana, greint og metið. Lagt er mat á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöður verkefna.

### Kennari

Jóhanna Thorsteinson

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Áhersluþættir

Kennslueiningin samanstendur aðallega af nemendum í 3. og 4. bekk en stundum er kennslueiningin 1.- 4. bekkur í bókasafnstíma. Áhersla er lögð á að nemendur læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu um leið og þau nota hin ýmsu kennsluforrit í ólíkum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur líti á tölvur sem verkfæri við vinnu sína í stað þess að tengja þær eingöngu við leiki og afþreyingu. Umgengni á skólasafni og nýting þess er kennd og reynt er að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri ólíkra bóka.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Nemendum er kynnt hvernig á að bera sig eftir upplýsingum á bókasafni og í bókum. Kynnt verður hvernig þeir geta unnið með sinn eigin texta í ritvinnsluforriti, og leitað á veraldarvefnum með hjálp mismunandi leitarvéla.

Námsefnið sem stuðst er við heitir Á músarslóð 2 og gagnvirkt efni á

[www.namsgagnastofnun.is](http://www.namsgagnastofnun.is)

### Námsmat

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa. Einnig verður fylgst með því hvernig nemendum tekst að tileinka sér tölvur sem vinnutæki fremur en að líta á þær sem eingöngu leiktæki.

## Kennarar

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

## Útinám

### Áhersluþættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Allt yngsta stigið myndar kennslueiningu í þessum tveimur kennslustundum. Þær eru fastar í stundatöflu nemenda í 1.- 4. bekkjar á fimmtudögum. Þetta er nýbreytni í stundatöflu þetta árið því áður hefur útinám ekki verið bundið ákveðnum dögum eða kennslustundum í grunnskóladeild Kerhólsskóla. Það skal tekið fram að þetta eru alls ekki einu kennslustundirnar þar sem útinám er stundað á yngsta stiginu, þær eru margar fleiri, en þessar kennslustundir eru einvörðungu nýttar til útináms.

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta ótal námsgreinar. Til að mynda; náttúrufræði og umhverfismennt, samfélagsfræði, lífsleikni, stærðfræði, íslensku, íþróttir, tungumál og svo mætti áfram telja.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruaflanna á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og veðurfar. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærni þættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterk og góð viðhorf til náttúruverndar og virðingar fyrir umhverfinu, hollrar útivistar og hreyfingar.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og leystar þrautir, bæði úti og inni í skólastofu. Meðal annarra eru notaðar kennsluáðferðirnar Einn, fleiri, allir og Söguáðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í Upplifunarbók, vinnubækur eða myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, með söng, upplestri eða frásögnum.

Stuðst er við viðfangsefni úr bókaflokknum Komdu og skoðaðu, verkefnamöppuna Náttúruverkefni, námsefnið Græðlingur, Tölur og tölfræði og fjöldan allan af handbókum og námsefni nemenda í lífsleikni, íslensku og stærðfræði. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka.

### Námsmat

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar

saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

**Kennarar**

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

## 4. bekkur

### Dans

#### Fyrirkomulag

Nemendur fá danskennslu í íþróttatímum. Danskennslan verður tekin í lotum og má áætla að nemendur fái að jafnaði 20 mínútur viku, í danskennslu yfir veturinn sem samsvarar 1 kennslustund á viku, hálfan veturinn.

Þá verða kenndir samkvæmisdansar. Nemendur í 1. – 4. bekk eru saman í tíma, 15 nemendur eru saman í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum almenna kurteisi, að sýna hvort öðru virðingu og tillitsemi og að sjálfögðu alla helstu barnadansana. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér að hlusta á tónlist og finna hvaða dans passar við og fari eftir fyrirmælum. Kenndir verða ákveðnir dansar sem eru undanfari flóknari útgáfa og þurfa nemendur að hafa þjálfast nokkuð vel til að geta lært framhaldið.

#### Kennslugögn og kennsluhættir

Kennari er með sýnikennslu í hverjum og einum dansi, einnig verða námsleikir, verklegar æfingar, tónlist, söngur, dans, hreyfing, samvinnunám og fleiri aðferðir. Nemendur gera eftir bestu getu en ef þörf er á, er einstaklingskennsla. Dansarnir miða við aldur nemenda og þroska. Þau vinna alltaf tvö og tvö saman, stelpa og strákur og stundum tvö af sama kyni. Kennslugögn eru geisladiskar með tónlist sem hæfir hverjum dansi fyrir sig.

#### Námsmat

Námsmatið byggir á símati kennara, námsmatið er blandað við námsmat íþróttá. Hvernig nemandi tileinkar sér hvern dans, athygli, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, hegðun og að lokum framfarir.

#### Kennari

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

### Enska

#### Áherslupættir

Enskukennslan fer fram í einni kennslustund á viku auk þess sem einföld verkefni eru lögð fyrir í stöðvavinnu eftir því sem tækifæri gefast. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 3. og 4. bekk. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins þar sem nemendur upplifa námið sem skemmtilega viðbót við skólastarfið. Mikilvægt er því að þeir finni löngun til þess að prófa sig áfram en jafnframt til öryggis og átti sig á því að það er eðlilegt að skilja ekki allt og gera villur. Kennari reynir að tala sem allra mest ensku í kennslustundum og fá nemendur til þess að svara á ensku. Að sjálfögðu er allt útskýrt á íslensku. Hlustun og munnleg tjáning í gegnum samskipti, söng og samskiptaleiki eru megin viðfangsefni. Þannig fá nemendur tilfinningu fyrir

framburði, hrynjandi og áherslum. Viðfangsefni tengjast nánasta umhverfi og áhugasviði nemenda.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Leikir, söngvar, leikræn tjáning, þulur, samtöl og myndir er meðal þess sem notað er við kennsluna. Einnig er stuðst við námsefnið Right on! Let's sing and play. Því fylgir einföld vinnubók auk þess sem verkefni eru notuð af Skólavefnum.

### **Námsmat**

Formlegt námsmat fer ekki fram á þessu stigi enskukennslunnar. Í lok skólaársins gefur kennari nemendum umsögn um ástundun, virkni og viðhorf. Kennari fylgist þó með framförum og færni einstaklingsins til þess að nálgast viðfangsefnið og leggur sig fram við að hvetja hann og hrósa honum á leið sinni í átt að settum markmiðum sem taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Heimilisfræði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í heimilisfræði eina önn. Fyrir áramót eru 2. og 4. bekkur í heimilisfræði og eftir áramót verða 1. og 3. bekkur í heimilisfræði.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í heimilisfræði fyrstu árin eru að nemendur læri á eldhúsáhöld, læri um hreinlæti í eldhúsi og hvernig þeir geta hjálpað til við eldhússtörf. Aðallega verður kennt úti og notast er við prímusa, gashellu, grill og eldstæði með opnum eldi og flottu nýju pottana okkar. Einnig verður kennt inni þegar veðrar illa, og verða verkefni gerð inni.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnun.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan að á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni var brauð bakað af kennurum.

*Að ferð lokinni* – Nemendur baka samskonar brauð og gert var í Þingvallaferðinni.

## **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin

## **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## **Hönnun og smíði**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina klukkustund á viku í hönnun og smíði allan veturinn. Nemendur í 2. og 4. bekk er blandað saman. 9 nemendur eru saman í smíðahóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að ganga vel um vinnusvæði sitt og gæta fyllsta öryggis. Vinnusvæðið er fyrst og fremst smíðastofan en einnig er unnið úti í náttúrunni og náð í efnivið þangað. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu. Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þjálfa ákveðnar vinnuáðferðir sem þeir eiga að kynna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er stundum með stuttar innlagnir fyrir allan hópinn en meira er þó um einstaklingskennslu. Verkefni nemenda miðast við aldur þeirra og þroska. Þeir vinna einir að sínum verkefnum en einnig vinna þeir saman og leita sameiginlegra lausna á því sem þeir eru að búa til. Þeir nota ýmiskonar efnivið í verkefni sín, s.s. tré, leður og plast. Nemendur fara í gegnum ákveðið skapandi ferli á leið sinni frá hugmynd að fullsköpuðu verki. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og að nemendur noti sem minnst tilbúnar fyrirmyndir. En að sjálfsgöðu er einnig stuðst við ýmsar bækur og ljósmyndir og verkefnabanka sem heitir; Verkefnamappan; Hönnun og smíði fyrir 1. – 4. bekk. Einnig er stuðst við bókina Smíði eftir Árna Arnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson. Nemendur safna vinnuteikningum og verkefnum í möppu sem þeir hafa smíðað sjálfir. Möppuna geyma þeir í skólanum og þannig safnast í hana nokkurra ára gagnasafn.

## **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin.

## **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## Íslenska

### Áherslupættir

Íslenska er kennd í samræmi við markmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir yngsta stig en íslenskukennsla er þess eðlis að hún er samofin öðrum námsgreinum og eðlilegt að hún sé samþætt þeim þar sem við á. Þættir svo sem munnleg tjáning, framsögn og hlustun, aukning orðaforða og málnotkun má nefna sérstaklega í tengslum við samþættingu. Megin viðfangsefni íslenskukennslunnar á þessu stigi eru talað mál, hlustun, lestur, skrift og ritun en þættir eins og bókmenntir, ljóð og málfræði fara að fá aukið vægi í 4. bekk.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennslueiningin sem 4. bekk er kennd í íslensku getur verið samsett á ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. - 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Oft er árgangurinn einn í hópastarfi eða einstaklingsvinnu. Nemendur æfa lestur, upphátt og í hljóði. Þjálfuð er framsögn og lesinn samlestur. Bókasafnið er heimsótt og áhersla er lögð á frjálsan lestur. Nemendur lesa ólíka texta og vinna með í anda gagnvirkis lesturs. Í þeirri kennsluáferð er byggt á lestri, endursögn, samantekt texta og spurningagerð til þess að nemendur tileinki sér aukinn orðaforða, hugtakaskilning og lesskilning. Nemendur syngja ljóð, skrifa upp ljóð og myndskreyta. Rímuð og órímuð ljóð eru kynnt og nemendur hvattir til að semja ljóð og lesa upphátt. Hljóðvitund, réttitun, máltilfinning og málfræði tengjast saman og eru þjálfuð með einstaklings og hópavinnu ýmist með eða án innlagna. Bæði í verkefnum frá kennara og í vinnubókum. Einnig í gegnum orðaspil, krossgátur, rím, endursagnir og ýmsa orðaleiki. Skrift og ritun er þjálfuð m.a. með forskrift bæði heima og í skólanum. Nemendur skrifa upp orðréttan texta, skrifa sóknarskrift og semja stuttar sögur og frásagnir og flytja fyrir aðra.

Við íslenskukennsluna er stuðst við bókaflokka svo sem Skinna, Ritrúnir, Við lesum, Lesum saman, Léttlestrarbækur, Ljóðsprotta, Ás-Tvistur-Þristur, Skrift og Góður-betri-bestur(skriftarefni). Ýmsar handbækur eru notaðar af kennara, litlar stílabækur, orðasöfn og ljósritað efni frá kennara eða af Skólavef. Tölvuforrit og gagnvirk efni frá Námsgagnastofnun er einng notað markvisst við kennslu í íslensku sem og hljóddiskar með sögum og tónlist.

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan að á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um íslensku.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Nemendur unnu hugarkort, skoðuðu fræðibækur um Þingvelli, sögðu frá þeim kynnum sem þeir höfðu af Þjóðgarðinum og hlustuðu á samnemendur og kennara segja frá.

*Á meðan á ferð stóð* - Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í upprætti og skrá inn á heiti staða og náttúrufræðibæra. Ort voru upplifunarljóð í hópastarfi, búnar til spurningar og tekin viðtöl á fjölmiðlastöð.

*Að ferð lokinni* – Unnin hafa verið ritunarverkefni, s.s. rannsóknarbók, bekkjarsaga. Framsögn hefur verið þjálfuð í kynningum á hugarkortum og upplifunum. Fyrirhugað er að vinna lestrarverkefni í anda gagnvirks lesturs þar sem unnið verður með fræðitexta, þjóðsögur og ljóð sem tengjast Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Verkefni í vinnubókum eru metin jafnóðum og þeim er lokið og það sama gildir um önnur verkefni á skólaárinu. Horft er til lestrarframvindu um leið og nemendur eru lestrarprófaðir reglulega. Einnig er lagt fyrir lesskilningspróf, framsagnarpróf og stuttar málfræðikannanir. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Ragna Björnsdóttir

## **Íþróttir-, líkams- og heilsurækt**

### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 4. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Tvo 60 mín. tíma þar sem 1.-4. bekkur eru saman. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 4. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennslan er samkennsla með 3. bekk. Kennslan fer að mestu leyti fram í útilauginni en stundum er vaðlaugin nýtt í æfingar.

### **Áhersluþættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 4. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaprósinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, líkamsheiti, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningaklefa.

Pá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 4. bekkjar í leikfimi og 4. sundstiginu í sundi.

### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttaáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Prepamarkmið 4. bekkjar**

Hlaupa í 8 mín á rólegum hraða.

700 m hlaup. (tími)

Samsetning á gólfi: Jafnvægisstaða, flugvél, í réttstöðu, kollhnís áfram í réttstöðu. (tækni)

Höfuðstaða upp við vegg. (tækni)

Klifra afturábak í handstöðu við vegg eða rimla. (tækni)

Innanvert stökk af bretti yfir bogahest og lenda á dýnu. (tækni)

Sippa 20 x viðstöðulaust.

Rekja bolta á milli keilna, kasta í vegg og grípa. (tækni)

Körfuboltaknattrak milli keilna, skipta um hendi til að skýla bolta. (tækni)

Knattspyrnuknattrak milli keilna. (tækni)

Innanfótarsendingar (viðstöðulaust í vegg 3x). (tækni)

Hástökk með uppstökki á öðrum fæti. (tækni)

Langstökk án atr. (tækni og lengd)

60 m spretthlaup. (hraði)

### **Sundstig 4**

25m bringusund, still.

12m skólabaksund, still.

12m skriðsund með eða án hjálpartækja, still.

12m baksund með eða án hjálpartækja, still.

Stunga úr kropstöðu.

### **Námsmat:**

Námsmat í 4. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

### Áhersluþættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin og er meiri áhersla lögð á greinina á annarri og þriðju önn heldur en þeirri fyrstu. Yfirleitt mynda 3. – 4. bekkur hóp en stundum er öll samkennslueiningin saman, þ.e.a.s. 1. – 4. bekkur. Námsefnið er samþætt við fög eins og íslensku, samfélagsfræði og myndmennt. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Fyrir jól og páska er farið yfir helstu hátíðisdaga í kristinni trú og atburði þeim tengdum.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt. Ýmist verður unnið í hópum eða sjálfstætt. Gagnvirkur lestur og samlestur eru einnig aðferðir sem koma mikið við sögu. Stuðst verður við kennsluefnið Birtan, valdir kaflar úr Stjörnunni s.s. jól, páskar og klípusögur. Einnig verður lesið Trúarbrögðin okkar þar sem nemendur kynnast fimm trúarbrögðum: búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingadómur.

### Námsmat

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

### Kennari

Alice Petersen

## Lífsleikni

### Áhersluþættir

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin samanstendur aðallega af nemendum í 3. og 4. bekk en stundum er öll kennslueiningin saman 1. – 4. bekkur. Lífsleikni fléttast inn í allar aðrar námsgreinar, þó sérstaklega greinar eins og íslensku, samfélagsfræði og kristinfræði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, auka samskiptahæfni þeirra, sáttfýsi og samkennd. Einnig verður stuðlað að auknu tilfinningalæsi nemenda hjá sjálfum sér og öðrum til þess að þeir geti m.a. tekið tillit til viðhorfa og skoðanna annarra. Unnið verður að því að auka virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og að fara eftir einföldum reglum hvort heldur sem er í samskiptum eða umferðinni. Slysavarnir almennt verða teknar fyrir.

### Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir

Kennsla fer fram í gegnum umræður og leiki þar sem atburðir eru túlkaðir myndrænt og leikrænt, vettvangsferðir, útinám, hópastarf og margskonar verkefni. Stuðst verður við kennsluefnið Spor og Góða ferð.

## **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og ræddu við nemendur um um það hvað þyrfti að hafa í huga fyrir ferðalög sem þessi og hvernig væri best að útbúa sig. Reynt var að virkja nemendur til þátttöku í gerð gátlista sem gott væri að setja niður á blað fyrir ferðina. Einnig var fjallað um það hvernig æskilegast væri að haga sér í svona ferðalagi og hvernig umgengnis- og samskiptareglur giltu í ferðalögum og þá kannski sér í lagi ferðalögum í þjóðgarð.

*Á meðan á ferð stóð* – Öll ferðin í heild sinni var eins og ein stór kennslustund í samskipta- og félagsfærniþáttum. Hvort heldur sem verið var á göngu, í skipulögðu hópastarfi, í leikjum, matartímum eða á kvöldvöku, þar sem farið var í leiki og sunginn fjöldasöngur.

*Að ferð lokinni* – Farið var yfir hvernig það gekk að útbúa sig í ferðalagið, hvernig samskiptum var háttað, hvers þau nutu helst og hvað mætti betur fara í næstu ferð.

## **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

## **Lífsleikni**

Alice Petersen

## **Myndmennt**

### **Fyrirkomulag og áhersluþættir**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í myndmennt allan veturinn. Nemendum í 2. og 4. bekk er kennt saman.

Vinna nemenda fer aðallega fram á tveimur svæðum. Annars vegar í kennslustofunni Holti (mynd- og textílmenntastofan á 2. hæð í Félagsheimilinu) og hins vegar á útinámssvæði skólans.

Áhersla er lögð á að nemendur læri að ganga vel um vinnusvæði sín og að gæta fyllsta öryggis.

Áherslu og verkefnaval taka mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Meginmarkmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Megináhersla í myndmennt fyrstu árin er að kynna fyrir nemendum ýmis konar tæki og mismunandi tækni greinarinnar. Nemendur fá að handleika sem flestar tegundir efna og áhalda í vinnu sinni.

Viðfangsefni eru verkefni sem tengjast markmiðum Aðalnámsskrár sem og áhugasviði hvers og eins nemanda þar sem sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. Unnið er m.a. með grunnformin, grunnliti og blöndun lita.

Nemendur vinna bæði einir að viðfangsefnum sem og í minni hópum. Á útinámssvæði skólans er unnið með nánasta umhverfi nemandans, upplifanir hans og ímyndun.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

*Undirbúningur fyrir ferð* – Með hliðsjón af skólanámsskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni voru teiknaðar leiðir sem krakkarnir gengu og fleirra sem sást á leiðinni.

*Að ferð lokinni* – Klippimynd gerð og Þingvellir hafðir í huga. Náttúran teiknuð, Almannagjá eða annað sem þau sáu á Þingvöllum.

### **Námsmat**

Námsmat í myndmennt byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum en ekki hópsins.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Samfélagsfræði og náttúrufræði**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslan er lotubundin í tengslum við annaskil og í samkenntu með 4.bekk en stundum er öll samkenntueiningin saman (1.- 4. bekkur) sérstaklega þegar kemur að þáttum sem tengjast útinámi og grenndarkynningum. Kennslan í þessum fögum er oft samþætt íslensku, stærðfræði, upplýsingatækni, list- og verkgreinum.

Viðfangsefni í samfélags- og náttúrufræði eru af ýmsum toga og skarast iðulega. Því var ákveðið að vinna að þessum námsgreinum í sameiginlegum lotum. Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Nemendur þjálfast í að átta sig á umhverfi sínu, lesa landakort, mæla vegalengdir og kynnst aðferðum til að rata og vísa til vegar. Kynnt verða tengsl við daglegt líf með því að skoða kort í nágrenni skólans og heimili nemenda. Kynnt verður fyrir nemendum hvaða lífverur landnámsmenn komu með til landsins, hvar land var numið og af hverju. Nemendur læri um mikilvægi náttúrunnar og fái þjálfun í að setja sig inn í aðstæður fólks og lifnaðarhætti áður fyrr. Einnig verður unnið með sögu mannkyns þar sem nemendur kynnst tímatali, mismunandi menningarsvæðum í heiminum og átti sig á þróun sögunnar.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður eða unnin verkefni. Meðal annars er unnið út frá Söguaðferðinni, farið er í vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í vinnubækur og myndskreyta. Þeir skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, bæði með söng, upplestri og leikritum. Stuðst er við bókaflökkinn Komdu og skoðaðu. Unnið verður með landið okkar og sérstök áhersla lögð á landakort, landnámið og íslenska þjóðhætti, auk þess sem unnið verður með sögu mannkyns. Notað verður kennsluefni af vef, landabréfakort og myndbönd.

### **Þingvellir, námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert lítið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um samfélagsfræði og náttúrufræði.

*Undirbúningur fyrir ferð* – Kennarar kynntu fyrirhugaða ferð og athuguðu hvort nemendur þekktu Þingvelli eða hefðu heimsótt þá áður. Tæpt var á sögu þeirra og sérstöðu og síðan unnu nemendur hugarkort út frá spurningunni ”Hvað viljum við skoða?” Unnið var í litlum hópum og að hugarkorti loknu skoðuðu nemendur bækur og efni tengt Þingvöllum. Þar bættust við hugmyndir sem sumar hverjar rötuðu inn á hugarkortin.

*Á meðan á ferð stóð* - Rannsóknarhópar við vatn, gerðu tilraunir og tóku sýni. Verkefni rannsóknarhópa voru: sýrustigsmælingar, hitastigsmælingar, athugun á flotkrafti, sýnataka með háfum, rúmmáls mælingar með ólíkum mæliglösum, skoðun á; þörungum, steinum, lirfum og vatnabobbum. Unnin voru verkefni í plöntugreiningu. Upplifunarbækur voru notaðar til þess að teikna í uppdrætti og styðja við

plöntugreiningu. Veitt var í vatninu. Farið var í náttúrugöngur, fræðst um jarðsögu og skoðað dýra- og fuglalíf. Farið var í sögugöngur þar sem nemendur kynntust lífi fólks á bæjum í landi Þjóðgarðsins, sem nú eru komnir í eyði. Tekið var á móti nemendum í fræðsumiðstöð þar sem þeim var fluttur sögufyrirlestur og fylgt úr hlaði niður í Almannagjá og út á Lögberg.

*Að ferð lokinni* - Nemendur kynntu hugarkortin og sögðu frá því hvort þau sáu eða kynntu sér/skoðuðu það sem fram kom á hugarkortum. Miklar umræður hafa skapst um það sem fyrir augu bar. Skoðuð voru sýni úr Þingvallavatni og nemendur greindu og teiknuðu upp það sem fannst. Unnið er að gerð Rannsóknarbókar þar sem skrifað hefur verið um vinnu rannsóknarhópa, settar inn teikningar og myndir af hugarkortum, úrvinnslu og rannsóknarferlinu. Einnig er unnið að ákveðnum verkefnum í upplifunarbækur.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok hverrar annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi umsagna, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Stærðfræði**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Kennslueiningin sem 4. bekk er kennd í stærðfræði getur verið samsett á ólíka vegu. Stundum er þeim kennt í blönduðum hópi með 1. - 4. bekk á stöðvum eða í þemaverkefnum. Stundum eru bekkurinn einn í hópastarfi eða einstaklingsvinnu. Unnið er að því að auka skilning nemenda á stærri tölum og talnagildum og að læra stærðfræðilegu hugtökin minna en, jafnt og, meira en og táknið fyrir þau. Nemendur eru þjálfaðir í því að leysa opnar yrðingar og að leggja saman einingar, tugi og hundruð með því að geyma. Unnið er með sömu stærðir í frádrætti og þar þjálfað að taka til láns. Nemendur eru þjálfaðir í einföldum hugarreikningi og þeir læra að þekkja muninn á sléttum tölum og oddatölum. Nemendur kynnast margföldunartöflunum og læra töflurnar frá 1 – 10 og þeir læra deilingu sem felst í jafnri skiptingu. Nemendur þjálfast í að beita stærðfræði í sínu daglega lífi og nota til þess m.a. kennsluþeninga, margvísleg mælitæki, læra á klukku og æfast í að leysa einfaldar stærðfræðiþrautir. Unnið er með grunnatriði í flatarmáli og ummál og nemendur fá þjálfun í að nota vasareikni.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur vinna sjálfstætt eftir því sem við á í stærðfræðibækur eins og Einingu, Línuna, Stefnum á margföldun og deilingu, Viltu reyna, Verkefni fyrir vasareikni og Í undirdjúpunum. Unnið er sjálfstætt eða í hópum við þrautalausnir og stærðfræðitengd spil. Verklegr vinna svo sem flokkun, ýmiskonar samanburður og mælingar í nánasta umhverfi nemenda er unnin í hópum. Unnið er með vasareikna og einnig er unnið með kennsluþeninga í tengslum við talnahús.

### **Námsmat**

Námsmat fer fram jafnt og þétt. Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Virkni, viðhorf og vinnusemi skipa stóran sess við námsmat og mikilvægt er að nemendur læri að meta eigin verk og vinnuframlag. Kannanir eru gerðar þar sem metin er staða hvers einstaklings út frá því efnisþáttum sem hann hefur farið í gegnum. Tvisvar á skólaárinu eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnamats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Textílmennt**

### **Fyrirkomulag**

Nemendur fá eina 60 mínútna kennslustund á viku í textílmennt allan veturinn. Nemendur í 1. og 3. bekk eru saman í tíma og nemendur í 2. og 4. bekk eru saman í tíma.

### **Kennsluhættir og kennslugögn**

Megináhersla í textílmennt fyrstu árin er að nemendur þjálfist í að klippa og sauma einföld útsaumsspor.

Viðgangsefnin eru tengd áhugasviði hvers nemanda og reynt er að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Nemendur vinni verkefni með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Mikil áhersla er lögð á umhirðu og góða umgengni í textílmenntastofunni og að nemendur nýti efnið vel sem unnið er með hverju sinni.

### **Námsmat**

Vinnusemi, hegðun og verkefni sjálf eru metin.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Zoëga Smáradóttir

## Tónmennt

### Fyrirkomulag

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tónmennt allan veturinn. Nemendur í 1.-4. bekk eru saman.

### Áherslupættir og kennsluhættir

Eitt af viðfangsefnum tónmenntakennslu er skv. aðalnámskrá grunnskóla að „vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið“ (Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, s. 28).

Í tónmennt verður lögð áhersla á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur læra um frum- og efnispætti tónlistarinnar. Nemendur læra nokkur grunnhugtök tónlistarinnar til þess að geta fjallað um tónlist og sett hana í sögulegt og félagslegt samhengi. Síðast en ekki síst munu nemendur hlusta og flytja tónlist.

Nemandi á að

- þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- þekkja mismunandi notkun hljóðfæra
- þekkja algengustu samspilshópa
- þekkja nokkur tónverk og höfunda þeirra
- sýna með hreyfingu að hann skynji frum- og efnispætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, hraðabreytingar o.s.frv.
- geta beitt hugmyndaflugi sínu til þess að túlka eigin upplifun með dansi eða hreyfingu
- geta dansað hefðbundna hreyfileiki

### Námsmat

Nemandi þarf að geta túlkað tónlist með ýmsu móti, skynjað hana, greint og metið. Lagt er mat á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöður verkefna.

### Kennari

Jóhanna Thorsteinson

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Áherslupættir

Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 3. og 4. bekk. Áhersla er lögð á að nemendur læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu um leið og þau nota hin ýmsu kennsluforrit í ólíkum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur líti á tölvur sem verkfæri við vinnu sína í stað þess að tengja þær eingöngu við leiki og afþreyingu. Umgengni á

skólasafni og nýting þess er kennd og reynt er að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri ólíkra bóka.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendum er kynnt hvernig á að bera sig eftir upplýsingum á bókasafni og í bókum.

Kynnt verður hvernig þeir geta unnið með sinn eigin texta í ritvinnsluforriti, og leitað á veraldarvefnum með hjálp mismunandi leitarvéla.

Námsefnið sem stuðst er við heitir Í leik á skólasafni 1, Bókasafnarinn og Á músarslóð 2.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, auk virkni og viðhorfa.

Einnig verður fylgst með því hvernig nemendum tekst að tileinka sér tölvur sem vinnutæki fremur en að líta á þær sem eingöngu leiktæki.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Útinám**

### **Áhersluþættir**

Kennt er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla fyrir yngsta stig. Allt yngsta stigið myndar kennslueiningu í þessum tveimur kennslustundum. Þær eru fastar í stundatöflu nemenda í 1.- 4. bekkjar á fimmtudögum. Þetta er nýbreytni í stundatöflu þetta árið því áður hefur útinám ekki verið bundið ákveðnum dögum eða kennslustundum í grunnskóladeild Kerhólsskóla. Það skal tekið fram að þetta eru alls ekki einu kennslustundirnar þar sem útinám er stundað á yngsta stiginu, þær eru margar fleiri, en þessar kennslustundir eru einvörðungu nýttar til útináms.

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta ótal námsgreinar. Til að mynda; náttúrufræði og umhverfismennt, samfélagsfræði, lífsleikni, stærðfræði, íslensku, íþróttir, tungumál og svo mætti áfram telja.

Unnið er út frá einstaklingnum og umhverfi hans. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruaflassa á þeirra daglega líf, jörðina og vistkerfi hennar. Við leggjum sérstaka áherslu á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og veðurfar. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærni þættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterk og góð viðhorf til náttúruverndar og virðingar fyrir umhverfinu, hollrar útivistar og hreyfingar.

### **Bókakostur, kennslugögn og kennsluhættir**

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram með samvinnu nemenda

í litlum hópum þar sem ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og leystar þrautir, bæði úti og inni í skólastofu. Meðal annarra eru notaðar kennsluaðferðirnar Einn, fleiri, allir og Söguaðferðin. Farnar eru vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað.

Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum. Þeir skrá niðurstöður í Upplifunarbók, vinnubækur eða myndskreyta. Þeir

skila m.a. af sér verkefnum í formi veggspjalda, hugarkorta, bæklinga, teikninga, leirmynda og annarra skúlptúra úr mismunandi efnum. Þeir flytja einnig efni munnlega, með söng, upplestri eða frásögnum.

Stuðst er við viðfangsefni úr bókaflokknum Komdu og skoðuðu, verkefnamöppuna Náttúruverkefni, námsefnið Græðlingur, Tölur og tölfræði og fjöldan allan af handbókum og námsefni nemenda í lífsleikni, íslensku og stærðfræði. Samhliða þessum námsbókum er til nokkuð af vefefni sem við nýtum okkur líka.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Samvinna, hlustun, skapandi starf og virkni eru þættir sem áhersla er lögð á. Í lok annarrar og þriðju annar eru þessar upplýsingar dregnar saman og settar fram í námsmatsmöppu, ýmist í formi leiðsagnarmats, gátlista eða á þann hátt er best og skýrast reynist hverju sinni.

### **Kennarar**

Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir

*Grunnskólinn Ljósaborg*  
**Skólanámskrá 2011 – 2012**

5. - 6. bekkur

## Formáli

### Fyrirkomulag

Nemendur 5. og 6. bekkjar eru 15 talsins með aðsetur í Gilinu. Hópurinn er saman í öllum tímum nema ensku og dönsku með einn kennara en sérkennari kemur að málum alls 3-4 kennslustundir í viku. Stundaskrá bekkjanna tekur mið af tímafjölda viðmiðunarstundaskrár í hverri námsgrein, fyrir 5. og 6. árgang. Námsfni er að stærstum hluta fengið í úthlutun frá Námsgagnastofnun en auk þess er fengið ítarefni af Vefnum og víðar. Val viðfangsefna og nálgun þeirra fer eftir þörfum hópsins.

### Áhersluþættir

Fyrir utan hefðbundnar áherslur í ákveðnum námsgreinum, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, eru sérstakar áherslur lagðar á einstaklingsnám annars vegar og samvinnunám hins vegar og að nemendur haldi vel utan um öll sín gögn, taki ábyrgð á eigin námi og standi skil á sínu.

### Kennsluhættir og vinnulag

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Innlögn frá kennara, sjálfsnám og þemavinna. Áhersla verður lögð á að nemendur nái að vinna í blönduðum hópum þar sem framlag hvers og eins skiptir máli. Aðferðin, Einn, fleiri, allir er dæmi um aðferðir sem beitt er. Heimanámið kemur í grænu og bláu möppunum sem inniheldur áætlun, ýmist gerð af nemendum í samráði við kennara eða eingöngu af kennara. Skil á heimanámi er skráð hjá kennara.

### Námsmat

Við námsmat er lögð áhersla á fjölbreytni. Símat, jafningjamat, ferilmöppur, kannanir og próf og leiðsagnarmat, eru dæmi um matsaðferðir sem beitt verður í vetur. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa foreldrum innsýn í stöðu nemandans. Niðurstöður námsmats eru nýttar til leiðsagnar í náminu og eru fyrst og fremst í formi umsagna en einkunnir eru notaðar þar sem þær eiga betur við. Námsmatið skal endurspeglar kennsluhætti og í þeim er ávallt litið til náms og félagslegra markmiða skólans

### Umsjónarkennarar

Alice Petersen 5. bekkur

Þórunn Ingvadóttir 6. bekkur

## Dans

### Fyrirkomulag

Nemendur í 5.-6. bekk eru í dansi í íþróttatíma, þau fá nokkra tíma af íþróttunum í dans. Kenndir verða samkvæmisdansar. Nemendur eru 11 í hóp. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum almenna kurteisi, sýna hvort öðru virðingu og tillitsemi og að sjálfsögðu alla helstu samkvæmisdansana. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér að hlusta á tónlist og finna hvaða dans passar við og fari eftir fyrirmælum. Kenndar verða flóknari útgáfur af samkvæmisdönsum.

### Kennslugögn og kennsluhættir

Kennari er með sýnikennslu á hverjum og einum dansi ásamt, námsleikjum, verklegar æfingar, tónlist, söngur, dans, hreyfing, samvinnunám og fleiri aðferðum. Nemendur eiga að vera búnir að byggja upp ákveðinn grunn frá fyrri árum og er byggt ofan á þann grunn. Nemendur gera eftir bestu getu en ef þarf er einstaklingskennsla. Dansarnir miða við aldur nemenda og þroska. Þau vinna oftast tvö og tvö saman, stelpa og strákur og stundum tvö af sama kyni. Einnig verður einstaklingsvinna, s.s. í hugmyndavinnu fyrir eigin dans. Kennslugögn eru geisladiskar með tónlist sem hæfir hverjum dansi fyrir sig.

### Námsmat

Námsmatið byggir á símati kennara sem blandast við námsmat íþróttar. Dansnámsmatið felur í sér eftirfarandi þætti: danshæfileika, hvernig nemandinn tileinkar sér hvern og einn dans, athygli, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, hegðun og að lokum framfarir.

### Kennari

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## Danska

### 5. bekkur

#### Fyrirkomulag

Danska er annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla. Dönskunámið byggist á því að danska og íslenska eru skyld tungumál og auðveldar það Íslendingum dönskunámið. Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 5. bekk. Nemendur fá 1 kennslustund í viku sem er ætluð til að vekja athygli og áhuga nemenda á dönsku og gera þá færa um að skilja einföld orð og setningar.

#### Áhersluþættir

Fyrsta árið er lögð áhersla á hlustun, talað mál og samskipti nemenda. Unnið verður markvisst að því að þjálfa orðaforða með dúkkulísam. Viðfangsefnið mun tengjast daglegu lífi, nemandanum sjálfum og nærumhverfi. Nemendur læra m.a. að heilsa og

kveðja, tölur, orð yfir fjölskyldumeðlimi, fatnað og mat. Þrepamarkmið Aðalnámskrá grunnskóla fyrir 5. – 7. bekk er lögð til grundvallar í dönskunáminu. Áhersla er lögð á að nemendur læri að hlusta á dönsku og geti greint einstök orð, skilji stuttar setningar og einföld fyrirmæli. Unnið verður með færniþættina fjóra: hlustun, tal, lestur og ritun þó meira með hlustun og tal.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Í byrjendakennslu er haft að leiðarljósi að nemendur geti fjallað um þá þætti sem standa þeim næst, þ.e. sjálfan sig, fjölskylduna, gæludýr, mat og fatnað. Kennslan mun byggjast á hlustun, töluðu máli og samskiptum nemenda með dúkkulísu. Nemendur hanna hver sína dúkkulísu og byrja á því að læra að heilsa og kveðja. Síðan mun bætast við orðaforða í tengslum við daglegt líf. Námsefnið sem verður notað er Start – lestrar- og vinnubók ásamt hlustunaræfingar. Leikir og spil verða talsvert mikið notuð í kennslu, ásamt kennsluefni af vef. Einnig léttlestrarbækur og annað efni frá kennara. Danska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala dönsku.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, virkni og viðhorf. Kannanir verða lagðar fyrir, auk þess verður sjálfsmat og jafningamat.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **6. bekkur**

### **Fyrirkomulag**

Kennslueiningin samanstendur af nemendum í 6. bekk. Nemendur fá 1 kennslustund í viku. Danska er annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla.

Dönskunámið byggist á því að danska og íslenska eru skyld tungumál og auðveldar það Íslendingum dönskunámið. Kennslan byggist á því að vekja athygli og áhuga nemenda á dönsku og gera þá færa um að skilja einföld orð og setningar. Einnig að nemendur skilji það sem sagt er í kennslustundum og geti tjáð sig munnlega um ákveðna hluti í umhverfi sínu. Áhersla mun verða lögð á að nemendur byggi upp orðaforða. Einnig munu nemendur fá innsýn í danska menningu og siði.

### **Áhersluþættir**

Fyrsta árið er lögð áhersla á hlustun, talað mál og samskipti nemenda. Viðfangsefnið mun tengjast daglegu lífi, nemandanum sjálfum og nærumhverfi. Nemendur læra m.a. að heilsa og kveðja, tölur, orð yfir fjölskyldumeðlimi, fatnað og mat. Þrepamarkmið Aðalnámskrá grunnskóla fyrir 5. – 7. bekk er lögð til grundvallar í dönskunáminu. Unnið verður með færniþættina fjóra: hlustun, tal, lestur og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur læri að hlusta á dönsku og geti greint einstök orð, skilji stuttar setningar og einföld fyrirmæli. Þegar líður á skólaárið mun bætast við lestur léttlestrarbóka og ritað mál. Ritun er það erfiðasta í öllum tungumálum þess vegna er lögð áhersla á að nemendur

skrifi sem oftast og noti orðaforðann sem mest. Nemendur fá þjálfun í að skrifa einföld skilaboð, stuttar frásagnir, póstkort og myndasögur.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Í byrjendakennslu er haft að leiðarljósi að nemendur geti fjallað um þá þætti sem standa þeim næst, þ.e. sjálfan sig, fjölskylduna, gæludýr, mat og fatnað. Kennslan mun byggjast á hlustun, töluðu máli og samskiptum nemenda með dúkkulísu. Nemendur hanna hver sína dúkkulísu og byrja á því að læra að heilsa og kveðja. Síðan mun bætast við orðaforða í tengslum við daglegt líf. Námsefnið sem verður notað er Start – lestrar- og vinnubók ásamt hlustunaræfingar. Til að auka orðaforða eru m.a. notaður krossgátur, skrítlur og Les og forstá. Leikir og spil verða talsvert mikið notuð í kennslu, ásamt kennsluefni af vef. Einnig léttlestrarbækur og annað efni frá kennara. Danska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala dönsku.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemenda í tímum og framlag í verkefnum, virkni og viðhorf. Kannanir verða lagðar fyrir, auk þess verður sjálfsmat og jafningamat.

### **Kennari**

Alice Petersen

## **Enska**

### **Fyrirkomulag**

Fyrstu ár enskunnáms barnsins snúast mikið um að það fái sjálfstraust og njóti þess að læra nýtt tungumál. Viðfangsefnin tengjast barninu og nánasta umhverfi þess. Mikil áhersla er lögð á myndræna úrvinnslu, hlustun og lestur léttra bóka.

### **Áhersluþættir**

Aðalnámskrá grunnskóla liggja í hlustun, lestri, töluðu máli og samskiptum á milli nemenda, frásögnum nemenda og ritun. Fyrstu árin er talað mál og hlustun þungamiðjan. Lestur skiptir alltaf miklu máli í öllu tungumálanámi. Ritun þróast síðan smá saman eftir því sem orðaforðinn eykst. Vinnan í vetur tengist þrepamarkmiðum Aðalnámskrár fyrir 4. – 8. árgang bls. 19 – 24, en mikil breidd er í hópnun.

Viðfangsefnin eru ætíð sem næst barninu sjáfu og tengjast nærumhverfi þess.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur eru við upphaf tungumálanáms oftast en ekki með mjög ólíkan bakgrunn og forsendur. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir og stöðu nemenda með fjölbreyttu námsframboði, valverkefnum og sérsniðnum áherslum fyrir hvern og einn þó sameiginlegur þráður liggja í gegnum vinnu hópsins.

Kennslan er einkum tvískipt. Annars vegar er unnið í grunnbókum t.d. Lets Go efninu eða Brainwaves efninu, þá er kennslan kennarastýrð og nemendum er skipt í hópa og hóparnir fylgjast sem allra mest að. Hins vegar eru valverkefni eða áhugasviðsverkefni

Þar sem nemendur velja sér viðfangsefni, afla sér upplýsinga og skila vinnunni með ýmsum hætti. Auk þessa verða stærri verkefni þar sem allur hópurinn vinnur að ákveðnu marki, t.d. veggspjaldasýning um t.d. ákveðnar borgir, staði, dýr eða áhugamál. Orðabækur, tímarit, léttlestrarbækur og veraldarvefurinn verða mikið notuð í vetur. Enska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala ensku.

### **Námsmat**

Vinna nemenda í tímum, vinnubók og verkefni eru metin auk þess sem nemendur taka kaflapróf og svindlpróf þar sem nemendur fá að fara heim með prófið 1 – 3 dögum fyrir prófið og æfa sig en hafa sjaldnast aðgang að neinum gögnum í prófinu sjálfu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í tungumálanáminu eru metnir með símati en einnig eins og fyrr segir með prófi eða sérstökum verkefnum.

### **Kennari**

Ásta Björk  
Þórunn Ingvadóttir

## **Hönnun og smíði**

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í hönnun og smíði allan veturinn. Vinnusvæðið er fyrst og fremst smíðastofan en einnig er unnið úti í náttúrunni og náð í efnivið þaðan. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu. Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þjálfar ákveðnar vinnuaðferðir sem þeir eiga að kynnast samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennari er stundum með stuttar innlagnir fyrir allan hópin en þó um einstaklingskennslu. Verkefni nemenda miðast við aldur þeirra og þroska. Þeir vinna einir að sínum verkefnum en einnig vinna þeir saman og leita sameiginlegra lausna á því sem þeir eru að búa til. Þeir nota ýmiskonar efnivið í verkefni sín, s.s. tré, leður, gler, málm og plast.

Nemendur fara í gegnum ákveðið skapandi ferli á leið sinni frá hugmynd að fullsköpuðu verki. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og að nemendur noti sem minnst tilbúnar fyrirmyndir. En að sjálfsögðu er einnig stuðst við ýmsar bækur og ljósmyndir og verkefnabanka sem heitir; Verkefnamappan; Hönnun og smíði fyrir 1. – 4. bekk. og 5. – 7. bekk. Einnig er stuðst við bókina Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson og bókina Málmsmíði eftir Gunnar Örn Gunnarsson. Nemendur safna vinnuteikningum og verkefnum í möppu sem þeir hafa smíðað sjálfir. Möppuna geyma þeir í skólanum og þannig safnast í hana nokkurra ára gagnasafn.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti:

Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin.

## **Kennari**

Hilmar Björgvinsson

## **Íslenska**

### **Fyrirkomulag**

Kennt er samkvæmt aðalmarkmiðum Aðalnámsskrár fyrir miðstig. Íslenskan er samþætt við allar aðrar námsgreinar þar sem sífellt verður lögð áhersla á lestur, ritun, stafsetningu, munnlega tjáningu og framsögn, orðforða og málnotkun. Íslenskunám fer fram í hefðbundnum kennslustundum, á stöðvum og heimanámi. Unnið verður að markmiðum Aðalnámsskrár á hverju sviði íslenskunnar sérstaklega.

Aukin áhersla verður lögð á ritun ýmis konar í formi útdráttar, fréttaskota og frásagna svo eitthvað sé nefnt. Lestur er stundaður daglega bæði í skóla og heima og gagnvirkur lestur mun koma við sögu. Þætti bómennta og ljóða verður gert skil með lestri og umræðum, ásamt því að vinna verkefni þeim tengd, læra ljóð utanbókar og skrifa eigin ljóð.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Unnið er með alla þætti íslenskunnar á sem viðtækastan hátt bæði munnlega og skriflega, með verkefnum sem reyna á tungutak, málkunnáttu, skilning og færni til ritunar.

Námsefni í íslensku er í grunninn þetta:

Skinna, Skræða, Skrudda – Mál til komið, Mál í nótnun, - Völusteinn, Blákápa, Rauðkápa, Málrækt 1, Málrækt 2 – Góður, betri, bestur – Skrift 3 – 5

### **Þingvellir námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámsskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslega færni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu.

*Undirbúningur fyrir ferð* - Nemendur ræddu um Þingvelli og viðruðu í umræðum hugmyndir sínar um Þingvelli, kynnum sínum af þeim og þýðingu Þingvalla í sögu okkar, menningu, jarðfræði og náttúru.

*Í ferðinni sjálfri* - Nemendur unnu m.a. á stöðvum þar sem þeir tóku viðtöl og ortu ljóð. Þá tóku þeir líka þátt í kvöldvöku.

*Eftir ferð* - Hver nemandi skrifaði ritgerð um ferðina, framgöngu hennar, upplifun og hvað var minnisstæðast.

### **Námsmat**

Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst verða metin í símati yfir veturinn. Kannanir verða lagðar fyrir og ákveðin verkefni verða metin. Nemendur taka kannanir við annaskil sem byggja á þeim þáttum sem þeir hafa verið að vinna með. Sjálfsmat verður einnig notað þar sem það á við.

### **Kennari**

Þórunn Ingvadóttir

## **Íþróttir-, líkams- og heilsurækt**

### **5. bekkur**

Fyrirkomulag:

Leikfimi: 5. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Einn 60 mín. tíma og einn 75 mín.

Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 5. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennslan fer fram í útilauginni.

Í öllum íþróttatímum og sundtímum er 5. bekkur í samkennslu með 6. bekk.

Áhersluþættir:

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 5. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 5. bekkjar í leikfimi og 5. sundstiginu í sundi.

Kennsluhættir og gögn:

Unnið er með þau íþróttáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvápjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Prepamarkmið 5. bekkjar**

Hlaupa á rólegum hraða í 10 mín.

700 m hlaup. (tími)

Píptest

Samsetning á gólfi: Handstöðuvelta, kollhnís aftur á bak, réttstaða. (tækni)

Lítill kollhnís og langur kollhnís. (tækni)

Handstaða við vegg. (tækni)

Hliðarstökk yfir kistu, stökkva rétt á bretti (jafnfætis). (tækni)

Klifra í köðlum ¼ kaðals. ( ath. klifurgrip)

Sippa, aftur á bak. (tækni)

Knattspyrnuknattrak milli keilna, veggspil og skot á mark. (tækni)

Körfuboltaknattrak, bæði með hægri og vinstri hendi og skot á körfu. (tækni)

60 m spretthlaup. (hraði)

Langstökk án atr. (lengd)

Liðleiki á kassa.

Þrekpróf (styrkur, snerpa, hraði og úthald í ákv. tíma).

### **Sundstig 5**

75m bringusund án hvíldar.

25m skólabaksund, still.

25m skriðsund með sundfitum, still.

12m baksund, still.

10m flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Stunga af bakka.

Hlutur sóttur á 1-2m dýpi eftir 5m sund.

Troða marvaða í 20-30 sek.

### **Námsmat:**

Námsmat í 5. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

## **6. bekkur**

### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 6. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku. Einn 60 mín. tíma og einn 75 mín.

Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útíkennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 6. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennslan fer fram í útilauginni.

Í öllum íþróttatímum og sundtímum er 6. bekkur í samkennslu með 5. bekk.

### **Áherslupættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 6. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfra skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 6. bekkjar í leikfimi og 6. sundstiginu í sundi.

### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttaáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

### **Þrepamarkmið 6. bekkjar**

Hlaupa á rólegum hraða í 11 mín.

700 m hlaup. (tími)

Píptest

Lítill kollhnís, langur kollhnís, lítill kollhnís. (tækni)

Samsetning: Handstöðuvelta, forhopp, handahlaup, jafnvægisstöðu, kollhnís. (tækni)

Handstaða (tækni)

Handahlaup (tækni)

Utanvert stökk yfir kubb og rétt landing. (tækni)

Undirsveifla á slá í terru, afstökk og landing. (tækni)

Sippa aftur á bak jafnfætis 10x.

Handboltasendingar og grip, knattrak, gabbhreyfing og skot. (tækni)

Bandýknattrak og skot á mark. (tækni)

Halda badminflugu á lofti 5x.

Armbeygjur og armréttur 5x.

Boltakast með 80 g. bolta. (lengd)

60 m spretthlaup. (hraði)

Langstökk án atr. (lengd)

Liðleiki á kassa.

Þrekpróf (styrkur, snerpa, hraði og úthald í ákv. tíma).

### **Sundstig 6**

200m bringusund, viðatöðulaust.

50m skólabaksund, still.

25m skriðsund, still .

25 m baksund, still.  
25 m bringusund á 35 sek.  
8m kafund.  
15 m björg.sund m. skólabaksundsátökum.

### **Námsmat:**

Námsmat í 6. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóra Smáradóttir

## **Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

Kristin fræði eru samþætt öðrum námsgreinum og kennd samkvæmt þrepamarkmiðum Aðalnámskrár fyrir miðstig. Kennsla fer fram á stöðvum og í innlagnar og umræðutímum. Kennslan er lotubundin og er meiri áhersla lögð á greinina á annarri og þriðju önn en þeirri fyrstu. Áherslur í kristnum fræðum í vetur eru almenn siðfræði reist á kristnum gildum, dæmisögur og atburðum tengdum jólum og páskum.. Einnig fá nemendur innsýn í önnur trúarbrögð.

### **Þingvallaferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru bún til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Fyrir ferðina, í almennum umræðum um Þingvelli þar sem nemendur listuðu upp atriði sem þeir vissu um staðinn var rifjað upp að þar var ákveðið að Íslendingar skyldu verða kristin þjóð.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Samlestur, umræður og úrvinnsla. Úrvinnsla verður í formi frásagna og endursagna nemenda, ritunar og myndrænnar framsetningar. Brauð lífsins og Trúarbrögðin okkar, eru meðal þess efnis sem stuðst er við.

### **Kennari**

Þórunn Ingvadóttir

## Myndmennt / Textílmennt

### Fyrirkomulag og áhersluþættir

Nemendur fá þrjár kennslustundir á viku í mynd og textílmennt. Allur hópurinn er saman á einu svæði með tvo kennara allan veturinn. Unnið er í 3 til fjórum hópum að mismunandi verkefnum. Áhersla er lögð á að nemendur læri að ganga vel um vinnusvæði sín og að gæta fyllsta öryggis.

Áherslur og verkefnaval taka mið af markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Meginmarkmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum.

### Kennslugögn og kennsluhættir

Unnið verður með fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun og hönnun. Haldið er áfram með litablöndun og að nemendur geri sér grein fyrir mismundandi áhrifum lita, t.d. heitum og köldum litum.

Unnið verður með myndbyggingu, mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda.

Viðfangsefnin eru tengd áhugasviði hvers nemanda og reynt er að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Nemendur vinna verkefni með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár í mynd og textílmennt.

Mikil áhersla er lögð á umhirðu og góða umgengni í myndmenntarstofunni og lögð er rík áhersla á að nemendur ljúki við og gangi frá verkefnum sínum á sem myndarlegastan hátt.

### Námsmat

Námsmat í myndmennt byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum en ekki hópsins.

### Kennari

Hólmfríður Fjóla Zoega og Þórunn Ingvadóttir

## Lífsleikni

### Fyrirkomulag og áhersluþættir

Lífsleikni er ein kennslustund á viku. Greinin er mikið til samþætt öðrum námsgreinum. Þar er lögð áhersla á sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl. Einnig er lögð áhersla á samfélagið, umhverfið og menningu. Markmið í lífsleikni eru samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla fyrir miðstig.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Lífsleikni er eitt helsta viðfangsefni nemenda í 5. og 6. áragngi. Hún kemur inn á alla samveru nemenda í leik og starfi, en tekið verður sérstaklega á henni í tímum. Unnið er með hópinn og einnig einstaklinginn. Nemendum hafa verið settar reglur til að vinna eftir inni í bekk og vinna er lögð í að þeim sé framfylgt og hafi skilning á hvers vegna reglur eru mikilvægar í samskiptum fólks. Drenglyndi, hjálpssemi, góður félagi og umburðarlyndi, virðing og tillitssemi eru viðfangsefni sem koma við sögu. Klárari en þú heldur, Art þjálfun og námsefnið Eru? er meðal þess námsefnis sem notað verður í lífsleikninni.

Við undirbúning og framgang árshátíðar reynir á þá þætti sem fjallað er um í lífsleiknitímum þar sem samhjálp, samstarf jákvæð gagnrýni, hrós og ábyrgð á sínu dóti skipar stóran sess.

### **Þingvellir námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslega færni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina.

*Undirbúningur fyrir ferð* - Nemendur gerðu lista yfir það sem væri mikilvægt væri að hafa með sér í svona ferð, veltu vöngum um hver munurinn væri á útilegu og dagsferð. Farið var yfir þau atriði sem væru mikilvæg fyrir hópinn að hafa í huga: Að halda hópinn, hjálpssemi, ýmis öryggisatriði, klæðnað með tilliti til veðurs og árstíðar, tillitssemi og virðing við náttúru staðarins s.s. umgengni o.fl. Þá stóðu nemendur að undirbúningi atriðis á kvöldvöku.

*Á meðan á ferð stóð* -

Eftir ferðina fórum við yfir þau atriði sem þóttu takast vel og hvað nemendur hefðu viljað gera öðruvísi.

### **Námsmat**

Félagsfærnimat í lok hverrar annar sem byggir á símati í tengslum við allt skólastarf en einnig verður unnið með sjálfsmat nemenda virkni og þáttöku í tímum.

### **Kennari**

Þórunn Ingvadóttir

## **Náttúrufræði og umhverfismennt**

### **Fyrirkomulag og áhersluþættir**

Tekið verður mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla fyrir miðstig í greininni. Unnið verður með upplifun og sýni úr námsferðinni á Þingvelli en Vistkerfið

Þingvallavatn er einmitt hluti af námsefni vetrarins. Lögð verður sérstök áhersla á hópavinnu þar sem nemendur skiptast á að sinna ýmsum verkefnum í því starfi. Starfsheitin eru upplesari á heimildum, ritari, tengiliður við kennara og upplesari á niðurstöðum. Nemendur vinna í nokkrum hópum yfir námstímamann en starf hvers hóps getur varað í nokkrar vikur.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Bækurnar Lífríkið í fersku vatni og Auðvitað 2 eru námsefni skólaársins. Beitt er fjölbreyttum kennsluáferðum og má þar nefna fyrst og síðast hópinnuna innlagnir kennara, einstaklingsvinnu í bland með hópstarfinu, samræður og samlestur.

### **Þingvellir**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

### **Námsmat**

Kaflapróf. Framlag í hópstarfi og samvinnu við hópfélaga. Einnig er gefin einkunn fyrir vinnubók. Kaflaprófin eru gefin sem rétt atriði af heild og látið vera að reikna út einkunn. Í tengslum við hópstarfið og vinnubók verða kvarðarnir Ágætt, í Lagi og Þarf að bæta notaðir ásamt umsögnum.

### **Kennari**

Anna Margrét Sigurðardóttir

## **Samfélagsgreinar – saga og landafræði**

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist samsamfélagsgreinarnar í landafræði og sögu. Að hluta munum við flétta þessar greinar saman en að stærstum hluta vinna þær í sitt hvoru lagi, saga fyrir áramót en landafræði eftir áramót. 5. og 6. bekkur eru saman í þessum tímum. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og gerð vinnubóka. Unnið verður samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 5. og 6. bekk.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Kennsla verður að hluta byggð á Söguáferðinni. Unnið er í smærri eða stærri hópum og hugmyndafræði samvirks náms haft til hliðsjónar. Hluti verkefna er þó unnin á stöðvum og er þá í flestum tilfellum einstaklingsvinna.

Landafræðin verður samtengd öðrum námsgreinum en þar eru Norðurlöndin stærsta umfjöllunarefnið. Í sögunni verður unnið með Ísland á Sturlungaöld, ekki síst líf og störf Snorra Sturlusonar. Bækurnar Snorri Sturluson eftir Þórarin Eldjárn, Miðaldafólk á ferð og Norðurlöndin eftir Kristínu Snædal eru í grunninn það námsefni, sem unnið er með.

### **Þingvellir námsferð að hausti**

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum.

Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Nemendur rifjuðu upp hvað þeir vissu um Þingvelli: Skil Ameríku og Evróðufleka, þátt staðarins í sögu okkar og menningu, náttúrufrýrbrigði sem finna má á Þingvöllum.

Í vetur munum við halda áfram með Þingvelli sem tengist ekki síst sögu Íslands fyrr á öldum.

### **Námsmat**

Metin er þátttaka nemanda í tímum og framlagi í verkefnum og hópstarfi. Kannanir verða lagðar fyrir og vinnubók metin .

### **Kennari**

Þórunn Ingvadóttir

## **Stærðfræði**

### **Fyrirkomulag**

Í stærðfræðinni er mikil breidd í námshópnum og leitast verður við að koma til móts við hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur, þroska með honum jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og beita fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að hver og einn geti náð sem mestum og bestum árangri.

Þetta er gert með því að vinna sameiginlega með 5. og 6. árgangi þar sem nemendum verður blandað saman eftir því sem við á, allt eftir því hvað fengist er við hverju sinni. Með þessu samstarfi næst fram sá möguleiki að vinna með smærri námshópa í t.d. innlögnum eða öðrum viðfangsefnum sem þarfnast nánari úrvinnslu. Unnið er í stærðfræði í 60 mínútur tvo daga vikunnar og í 80 mínútur einn daginn. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði nemenda en um leið samhjálp þar sem sjálfsagt telst að leita sér aðstoðar hjá sér reyndari stærðfræðingi þannig að sem minnstur tími fari í bið eftir aðstoð. Reikna má með nokkru heimanámi í stærðfræðinni í vetur.

### **Bókakostur og kennsluhættir**

Námsefnið sem notað er í 5. og 6. bekk er Eining, Línan, Við stefnum á..., bækurnar, Geisli 1A, Geisli 1B, Geisli 2, Stjörnubækurnar og ýmis hefti. Auk þess gefst nemendum tækifæri til að vinna í stærðfræðiforritum. Þá er einnig ætlast til að nemandi geti útskýrt aðferðir við lausn viðfangsefna sinna. Áhersla er lögð á að nemendur tali saman um viðfangsefni sín til að þjálfast í að ræða stærðfræði, þjálfa notkun hugtaka stærðfræðinnar, leysa saman vandamál og miðla þekkingu sinni. Þá eru nemendur hvattir til að nota ýmis stærðfræðigögn við lausn verkefna.

## Námsmat

Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst erða metin í símati yfir veturinn. Ákveðin verkefni verða einnig metin. Nemendur taka kannanir við annaskil og á öðrum tímum s.s. við kaflaskil í náminu, kannanirnar byggja þá á þeim þáttum sem unnið hefur verið með.

## Kennari

Alice Petersen

## Tónmennt

### Fyrirkomulag

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tónmennt allan veturinn. Nemendur í 5.-6. bekk eru saman.

### Áhersluþættir og kennsluhættir

Eitt af viðfangsefnum tónmenntakennslu er skv. aðalnámskrá grunnskóla að „vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið“ (Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, s. 28).

Í tónmennt verður lögð áhersla á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur læra um frum- og efnisþætti tónlistarinnar. Nemendur læra nokkur grunnhugtök tónlistarinnar til þess að geta fjallað um tónlist og sett hana í sögulegt og félagslegt samhengi. Síðast en ekki síst munu nemendur hlusta á og flytja tónlist.

Nemandi á að

- þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- þekkja mismunandi notkun hljóðfæra
- þekkja algengustu samspilshópa
- þekkja nokkur tónverk og höfunda þeirra
- sýna með hreyfingu að hann skynji frum- og efnisþætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, hraðabreytingar o.s.frv.
- geta beitt hugmyndaflugi sínu til þess að túlka eigin upplifun með dansi eða hreyfingu
- geta dansað hefðbundna hreyfileiki

## Námsmat

Nemandi þarf að geta túlkað tónlist með ýmsu móti, skynjað hana, greint og metið. Lagt er mat á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöður verkefna.

## Kennari

Jóhanna Thorsteinson

## Upplýsinga og tæknimennt

Upplýsinga og tæknimennt er samþætt öðrum námsgreinum. Áherslur verða á tölvufærni ýmiss konar. Reynt verður að mæta hverjum og einum þar sem hann er, en færni á tölvur er mjög breið í hópnum. Lyklaborðsæfingar eru fyrir alla. Nemendur fá þjálfun í að afla heimilda á safni og á netinu. Þá kynnast nemendur einnig notkun kennsluforrita. Áherslur í upplýsinga og tölvutækni eru samkvæmt þrepamarkmiðum Aðalnámskrár fyrir miðstig.

### Þingvellir

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búnin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er.

### Bókakostur og kennsluhættir

Nemendur vinna ýmis verkefni á tölvur og nýta uppfletti - og fræðirit af safni. Verkefni frá Námsgagnastofnun í word, publisher og excel ásamt Ritþjálfva eftir Elínu Jóhannsdóttur og fleiri er meðal þess efnis sem nýtt verður í upplýsinga og tæknimennt.

### Námsmat

Áhersla verður á símat og skil verkefna, iðni, vinnuframlag og sjálfstæði.

### Kennari

Þórunn Ingvadóttir

*Kerhólsskóli*  
**Skólanámskrá 2011-2012**

7. – 8. bekkur

## Formáli

7. og 8. Bekkur eru saman í vetur, öllum stundum nema að hvor árgangur fær 1 dönskutíma sér og einn enskutíma sömuleiðis.

Nemendur í 8. árgangi mega vera inni í frímínútum á þriðjudögum og fimmtudögum en fara aðra daga út. Ef veður er slæmt eða einhverjar sérstakar aðstæður koma upp mega nemendur vera inni í frímínútum og hádegi.

Íslenskukennslan verður heildstæð þar sem nemendur nýta sér þekkinga sína og færni í öllum verkefnum sem þeir vinna. Stafsetning er kennd með ritun, skrift er hluti af verkefnaskilum og lestur tilheyrir öllum greinum svo einhver dæmi séu nefnd. Íslenskan er að stórum hluta samþætt við aðrar námsgreinar og sérstaklega þá við landafræði og sögu. En lestur kemur víða við sögu og lestur námsbóka eykst hratt með hverjum árgangi úr þessu. Lestrarstefna skólans leggur línurnar með lestrarhraða og sérstakt kvittanahefti er bæði í skóla og heima sem kvittað skal í þegar nemandi les upphátt.

Tölvufærni er sömuleiðis þáttur sem kemur víða inn í nám nemenda og verkefnaskil.

Félagslega verður lögð áhersla á samvinnunám en skilgreina má það þannig:

Við samvinnunám vinna nemendur í hópum og eru samábyrgir fyrir því að leysa viðfangsefni sín og geta í raun ekki lokið þeim nema allir leggi sinn skerf til vinnunnar. Þeir eru því í raun háðir vinnuframlagi hvers annars, rétt eins og iðulega gerist í daglegu lífi. Samvinnunám hefur ætíð félagsleg markmið ekki síður en fræðileg og fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að það skilar nemendum góðum árangri í námsgreinum og er ekki síður vel fallið til að kenna nemendum ýmsa félagslega færni s.s. samvinnu, tillitssemi, hjálpsemi, þolinmæði og getu til að leysa úr ágreiningi.“([Jón Baldvin Hannesson og Rúnar Sigbórsson](#), 2000).

Samvinnunám er kennsluáðferð þar sem lögð er áhersla á félagsleg markmið nemandans og námslega þætti og hentar því vel til þess að auka samkennd og gagnkvæma ábyrgð í hópnum. Vinnubrögð verða þó blönduð því stundum henta einstaklingsverkefni og vinna betur og því verður reynt að hafa kennsluhætti sem fjölbreytilegasta.

Félagsleg markmið sem lögð eru til grundvallar skipta miklu máli og eru metin með ýmsu móti jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur eru upplýstir um þá þætti sem sérstaklega er unnið með, sé úrbóta þörf.

### **Kennsluhættir og vinnulag**

Í 7. og 8. árgangi eru 8 nemendur og eru þeir saman í öllum greinum nema á föstudögum, þá er tvískiptur dönsku og tölvutími. Valgreinar skipa veglegan sess í stundaskrá vetrarins þar sem leitast verður við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Ætlast er til að í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og

framtíðaráform í samvinnu við foreldra og forráðamenn, kennara og námsráðgjafa.

Inntak valnáms í 8, 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulögðum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulögðum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

Heimanám verður aðlagð hverjum og einum. Vikulega fer heim mappa með þeim gögnum sem þarf að hafa til að vinna heimanám í ensku, stærðfræði og íslensku eða hverju því sem umsjónarkennari ákveður að þurfi að vinna. Aðra vikuna fer heim grænt heimanám en þá næstu fer heim blátt. Þann dag sem græna heimanámið fer heim skila nemendur því bláa og svo koll af kalli. Annað heimanám sem til fellur skulu nemendur skrá hjá sér á heimanámsáætlun sína sem ávallt skal geyma í tösku ásamt lestrarkvittanaheftinu. Búast má við að heimanám taki allt frá 30 til 90 mínútur hvern virkan dag.

Nemendur vinna út frá áætlun í stærðfræði og náist sú áætlun ekki þarf að leggja harðar að sér og ljúka verkefnum heima.

### **Námsmat**

Námsmat skal endurspegla kennsluhætti og þau verkefni sem unnin hafa verið og skal vera leiðbeinandi þannig.

### **Umsjónarkennarar**

Frá byrjun skólaárs og fram til seinni hluta nóvembermánaðar var Árni Sverrir Bjarnason umsjónarkennari 7. -8. bekkjar en þá tók Jóhanna Thorsteinson við bekknum.

Jóhanna Thorsteinson

## Danska

### 7.bekkur

#### Fyrirkomulag

Nemendur í 7. bekk fá 2 kennslustundir á viku í dönsku og eru í samkenndu með 8. bekk í annarri. Danska er annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla. Dönskunámið byggist á því að danska og íslenska eru skyld tungumál og auðveldar það Íslendingum dönskunámið. Lögð verður áhersla á að gera nemendur færa um að skilja einföld orð og setningar, að nemendur skilji það sem sagt er í kennslustundum og geti tjáð sig munnlega um ákveðna hluti í umhverfi sínu í smærri og stærri hópum. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemendur geti lesið og skilið megininntak texta og geti skrifað samfelldan texta með orðasamböndum sem þeir þekkja. Áhersla verður lögð á að nemendur byggji upp orðaforða. Einnig munu nemendur fá innsýn í danska menningu og siði.

#### Áhersluþættir

Viðfangsefnið mun tengjast daglegu lífi, nemandanum sjálfum og nærumhverfi hans. Nemendur læra m.a. að heilsa og kveðja, tölur, orð yfir fjölskyldumeðlimi, fatnað og mat. Þrepamarkmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir 7. – 10. bekk eru lögð til grundvallar í dönskunáminu. Alltaf er lögð áhersla á færniþættina fjóra: lestur, hlustun, tal og ritun. Þegar líður á skólaárið mun bætast við lestur léttlestrarbóka og ritað mál. Ritun er það erfiðasta í öllum tungumálum þess vegna er lögð áhersla á að nemendur skrifi sem oftast og noti orðaforðann sem mest. Nemendur fá þjálfun í að skrifa einföld skilaboð, stuttar frásagnir, póstkort og myndasögur.

#### Kennslugögn og kennsluhættir

Kennslan mun byggjast á hlustun, töluðu máli og samskiptum nemenda. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt og í hópum. Áhersla er lögð á að efla málvitund nemenda með fjölbreytilegum viðfangsefnum sem henta aldri þeirra. Notast verður við tungumálaleiki, söngva og einfalda texta. Til að auka orðaforða eru m.a. notaðar krossgátur og skrítlur. Unnið er með námsefnið Start – lestrarbók og vinnubók ásamt hlustunarefni, Smart - lestrarbók og vinnubók ásamt hlustunarefni, *Hvad siger du? A, Læs og forstå*. Einnig verður unnið með kennsluefni af vef, orðabækur, tímarit, léttlestrarbækur, tölvuforrit og annað efni frá kennara. Danska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala dönsku.

#### Námsmat

Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í tungumálanáminu eru metnir jafnt og þétt í tímum s.s. vinna nemenda í tímum, skilningur nemenda í hlustun, vinnubók og verkefni auk þess sem stutt könnun er eftir hvern kafla. Einnig mun vera sjálfsmat og jafningjamat. Sjálfsmatið mun m.a. verða á framburði þar sem nemendur lesa inn texta á tölvuforrit og meta eiginn framburð.

**Kennari** Alice Petersen

## 8. bekkur

### Fyrirkomulag

Nemendur í 8. bekk fá 2 kennslustundir á viku í dönsku og eru í samkenndu með 7. bekk í annarri. Dönskunámið byggist á því að danska og íslenska eru skyld tungumál og auðveldar það Íslendingum dönskunámið. Lögð verður áhersla á að gera nemendur færa um að skilja einföld orð og setningar, að nemendur skilji það sem sagt er í kennslustundum og geti tjáð sig munnlega um ákveðna hluti í umhverfi sínu í smærri og stærri hópum. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemendur geti lesið og skilið megininntak texta og geti skrifað samfelldan texta með orðasamböndum og orðaforða sem þeir þekkja. Einnig munu nemendur fá innsýn í danska menningu og siði.

### Áhersluþættir

Námsefni sem stuðst er við fjallar um líkamann, fjölskylduna, heimilið, fermingu, frítíma, ráðgátur og þrjár smásögur. Nemendur læra því um viðfangsefni sem tengjast þeim sjálfum, daglegu lífi og nærumhverfi.

Þrepamarkmið Aðalnámskrár grunnskóla fyrir 7. – 10. bekk eru lögð til grundvallar í dönskunáminu. Alltaf er lögð áhersla á færniþættina fjóra: lestur, hlustun, tal og ritun. Ritun er það erfiðasta í öllum tungumálum þess vegna er lögð áhersla á að nemendur skrifi sem oftast og noti orðaforðann sem mest. Meiri áhersla mun verða á ritun í 8. bekk og gert verður ráð fyrir að nemendur geti skrifað samfelldan texta með 70 – 100 orðum í lok skólaársins, auk þess sem þeir skrifa stuttar frásagnir, póstkort og myndasögur.

### Kennslugögn og kennsluhættir

Kennslan mun byggjast á hlustun, töluðu máli, lestur og samskiptum nemenda. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt og í hópum. Áhersla er lögð á að efla málvitund nemenda með fjölbreytilegum viðfangsefnum sem henta aldri þeirra. Notast verður við tungumálaleiki, söngva og einfalda texta. Einnig verða talæfingar þar sem nemendur þurfa að gera sig skiljanlega á einfaldan hátt við ákveðnar aðstæður, t.d. segja frá sjálfum sér, halda ræðu í 2-3 mínútur út frá ákveðnu efni, lykilorðum, myndum eða minnispunktum. Grunnámsefnið er *Tænk* - lestrarbók, vinnubækur A og B og hlustunarefni og *Hvad siger du? A*. Til að auka orðaforða eru m.a. notaðar krossgátur og skrítlur, *Læs og forstå*. Einnig verður unnið með kennsluefni af vef, orðabækur, tímarit, léttlestrarbækur, tölvuforrit og annað efni frá kennara. Danska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala dönsku.

### Námsmat

Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í tungumálanáminu eru metnir jafnt og þétt í tímum s.s. vinna nemenda, skilningur nemenda í hlustun, vinnubók og verkefni auk þess sem stutt könnun er eftir hvern kafla. Einnig verður sjálfsmat og jafningamat. Sjálfsmatið mun m.a. verða á framburði þar sem nemendur lesa inn texta á tölvuforrit og meta eigin framburð.

### Kennari

Alice Petersen

## Enska

### Fyrirkomulag

Fyrstu ár enskunáms barnsins snúast mikið um að það fái sjálfstraust og njóti þess að læra nýtt tungumál. Viðfangsefni tengjast barninu og nánasta umhverfi þess. Mikil áhersla er lögð á myndræna úrvinnslu, hlustun og lestur léttra bóka. Eftir því sem líður á í ennskunáminu fer ritun að skipa stærri sess og nemendur fá markvissa þjálfun í því að rita stutta texta sem varða þá eða næsta umhverfi þeirra og áhugasvið.

Áherslur Aðalnámskrár grunnskóla liggja í *hlustun, lestri, töluðu máli og samskiptum* á milli nemenda, *frásögnum* nemenda og ritun. Fyrstu árin er talað mál og hlustun þungamiðjan. Lestur skiptir alltaf miklu máli í öllu tungumálanámi. Ritun þróast síðan smám saman eftir því sem orðaforðinn eykst. Vinnan í vetur tengist þrepamarkmiðum [Aðalnámskrár fyrir 5. – 8. árgang](#) bls. 19 – 24, en mikil breidd er í hópnum. Smám saman koma inn málfræðiatríði sem verða æfð en vægi hennar eykst hægt og bítandi eftir því sem færni nemandans eykst í tungumálinu.

Auk verkefna sem tengjast barninu sjálfu, umhverfi þess og áhugamálum bætast við tengingar við mál sem eru ofarlega á baugi og tengjast nemendum á einhvern hátt.

### Kennslugögn og kennsluhættir

Nemendur eru við upphaf tungumálanáms oftast en ekki með mjög ólíkan bakgrunn og forsendur. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir og stöðu nemenda með fjölbreyttu námsframboði, valverkefnum og sérsniðnum áherslum fyrir hvern og einn þó sameiginlegur þráður liggi í gegnum vinnu hópsins.

Kennslan er einkum tvískipt. Annars vegar er unnið í grunnbókum t.d. Network, Action eða öðru efni frá Námsgagnastofnun, þá er kennslan kennarastýrð og nemendum er skipt í hópa sem fylgjast sem allra mest að. Hins vegar eru valverkefni eða áhugasviðsverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni, afla sér upplýsinga og skila vinnunni með ýmsum hætti. Auk þessa verða stærri verkefni þar sem allur hópurinn vinnur að ákveðnu marki, t.d. veggspjaldasýning um t.d. ákveðnar borgir, staði, dýr eða áhugamál.

Enska verður töluð sem allra mest í kennslustundum og nemendur hvattir til þess að tala ensku.

Lesnar verða nokkrar bækur sameiginlega, t.d. My Fair Lady, Braveheart og saga eftir Jane Austin sem og aðrar bækur. Þá verður veraldarvefurinn mikið notaður í vetur.

Heftið Grammar and More verður mikið notað í vetur en þar er safnað öllum helstu orðaforðaþáttum og málfræðiatríðum sem nemendur eiga að kunna.

### Námsmat

Vinna nemenda í tímum, vinnubók og verkefni eru metin auk þess sem nemendur taka kaflapróf og svindlpróf þar sem nemendur fá að fara heim með prófið 1 – 3 dögum fyrir prófið og æfa sig en hafa ekki aðgang að neinum gögnum í prófinu sjálfu.

Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í tungumálanáminu eru metnir með símati en einnig eins og fyrr segir með prófi eða sérstökum verkefnum.

### Kennari

Jóhanna Thorsteinson

# Íslenska

Lestur

Úr lestrarstefnu skólans

Seint verður það ofsagt að lestrarþjálfun og góð lestrargeta er mikilvæg í námi barna og ungmenna. Við í Kerhólsskóla teljum því mikilvægt að setja þá þjálfun í markvissan farveg til að styðja kennara skólans, nemendur og foreldra í því starfi. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og áherslur í takt við stöðu nemandans hverju sinni.

Heimalestur á að eiga sér stað fyrir fullorðinn aðila og farið er fram á að **lesið sé í 10 - 15 mínútur í hvert sinn**. Kvittunarhefti munu fylgja lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þeir nemendur og foreldrar sem standa sig vel fá sýnilega umbun í kvittunarheftið.

Viðmið fyrir ástundun eru skráð fyrir hvern mánuð og gefin einkunn sem birt er í námsmati. Tekið verður tillit til þeirra mánuða sem eru styttri í skólasókn eins og desember og páskamánuðurinn. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir hann. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heim og í skóla.

**Samkvæmt lestrarstefnu skólans eru viðmið fyrir 7. –8. árgang þessi í heimalestri:**

Skipti í mánuði	Einkunn/námsmat
10 skipti eða meira	Ágætt
6 - 9 skipti	Á góðri leið
5 skipti eða minna	Þarf að þjálf

**Viðmið vegna atkvæðafjölda í lestri á hraðaprófi í Kerhólsskóla**

Bekkur	Atkvæði á mínútu
1.	10 - 60
2.	50 - 110
3.	100 - 170
4.	160 - 210
5.	200 - 250
6.	250 - 300
7.-10	300 - 350

Viðmiðin eru fundin út miðað við það námsefni sem hver bekkur þarf að fást við.

Í heimalestri má nota hvaða texta sem er, upp úr námsbókum, lesbókinni, dagblöðum, interneti, sendibréf eða hvað eina. Fjölbreyttur texti þjálfar lestrarlag og lesskilning.

Mikilvægt er að heimili, nemandi og skóli haldi vel utan um lesturinn svo um framfarir sé að ræða. Góð lestrarfærni er gulls ígildi.

Lestur er svolítið eins og íþrótt - hann má æfa og þá skilar árangurinn sér með vöxtum!

Fyrirkomulag – ytri rammi

Það verður mikil áhersla lögð á lestur og mun hver dagur byrja á því að nemendur lesa í hljóði eða upphátt bók að eigin vali eða bók sem hópurinn les saman. Nokkrum sinnum yfir veturinn þurfa nemendur að standa skil á því sem þeir lesa í morgunlestrinum. Nemendur munu lesa a.m.k. eina skáldsögu og eina Íslendingasögu í vetur. Nemendur munu skila skýrslum, svörum við spurningum eða ritgerðum tengdum lestrinum auk þess sem vinna tengd gagnvirkum lestri verður áfram þar sem lesskilningur er þjálfaður.

7.árgangur tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni og mun því æfa upplestur og framsögn sérstaklega og þar mun 8. árgangur fylgja með.

Íslenska

Fyrirkomulag – ytri rammi

Íslenska er hluti af öllu námi barnsins. Meira að segja tungumál byggja á hæfni barnsins í t.d. lestri, ritun, málfræði og skrift. Það er því ekki að undra að íslenskan skipar stóran þátt í skólastarfinu.

Auk þeirra íslenskutíma sem eru í viðmiðunarstundaskrá, þar sem fengist er við ýmis verkefni tengd lestri, bókmenntum, málfræði eða hverju því sem á við, er greinin samþætt öðrum greinum. Ritun fer að stórum hluta fram í gegnum landafræði og sögu sem og stafsetning þar sem verkefni eru lesin yfir með nemanda og leiðrétt. Framsögn kemur einnig víða við sögu þar sem nemendur kynna verkefni sín og vinnu.

Fjallað verður um ljóð og nemendur eiga að læra nokkur ljóð utanbókar og kynna sér bragfræði frekar og myndmál ljóðlistarinnar. Áherslan í vetur verður á tímabilið sem farið er yfir í sögu eða frá rúmlega 1800 – 1900 en það á þeim tíma réð rómantíska stefnan lögum og lofum.

Eins og áður var komið inn á tekur 7. bekkurinn þátt í Stóru upplestrarkeppninni og mun því upplestur og framsögn taka sinn skerf af tíma okkar. Mikil áhersla er sömuleiðis á þann þátt í kringum árshátíðina okkar þar sem lögð er áhersla á flutning texta með áherslum og ritun því nemendur koma að handritsgerðinni með einum eða öðrum hætti. Auk ritunar sem tengist námsefni vetrarins mun áhersla vera lögð á frjálsa ritun þar sem nemandi skrifar um sjálfsvalið efni eða velur úr nokkrum viðfangsefnum. Áhersla er lögð á að kenna nemendum vinnuferlið þar sem fyrst er unnið að heimildaöflun ef þarf, uppkast, yfirlestur eftir þörfum og að lokum hreinritun. Nemendur eiga ýmist að skila verkefnum handrituðum eða í tölvu og þá er lögð áhersla á rétta fingrasetningu.

Í málfræði verður unnið með stóru orðflokkanum þrjá, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Inn lædist einnig smáorðaflokkurinn. Nemendur eiga að þekka einkenni orðflokkanna, þekkja þá og geta nýtt sér þekkingu sína í t.d. í stafsetningu. Unnið verður með orðtök og málshætti í vetur og leikið sér með blæbrigði málsins t.d. með orðmyndun og orðhlutafræði. Eitt meginverkefni vetrarins er að auka orðaforða nemandans .

### **Kennslugögn og kennsluhættir/kennsluáferðir**

Nemendum verða falin verkefni og bækur sem henta hverjum og einum. Grunnhugmyndafræðin í íslenskunni er heildstæð móðurmálskennsla þar sem hver grein af þeim breiða stofni fléttast saman og hver grein er órjúfanlegur hluti af heildinni. Grunnur kennslunnar verða textar úr Mályrkju sem nemendur lesa saman og unnið er með hann á ýmsan hátt. Með Mályrkju er málfræðiefnið Finnur og stafsetningarefnið Orðalind þar sem textabrot eru nýtt til frekari vinnu. Í vetur vinnum við með seinni hluta Mályrkju þar sem valdar sögur eru teknar fyrir. Boðskapur þeirra ræddur og fjallað um þau gildi sem þar koma fram. Sumir textarnir kalla fram viðbröð og mismunandi sjónarhorn og í umræðu tímum fjöllum við um þá þætti, vegum og metum. Mismunandi gleraugu er hægt að setja upp á meðan lesið er, eða að lestri loknum; bókmenntarýni, málfræðiaefing eða lesskilningur, allt eftir áherslum hvers og eins. Ýmis verkefnavinna dýpkar skilning nemenda á efninu og reynt verður að leyfa nemendum að skila verkefnum sínum á fjölbreyttan hátt, hvort heldur sem er, í íslensku eða öðrum greinum.

Málfræði og bókmenntir munu skipan stærstan hluta kennslunnar en stafsetningin skipar einnig veglegan sess og sérstök áhersla verður á að bæta hana umtalsvert hjá sem flestum með sérstökum æfingum og auknum lestri.

Báðir árgangar munu lesa bók sem skrifuð er í ekki fjarlægri fortíð en einnig verður Laxdæla lesin saman og verkefnin tengd henni unnin.

### **Námsmat**

Lestrarpróf verða tekin reglulega til að meta framfarir í hraða en einnig koma framsagnarpróf inn í vetur þar sem áhersla er lögð á hversu áheyrilegur og lifandi lesturinn er.

Verkefni nemenda í ritun eru metin eftir ákveðnum matslistum þar sem kröfur sem gerðar eru til verkefnisins koma fram og eru nemendum ljósar á meðan á vinnuferlinu stendur. Stafsetning er metin með stílum en einnig í verkefnavinnu.

Skrift er samþætt öðrum greinum íslenskunnar en áhersla vetrarins er að nemandi hafi læsilega rithönd og setji sinn persónulega svip á hana.

Ritgerðir nemenda verða metnar eftir ákveðnum matskvörðum sem nemendum eru kynntir í upphafi vinnunnar.

Í vetur verur a.m.k. eitt nokkuð ítarlegt íslenskupróf lagt fyrir þar sem metnir eru þættir málfræðinnar, málnotkun, lesskilningur og hlustun.

Nemendur safna vinnu sinni yfir veturinn saman og búa til vinnubók.

Til grundvallar námsmats verður þátttaka í umræðum, vilji til að færa rök fyrir máli sínu, virk hlustun og vinnubrögð tengd verkefnum sem lögð eru fyrir og finna má í vinnubókinni.

### **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## **Íþróttir-, líkams- og heilsurækt**

### **7. bekkur**

#### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 7. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku, einn tíma 40 mín. í senn og annan 75 mín. í senn. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 7. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennslan fer fram í útilauginni.

Í öllum íþróttatímum og sundtímum er 7. bekkur í samkennslu með 8. bekk.

#### **Áherslupættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 7. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunaproskinn er að sjálfsögðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 7. bekkjar í leikfimi og 7. sundstiginu í sundi.

#### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttahöld sem henta hverju sinni. Íþróttahúsið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

#### **Þrepamarkmið 7. bekkjar**

Hlaupa á rólegum hraða í 12 mín.

700 m hlaup. (tími)

Píptest

Samsetning: Langur kollhnís, forhopp, handahlaup, snúningur í handstöðuveltu, kollhnís. (tækni)

Innanvert stökk af bretti yfir kistu. (tækni)

Undirsveifla á slá í terru, velta áfram í réttstöðu. (tækni)

Fingurslag (5x), fleygur (5x), uppgjöf (5x).

Knattrak í körfuknattleik og sniðskot á körfu. (tækni)

Langstökk án atr. (lengd)

Hástökk með atr. (hæð)

60 m spretthlaup. (hraði)

Boltakast með 80 g. bolta. (lengd)

Liðleiki á kassa

Þrekpróf (styrkur, snerpa, hraði og úthald í ákv. tíma)

### **Sundstig 7**

300 m bringusund á 10 mín.

25 m skriðsund á 32,0 sek.

50 m bringusund á 74,0 sek.

25 m skólabaksund, still.

25 m baksund, still.

25 m bringusund, still.

8 m kafund, stíll.

Stunga af bakka, still.

15 m björg.sund m. jafningja.

### **Námsmat:**

Námsmat í 7. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

## **8. bekkur**

### **Fyrirkomulag:**

Leikfimi: 8. bekkur fær leikfimikennslu 2x í viku, einn tíma 40 mín. í senn og einn 75 mín. í senn. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er u.þ.b. 7 vikur á ári, 4 vikur að hausti og 3 að vori.

Sund: 8. bekkur fær sundkennslu 1x í viku, 40 mín. í senn. Kennslan fer fram í útilauginni.

Í öllum íþróttatímum og sundtímum er 8. bekkur í samkennslu með 7. bekk.

### **Áhersluþættir:**

Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár fyrir 8. bekk.

Þar er m.a. unnið með félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu.

Vitsmunafroskinn er að sjálfsgöðu til staðar þar sem nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengi við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Þá er mikil áhersla lögð á að þjálfar skyn-, hreyfi- og líkamsþroska. Lagt er upp með að með vorinu nái nemendur þrepamarkmiði 8. bekkjar í leikfimi og 8. sundstiginu í sundi.

### **Kennsluhættir og gögn:**

Unnið er með þau íþróttaáhöld sem henta hverju sinni. Íþróttahásið er vel búið ýmsum smááhöldum og stærri tæki eru til í nokkru magni. Nemendur kynnast flestum áhöldunum.

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra eða einstaklingsins.

Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds. Nemendur vinna mikið í þörum eða hópum en þess er gætt að einstaklingurinn fái rúm til að æfa sjálfan sig.

Þrepamarkmið 8. bekkjar

Hlaupa á rólegum hraða í 12 mín.

700 m hlaup. (tími)

Píptest

Samsetning: Langur kollhnís, forhopp, handahlaup, snúningur í handstöðuveltu, kollhnís. (tækni)

Utanvert stökk yfir kistu (langsum). (tækni)

Armanga á bita (3m).

Fingurslag, fleygur og sending (hver á eftir öðru). (tækni)

Knattrak á tíma. (tækni og hraði)

Körfuskot. (tækni og hittni)

Langstökk án atr. (lengd)

Hástökk með atr. (hæð)

60 m spretthlaup (hraði)

Boltakast með 80 g. bolta. (lengd)

Liðleiki á kassa.

Þrekpróf (styrkur, snerpa, hraði og úthald í ákv. tíma).

Sundstig 8

400m frjáls aðferð, viðstöðulaust.

25m skriðssund, still.

25m baksund, still.

25m skriðsund 30 sek.

50m bringusund á 65 sek , strákar/ 67 sek stelpur.

Troða marvaða í 1 mínútu.

8m kafsund að hlut á botni laugar, endurtekið eftir 10 sek.

### **Námsmat:**

Námsmat í 8. bekk byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Að auki tekur námsmatið mið af líkamlegri færni nemenda samkvæmt þrepamarkmiðum og sundstigi.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## **Landafræði**

### **Fyrirkomulag**

Viðfangsefni vetrarins í landafræði eru tengd þrepamarkmiðum Aðalnámskrár grunnskóla fyrir 7. og 8. árgang með þeim áherslum sem fara hér á eftir; Evrópa –áhrif mannsins á landafræði – læri um veður og veðurfar og þá sérstaklega í Evrópu. Þeir læri um helstu náttúrufyrirbæri, s.s.ár, fjallgarða og vötn. Þeir kynni sér auðlindir og náttúruvernd Nemendur halda áfram að nýta sér kortabækur, lestur á kort.

Áhersla vetrarins verður því á Evrópu og samspil manns og náttúru.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Fyrirkomulag landafræðikennslunnar verður um margt líkt og sögukennslunnar. Vetrinum verður skipt í annars vegar vinnu tengdri landafræði og hins vegar sögu. Fastir timar verða í töflu.

Landafræði er samþætt íslensku og ritunarverkefni tilheyra báðum þessum greinum.

Tölvunotkun verður einnig nokkur. Nemendur munu gera ýmis verkefni, stór og smá – í hóp eða einstaklingslega þar sem reynir á sjálfstæði jafnt sem samvinnu.

Verkefnin verða með ýmsu móti og útfærsla þeirra mótast af vilja og áhuga nemendanna sjálfra. Nemendur safna efni í námsmöppur, vinna veggspjöld, útdrætti og endursagnir, verkefni í tölvum eða kynningar.

Námsgögn verða fjölbreytileg, bækur frá Námsgagnastofnun sem henta viðfangsefnum hverju sinni, nýjar bækur um Evrópu, Norðurlönd og Almenn landafræði 1 auk þess við nýtum bókakost bókasafnsins hér og/eða á Selfossi. Veraldarvefurinn kemur sömuleiðs mikið við sögu.

### **Námsmat**

Vinna nemenda í tímum verður metin, svo sem eins og glósur, verkefni, samvinna og stærri verkefni. Búast má við verkefnum þar sem reynir á staðreyndaþekkingu nemenda við og við á námsferlinu.

Við mat á vinnu nemenda er lögð áhersla á hegðun, frumkvæði og sjálfstæði um leið og samvinna og stuðningur við félagana er einnig metin. Skrift og frágangur skiptir ætíð máli þó gæðin fari eftir þeim áherslum sem gerðar eru hverju sinni. Glósur þurfa að vera snyrtilega unnar, vel læsilegar og ekki má vanta efni þar inn – ef nemandi missir af

tímum þarf hann að ná sér í glósur frá félögum sínum eða kennara. Í verkefnavinnu skipir útlit verkefna miklu máli og að alúð sé lögð í vinnuna.

## **Kennari**

Árni Sverrir Bjarnason / Jóhanna Thorsteinson

## **Lífsleikni**

### **Fyrirkomulag**

Hver nemandi fær eina kennslustund í viku í lífsleikni.

Reynt verður að skapa andrúmsloft og aðstæður þar sem nemendur taka þátt í umræðum, læra að tjá sig og skoðanir sínar – koma sér á framfæri með sem skipulögðustum og áhrifaríkum hætti.

Í umræðum skiptir miklu máli að læra að hlusta á virkan hátt og bera virðingu fyrir skoðunum og sýn annarra um leið og nauðsynlegt er að geta fært rök fyrir máli sínu. Fjölmíðlar og auglýsingar eru stór hluti tilveru unglingsins og mikilvægt er að hjálpa honum að verða gagnrýninn neytandi sem getur myndað sér sem sjálfstæðastar skoðanir á þeim áreitum sem dynja á honum daglangt.

Viðfangsefni lífsleikninnar miðast fyrst og fremst við þrepamarkmið Aðalnámskrár frá 2007 fyrir 8. bekk en þar segir m.a. um lífsleikni:

*Útfærsla lífsleikni í aðalnámskrá hvílir annars vegar á viðfangsefnum þar sem sjálfsþekking, þroski og mannrækt einstaklinga er í brennidepli og hins vegar á viðfangsefnum þar sem ytri þættir daglegs lífs eru í fyrirrúmi. Hinum fyrrnefndu hefur verið gefið heitið sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll.*

*Hin síðarnefndu eru sett fram undir heitinu samfélag, umhverfi, náttúra og menning. Hér gefst skólum kostur á að taka inn efni sem snýr meira að sérstöðu og áherslum í skólastarfi, hugmyndafræði, staðháttum og dægurmálum sem upp koma hverju sinni og leita á nemendur og kennara. Um er að ræða viðfangsefni sem oft og tíðum eru sótt í nánasta umhverfi nemandans og hann þarf að glíma við í daglegu lífi. Nefna má forvarnir og slysavarnir. Einnig má nefna gildi þess að kynnast mannúðar- og sjálfboðastarfi í þessu samhengi.*

*Þótt öll lokamarkmið og áfangamarkmið greinarinnar séu jafngild má líta á sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl sem kjarna greinarinnar.*

### **Kennslugögn og kennsluhættir/aðferðir**

Námsbókin Hugi verður notuð í vetur auk þess sem kennslumappan í Sátt og samlyndi verður notuð.

Umræður eru stór hluti af náminu og áherslan í vetur verður að vinna með þætti sem þjálfar okkur í samræðulistinni. Nemendur vinna ýmist saman eða einir allt eftir áherslum hverju sinni.

### **Námsmat**

Nemendur safna vinnu sinni yfir veturinn saman og búa til vinnubók.

Til grundvallar námsmats verður þátttaka í umræðum, vilji til að færa rök fyrir máli sínu, virk hlustun og vinnubrögð tengd verkefnum sem lögð eru fyrir og finna má í vinnubókinni.

### **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## **Náttúrufræði og umhverfismennt**

### **Áhersluþættir**

Læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, velferð og sköpun eru hornsteinar nýrrar námskrár og verður sérstök áhersla lögð á alla þessa þætti í náttúrufræðikennslu í vetur.

Læsi verður þjálfað með lestri fjölbreyttra texta, þar sem nemendur lesa og túlka, leita upplýsinga og draga ályktanir, ýmist einstaklingslega eða í hópi. Lagðir verða inn áhersluþættir úr gagnvirkum lestri fyrir nemendur að styðjast við.

Sjálfbærnihugtakið verður kynnt í tengslum við viðfangsefni vistfræðinnar og nemendur fengnir til að átta sig á hlutverki sínu í að stuðla að sjálfbærni.

Lýðræði verður nálgast með því að leyfa nemendum að hafa eitthvað um nám sitt að segja, efla ábyrgð þeirra á eigin námi og efla gagnrýna hugsun.

Jafnrétti verður eflt með því að leggja áherslu á að nemendur stundi nám sitt á eigin forsendum, rækti hæfileika sína og efla víðsýni sína og umburðarlyndi í samskiptum í bekknum. Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð en þann þátt verður farið sérstaklega vel í í báðum bekkjum.

Mikilvægi heilbrigðis og velferðar verður rætt og þar komið inn á þættina jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra, sérstök áhersla verður lögð á þetta í tengslum við kafla um kynfræðslu og vináttu.

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika (úr Aðalnámskrá grunnskóla 2011). Sköpun verður nýtt sem úrvinnsluleið við verkefni eins mikið og kostur er. Er þar um að ræða sköpun við framsetningu verkefna, námsleiðir, umræður o.fl.

Unnið verður að markmiðum Aðalnámskrár fyrir 7. og 8. bekk þar sem dregnir verða fram áhersluþættir tengdir lífvísindum og eðlisvísindum, jarðvísindi verða ekki tekin fyrir í ár. Þannig verður unnið að markmiðum tengdum frumum, mannum, stofnum, vistkerfum og að búa á jörðinni úr áfangamarkmiðum fyrir 8-10. bekk úr lífvísindum og tengd þar inn markmið úr námskrá fyrir 7. bekk, eftir því sem þarf til að nemendur hafi grunn til að nálgast viðfangsefnin. Aðeins verður um ólíkar áherslur milli bekkja að ræða í kynfræðsluhluta námsþáttarins um manninn, þar sem 7. bekkur fylgir áfangamarkmiðum 7. bekkjar en 8. bekkur áfangamarkmiðum 8. - 10. bekkjar, að öðru leyti fylgjast bekkirnir að við yfirferð efnis.

Í eðlisvísindum verður lögð sérstök áhersla á þættina bygging og eiginleikar efnis og efnabreytingar úr áfangamarkmiðum fyrir 8. – 10. bekk og tengd þar inn markmið úr áfangamarkmiðum fyrir 7. bekk til að gæta að því að nemendur hafi þann grunn sem þarf til að byggja á frekari þekkingu.

Á haustdögum var farið í tveggja daga ferð að Þingvöllum, þar sem unnið var að fjölbreyttum verkefnum og upplifunum. Ýmislegt sem þar var gert kemur inn á námskrá 7. og 8. bekkja í náttúruvísindum, sérstaklega viðfangsefna vistfræðinnar s.s. plöntugreining, dýralíf og sýnataka við vatnið. Úrvinnsla úr ferðinni var með þeim hætti að sameiginleg upplifun nemenda úr ferðinni var nýtt til að yfirfæra þekkingu á hugtökum sem nemendur lærðu tengt viðfangsefni vistfræðinnar. Nemendur nýttu sér þekkingu sína af vistkerfi Þingvalla til að ræða um aðlögun, fæðukeðjur, samskipti milli lífvera, kjörbyli, stofna og líffélög og samspil lífvera og lífvana umhverfis. Heimildir voru nýttar til að dýpka þekkingu nemenda á vistkerfi Þingvalla.

### **Kennslugögn og kennsluhættir:**

Samkensla er í 7. og 8. bekk.

Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um þekkingu sína og geti beitt henni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og til að bæta það. Þetta er gert með því að fá nemendur til að beita nýrri þekkingu á aðstæður sem þeir þekkja til að greina og skilja umhverfi sitt á nýjan hátt. Þannig verður nemendum gefinn kostur á að dvelja við nýja þekkingu og setja í samhengi við það sem þeir þekkja. Lagt verður upp úr umræðum, bæði á bekkjarvísu sem og í hópum og pörum þar sem lögð verður áhersla á opnar og gagnrýnar spurningar.

Nemendur afla sér upplýsinga ýmist með sjálfstæðri vinnu, í hópavinnu eða með innlögnum frá kennara.

Úrvinnsla verður með fjölbreyttum hætti, reynt verður að nýta sköpun nemenda til þess að fá þá til að túlka og koma til skila nýrri þekkingu sinni og skilningi.

Upplifunarbók nýta nemendur í tengslum við Þingvallaferð.

Kennt verður tvisvar í viku, annars vegar í 80 mínútna lotu og hins vegar 60 mínútna lotu.

### **Grunnámsefni vetrar eru bækurnar:**

- Einkenni lífvera

- Efnisheimurinn
- 7. bekkur; Maðurinn – hugur og heilsa; Að verða fullorðinn bls. 64 – 75, Vinir og óvinir (76-85).
- 8. bekkur; Um stelpur og stráka

### **Einnig nýtt:**

- Handbækur tengdar efninu
- Upplýsingar af ýmsum vefsíðum
- Náttúruskoðun við skólann og á Þingvöllum
- Myndbönd

### **Námsmat**

Lagt er upp með að hafa námsmat með sem fjölbreyttustum hætti og eru þeir matsþættir sem nefndir eru hér að neðan ýmist metnir af kennara eða nemendum, bæði með sjálfsmati og jafningjamati. Fyrirkomulag á námsmati verður með ýmsu móti; kynningar, kannanir, verkefni (skrifleg og myndræn) og munnleg próf.

Vinnulag, vinnuframlag, frumkvæði og sjálfstæði er metið í verkefnavinnu, umræðum og tilraunum. Mat er að mestu hugsað sem leiðsagnarmat en einnig er beitt lokamati.

### **Kennari**

Ásta Björk Björnsdóttir

## **Saga**

### **Fyrirkomulag og áherslur**

Viðfangsefni vetrarins tengjast tillögum að þrepamarkmiðum fyrir 8. árgang samkvæmt [Aðalnámskrá grunnskóla í sögu](#).

Saga verður kennd í lotum í vetur og áherslan er tímabilið 1830 – 1900 en einnig verða fastir tímar á töflu eftir því sem við á. Sjálfstæðisbaráttan er því stór hluti af námsefni vetrarins þar sem í forsæti situr Jón Sigurðsson en nemendur kynnast ævi hans og verkum en hann er orðinn holdgervingur íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Franska byltingin leikur stóran þátt í þeim breytingum sem urðu í Evrópu allri á þessum tíma – og heiminum öllum. Einnig kynnast nemendur upphafi jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi.

Auk þessa verður skimað yfir helstu viðburði í Íslandssögunni frá Gamla sáttmála fram undir aldómótin 1800 til þess að nemendur nái að móta sinn eigin tímaás í sögu landsins.

Nemendur kynnast áhrifum breytinga á atvinnuháttum bæði í heiminum öllum sem og á Íslandi en breytingar þar á höfðu mikil áhrif á byggðapróun á Íslandi og híbýli manna breyttust mikið. Miklar breytingar urðu á flestum þáttum mannlífs á Íslandi á þessum árum.

Ef tími vinnst til þá vinna nemendur verkefni sem tengist lífshlaupi þekkra listamanna sem þeir geta valið sér sem hafa sett mark sitt á líf okkar allra allt fram á þennan dag.

### **Kennslugögn og kennsluhættir/kennsluaðferðir**

Sagan er samþætt íslensku og ritunarverkefni tilheyra báðum þessum greinum. Tölvur munu sömuleiðs verða mikið notaðar. Nemendur munu gera ýmis verkefni, stór og smá – í hóp eða einstaklingslega þar sem reynir á sjálfstæði jafnt sem samvinnu.

Verkefnin verða með ýmsu móti og útfærsla þeirra mótast af vilja og áhuga nemendanna sjálfra. Nemendur safna efni í námsmöppur, vinna veggspjöld, útdrætti og endursagnir, verkefni í tölvum eða kynningar.

Námsgögn verða fjölbreytileg, bækur frá Námsgagnastofnun sem henta viðfangsefnum hverju sinni. Helstu bækur eru um Jón Sigurðsson, Sögueyjan 2, Í fullorðinna tölu og bókakostur bókasafnsins hér og á Selfossi. Veraldarvefurinn kemur sömuleiðs mikið við sögu.

### **Námsmat**

Vinna nemenda í tímum verður metin, svo sem eins og glósur, verkefni, samvinna og stærri verkefni. Búast má við verkefnum þar sem staðreyndakunnátta er prófuð.

Við mat á vinnu nemenda er lögð áhersla á hegðun, frumkvæði og sjálfstæði um leið og samvinna og stuðningur við félagana er einnig metið. Skrift og frágangur skiptir ætíð máli þó gæðin fari eftir þeim áherslum sem gerðar eru hverju sinni. Glósur þurfa að vera snyrtilega unnar, vel læsilegar og ekki má vanta efni þar inn – ef nemandi missir af tímum þarf hann að ná sér í glósur frá félögum sínum eða kennara. Í verkefnavinnu skipir útlit verkefna miklu máli og að alúð sé lögð í vinnuna.

### **Kennari**

Jóhanna Thorsteinson

## **Stærðfræði**

### **Áhersluþættir**

Unnið verður að markmiðum Aðalnámskrár eftir því sem hver og einn hefur færni til. Nemendur gera sér áætlun í stærðfræðivinnunni í samráði við kennara og vinna eftir henni í grunnefni sem fellur að færni hvers og eins.

Læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, velferð og sköpun eru hornsteinar nýrrar námskrár og verður unnið með ákveðna þætti í stærðfræði í vetur sem hér segir:

Unnið verður með **læsi** nemenda í tengslum við grunnefni og raunhæft verkefni. Lögð verður áhersla á að nemendur geti alla jafna nýtt sér upplýsingar úr texta til að taka ákvarðanir um úrlausn dæma. Læsi á myndrænar upplýsingar verður þjálfað í tengslum við tölfræði.

**Lýðræði** verður nálgast með því að leyfa nemendum að hafa eitthvað um nám sitt að segja, efla ábyrgð þeirra á eigin námi og efla gagnrýna hugsun. Því verður lögð áhersla á sjálfstæða áætlanagerð og val á viðfangsefnum eftir því sem kostur er á og áhugasviðstengda vinnu í raunhæfu verkefni. Þrautalausnir verða nýttar til að efla gagnrýna hugsun, þar sem nemendur æfa sig í að ræða hugmyndir sínar, rökstyðja mál sitt og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

**Jafnrétti** verður eflt með því að leggja áherslu á að nemendur stundi nám sitt á eigin forsendum, rækti hæfileika sína og efli víðsýni og umburðarlyndi í samskiptum í bekknum.

**Sköpun** verður nýtt sem úrvinnsluleið t.d. við teikningar og módelsmíð sem og við þrautalausnir og framsetningu á þeim. Nemendur verða hvattir til að nýta sér verklega úrvinnslu verkefna eftir því sem kostur er til að styrkja og útbúa sér „hugarverkfæri“ fyrir stærðfræðivinnu.

#### **Kennslugögn og kennsluhættir:**

Samkenntsla er í 7. og 8. bekk. Nemendur vinna í stærðfræðitengdum verkefnum 6 tíma í viku, 2 sinnum 40 mínútur og 2 sinnum 80 mínútur.

Lagt er upp með að nemendur vinni einstaklingslega eða í fámennum hópum eftir því sem hentar námslagi hvers og eins. Gerð verður krafa um hópavinnu í rökþrautum sem unnar verða reglubundið í vetur.

Stórt raunhæft verkefni verður unnið í tveimur lotum fyrir og eftir jól. Nemendur vinna í fámennum hópum að því að skapa fyrirtæki og vinna ýmiskonar útreikninga tengda hönnun byggingar fyrir fyrirtækið og rekstri þess. Samþætting verður við upplýsinga- og tæknimennt í þessu verkefni.

Sérkennari verður til stuðnings nemendum tvisvar í viku og vinnur með hópnum eða einstaklingum að markmiðum þeirra eftir því sem þörf er á, í samráði við fagkennara.

#### **Grunnnámsefni vetrar eru bækurnar:**

- Átta – tíu, 3
- Átta – tíu, 2
- Átta – tíu, 1
- Níu plús
- Átta plús
- Geisli 3, 3A og 3B
- Geisli 2, 2A og 2B

#### **Einnig nýtt:**

- Ýmiskonar efni tengt viðfangsefni hvers og eins til að dýpka skilning
- Gögn ýmiskonar s.s. kubbar, stikur, mælitæki o.fl.
- Vefsíður og aðrar heimildir tengdar raunhæfu verkefni.

## Námsmat

Vinnulag, vinnuframlag, frumkvæði og sjálfstæði í tímum er metið með símati.

Nemendur taka kaflapróf eftir að hverjum námsþætti lýkur og verða niðurstöður nýttar til að fá mynd af færni nemanda í þættinum og leggja upp næstu áhersluþætti, umsagnir verða leiðsejandi.

Nemendur vinna sjálfsmat þar sem þeir fá fram mynd af vinnulagi sínu, færni og þörfum.

Niðurstöður samræmdra prófa úr 7. bekk verða nýttar til að greina stöðu hvers nemenda og leggja áherslu í kennslu út frá þeim.

Mat verður lagt á raunhæft verkefni, bæði með sjálfsmati, jafningjamati og kennaramati þar sem horft verður til sjálfstæðis, færni í samskiptum og úrræða í vinnunni.

## Kennari

Ásta Björk Björnsdóttir

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Áhersluþættir

Læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, velferð og sköpun eru grunnþættir Aðalnámskrár og verður unnið með ákveðna þætti í upplýsinga- og tæknimennt í vetur sem hér segir:

- Unnið verður með læsi nemenda í tengslum við vel flest viðfangsefni þar sem lögð verður áhersla á upplýsinga-, tækni og menningarlæsi sem og að nemendur lesi tölulegar og myndrænar upplýsingar, auk upplýsinga úr textum ýmiskonar og beita þá margskonar lestri, bæði skimun og ítarlestri.
- Lýðræði verður nálgast með því að leyfa nemendum að hafa eitthvað um nám sitt að segja, efla ábyrgð þeirra á eigin námi og efla gagnrýna hugsun. Leitað verður eftir áhugasviðum nemenda og mati þeirra á hvað þeir helst vilja og þurfa að tileinka sér í upplýsinga- og tæknimennt. Nemendur fá tækifæri til að skoða fjármál sín og sjálfsvitund þeirra á sviði fjármála efla.
- Jafnrétti verður eflt með því að leggja áherslu á að nemendur stundi nám sitt á eigin forsendum, rækti hæfileika sína, efli víðsýni og umburðarlyndi í samskiptum í bekknum og þjálfist í hópavinnu.
- Módelsmíð og undirbúningur þess kallar á skapandi vinnu. Nemendur fá tækifæri til að vinna í teikniforritinu Google Sketchup. Lögð verður áhersla á að nýta skapandi leiðir við framsetningu verkefna.

### **Kennslugögn og kennsluhættir:**

Samkennsla er í 7. og 8. bekk. Nemendur hafa 40 mínútur á viku í upplýsinga- og tæknimennt en reynt er að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar eins og hægt er þar sem nemendum er ýmist ætlað að afla upplýsinga af veraldarvefnum eða setja fram upplýsingar í power point, word eða á myndrænan hátt í excel. Stuðst verður við námsefni *Hvað kosta ég auk leiðbeininga um Exel-forritið*,

Samþætting við stærðfræði verður raunhæft verkefni sem verður unnið í tveimur lotum fyrir og eftir jól. Nemendur vinna í fámennum hópum að því að skapa fyrirtæki og vinna ýmiskonar útreikninga tengda hönnun byggingar fyrir fyrirtækið og rekstri þess. Aðrar greinar fléttast einnig inn í þessa vinnu svo sem íslenska og framsögn.

### **Námsmat**

Vinnulag, vinnuframlag, frumkvæði og sjálfstæði í tímum er metið með símati.

Nemendur vinna sjálfsmat þar sem þeir fá fram mynd af vinnulagi sínu, færni og þörfum.

Nemendur senda kennara verkefni og fá rafræna endurgjöf á verkefni, leiðsagnarmat.

Mat verður lagt á raunhæft verkefni, bæði með sjálfsmati, jafningjamati og kennaramati þar sem horft verður til sjálfstæðis, færni í samskiptum og úrræða í vinnunni.

### **Kennari**

Ásta Björk Björnsdóttir

## **Valgreinar – Smiðjur**

### **Fjölsmiðja**

#### **Fyrirkomulag**

Fjölsmiðja er kennd allan veturinn og allir nemendur í 7. og 8. árgangi eru í henni.

Viðfangsefni smiðjunnar eru fjölmörg eins og nafn hennar ber með sér.

Meginmarkmið fjölsmiðjunnar er að kynna fyrir nemendum ýmislegt það sem vekur áhuga þeirra. Í fámennum skóla er erfitt að standa að fjölbreytilegu vali en með því að nemendur vinna áhugasviðsverkefni með aðstoð kennara má nálgast viðfangsefnin með ýmsum hætti. Sá er tilgangur Fjölsmiðjunnar. Nemendur vinna ýmis verkefni, oft einstaklingslega en einnig í hóp og við fáum góða gesti í heimsókn sem geta aðstoðað okkur, t.d. í bridge, tónlist og myndlist ef áhugi er fyrir hendi.

Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðaðri kennsluáætlun og mikið veltur á að þeir sýni ábyrgð og sjálfstæði við vinnu sína.

Hver vinnulota er um 10 vikur en þó getur það verið breytilegt eftir viðfangsefnum.

Vorið 2010 var lögð fyrir nemendur áhugasviðskonun og kom þá í ljós hvaða þætti nemendur vildu helst kynna sér. Þessir voru helstir sem verða teknir fyrir í vetur.

Hljóðfæragerð  
Spil  
Skólablað  
Stafræn myndbandagerð

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Einn kennari er í Fjölsmiðju sem aðstoðar allar nemendur eftir því sem frekast er kostur. Mikið veltur á samstarfsvilja, sjálfstæði og áhuga nemendanna sjálfra. Sameiginleg ábyrgð er í hávegum höfð. Ýmis gögn verða notuð við kennsluna, veraldarvefurinn, bækur og ljósrit.

### **Námsmat**

Námsmat byggir mikið á áhuga, framtakssemi og sjálfstæði hvers nemanda. Áhugasviðssamningur og vinnurammi sem gerður er út frá honum verður lagður til grundvallar námsmats auk þess vinnuframleg og verkefni verða metin.

### **Kennari:**

Árni Sverrir Bjarnason / Jóhanna Thorsteinson

## **Handverkssmiðja**

### **Fyrirkomulag og áherslupættir**

Handverkssmiðjan er tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn frá janúar – maí. Handverkssmiðjan inniheldur fjóra meginþætti:

1. Glerlist
2. Glerbræðsla
3. Skart og málmur
4. Trésmíði

Nemendur velja sér eitt eða fleiri viðfangsefni innan smíðjunnar.

Nemendur kynnast öllum þessum námsþáttum og vinna verkefni í þeim þáttum sem þeir kjósa. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist ákveðnum vinnuaðferðum sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir hönnun og smíði og myndmennt. Einnig er lögð áhersla á að kenna nemendum að ganga vel um vinnusvæði sín og gæta fyllsta öryggis. Kennslan fer fram í Hömrum smíðastofu og á útinámssvæði skólans.

### **Kennslugögn og kennsluhættir**

Kennslan byggir fyrst og fremst á einstaklingskennslu en stundum eru stuttar innlagnir fyrir allan hópinn þar sem kenndir eru ákveðnir verkþættir. Stuðst er við ýmsar bækur og ljósrit um glersmíði, glerbræðslu, trésmíði og málmsmíði.

Í glersmíði hanna nemendur og búa til ýmsa hluti úr gleri, s.s. kertastjaka, myndir, skartgripir o.fl. Þeir skera niður gler, pússa kantana, setja koparþynnu á glerið og lóða síðan saman. Einnig verður unnið með glermósaik.

Í glerbræðslu læra nemendur glerbræðslu með gegnumlituðu gleri, bræðslu og litun á flotgleri, mótagerð o.fl. Aðallega verður notað venjulegt rúðugler (flotgler) og það málað og búnað til skálar með því að bræða slétt gler sem er sett yfir ákveðin form/mót. Í Skart og málm smíða og hanna nemendur skartgrip og litla nytjahluti úr málm, s.s. skálar, kertastjaka, hringi, hálsmen og beltissylgjur. Smíðað er úr kopar, messing eða nýsilfri. Málmur er formaður til, klipptur og sagaður og lóðaður saman. Í trésmíði verður unnið með efni úr náttúrunni í náttúrunni. Skólalóðin verður vinnusvæði númer eitt og verður m.a. unnið við skýlið, s.s. borð, bekki og tálgaðir snagar o.fl

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati kennara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Auk þessa er sjálfsmat nemenda hluti af námsmatinu.

### **Kennari**

Hilmar Björgvinsson

## **Íþróttasmiðja**

### **Fyrirkomulag**

Íþróttasmiðja fer fram 1x í viku, 80 mín. í senn hálfan veturinn. Kennslan fer fram í íþróttasal.

### **Áhersluþættir**

Áhersla er lögð á þær íþróttagreinar sem nemendur völdu sér. Reynt er að taka allar þær greinar sem nemendur höfðu í fyrstu sætum. Markmiðið er að sjálfsögðu að hafa gaman og fá útrás fyrir hreyfiþörfina um leið og styrkur, snerpa og úthald eykst.

### **Kennsluhættir og gögn**

Kennslan fer fram á ýmsan hátt s.s. í formi æfinga og leikja við þær íþróttagreinar sem valdar hafa verið. Fyrirkomulagið verður oftast á þann veg að ein íþróttagrein verður í hverju sinni þar sem nemendur eru ekki svo margir. Verður flakkað á milli þeirra íþróttagreina sem þeir velja.

### **Námsmat**

Námsmatið byggir á símati þar sem metnir eru þættir á borð við hegðun, virkni og samvinnu. Líkamleg færni er að auki metin lítils háttar.

### **Kennari**

Hólmfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

## Listasmiðja

### Fyrirkomulag

Listasmiðja er kennd hálfan veturinn á móti íþróttavali og fá nemendur tvær kennslustundir á viku í eina önn. Allir nemendur í 7. og 8. árgangi eru í Listasmiðjunni. Viðfangsefni smiðjunnar eru heimilisfræði, stafræn ljósmyndun og myndvinnsla, myndlist og leirsmíði. Þá verður aðallega farið í þá þætti sem nemendur velja sér. Meginmarkmið listasmiðjunnar er að kynna fyrir nemendum ýmislegt það sem vekur áhuga þeirra. Nemendur vinna ýmis verkefni, oft einstaklingslega en einnig í hóp. Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðaðri kennsluáætlun og mikið veltur á að þeir sýni ábyrgð og sjálfstæði við vinnu sína.

### Kennslugögn og kennsluhættir

Einn kennari er í Listasmiðju sem aðstoðar alla nemendur eftir því sem frekast er kostur. Mikið veltur á samstarfsvilja, sjálfstæði og áhuga nemendanna sjálfra. Ýmis gögn verða notuð við kennsluna, eldunaráhöld, myndavélar, tölvur, leiráhöld, teikniáhöld ofl.

### Námsmat

Námsmat byggir mikið á áhuga, framtakssemi og sjálfstæði hvers nemanda. Einnig á símati kennara sem felur í sér meðal annars eftirfarandi þætti:

Hugmyndir og hönnun, verkfærni og vandvirkni, vinnusemi og áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni og hegðun og að lokum framfarir. Einnig eru verkefni nemenda metin. Nemendur eru metnir út frá sínum eigin forsendum.

### Þingvellir, námsferð að hausti

Í aðdraganda að námsferð undirbjuggu kennarar ferðina. Með hliðsjón af skólanámskrá nemenda og ferðaáætlun voru búin til verkefni og valin viðfangsefni sem hæfðu hópnum. Markmið slíkrar ferðar hlýtur ávallt að vera að nýta hana sem best og fá sem mest út úr henni sama hvert litið er. Þvert á allar námsgreinar og færni þætti, hvort heldur er námslega- eða félagslegafærni. Því þótti mikilvægt að fyrstu dagar skólaársins yrðu nýttir til þess að undirbúa nemendur vel fyrir ferðina. Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað var gert í aðdraganda ferðar, á meðan á ferð stóð og hvernig unnið hefur verið úr ferðinni og verður á skólaárinu. Þetta yfirlit á við um lífsleikni.

#### Heimilisfræði:

*Á meðan á ferð stóð* – Í ferðinni var bakað brauð af kennurum.

*Að ferð lokinni* – Nemendur baka samskonar brauð og gert var í Þingvallaferðinni.

#### Myndmennt:

*Á meðan á ferð stóð* – í ferðinni teiknuðu nemendurnir leiðina sem þau gengu og allt sem þau sáu.

*Að ferð lokinni* – nemendur munu teikna nátturumynd sem tengist Þingvallaferðinni og jafnvel mála.

**Kennari:**

Hólfríður Fjóla Zoëga Smáradóttir

**Sólheimasmiðja****Fyrirkomulag og áherslupættir**

Sólheimasmiðja – Sjálfbær þróun í sjálfbæru samfélagi, er valgrein fyrir 8. bekk. Námskeiðið er kennt vikulega, þrjár kennslustundir í senn í lotum. Tvö meginþemu námskeiðsins eru:

1. Byggðahverfið Sólheimar, saga, samfélag, íbúar og starfsemi.
2. Umhverfismál, sjálfbærni og samfélag manna.

Námið fer fram í heimsóknum í Sólheima þar sem nemendum gefst kostur á að kynnst starfsemi Sólheima, fólkinu sem þar starfar, þeim verkefnum sem unnin eru og hvernig er hægt að tengja starfið við sjálfbæra þróun. Þeir fá einnig sérstaka fræðslu um ýmis þemu umhverfismála.

**Kennslugögn og kennsluhættir**

Nemendur fá í upphafi kynningu á sögu Sólheima, starfseminni, vinnustofum, sérstöðu byggðahverfisins, því hvernig umhverfismálum er háttað og þá sérstaklega þeim þáttum sem snúa að endurnýtingu og umhverfisvernd. Nemendur kynnst svo vinnustofum Sólheima í hópum. Tekin eru viðtöl við starfsfólk og heimilisfólk, myndir teknar, og nemendur fá að prófa það sem verið er að gera (vefa, keramik, pakka sápu, pússa leikföng, steypa kerti, búa til pappír). Í lok annar setja nemendur upp sýningu um upplifunina sem verður jólasýning Sesseljuhúss. Einnig verður efnið unnið á tölvutæku formi og nemendur flytja kynningu fyrir gesti.

Í umhverfismálahlutanum fá nemendur fræðslu um hinar ýmsu hliðar umhverfismála.

Þemu innihalda meðal annars:

1. Maðurinn og umhverfið
2. Hvernig notum við auðlindirnar?
3. Lífríki jarðarinnar og líffræðilegur fjölbreytileiki
4. Landeyðing og uppgræðsla
5. Skógar og skógrækt

Leitast verður við að vekja nemendur til umhugsunar um áhrif manna á umhverfið og hvetja til umræðna um álitamál sem snúa að umhverfisnýtingu og umhverfisvernd, fá þá til að skoða eigin neyslumynstur og umhverfisáhrif.

Heimsóknir nemendanna hefjast í Sesseljuhúsi þar sem viðfangsefni dagsins er kynnt í upphafi, og að jafnaði lýkur heimsóknum líka þar, með því að nemendur ræða saman um upplifun dagsins. Nemendur vinna svo með innlögnum dagsins í hópum og draga þá punkta sem þeim finnast áhugaverðir, auk þess sem þeir lesa sér til á vef og í bókum, bæklingum og öðru fræðsluefni.

Á vorönn verður leitast við að hafa námið sem mest utan dyra, og fylgjast þá með hvernig umhverfið vaknar af vetrardvala, velta fyrir sér líffræðilegum fjölbreytileika á Íslandi og kynnst ræktun í gróðrarstöð og skógræktarstöð Sólheima.

### **Námsmat**

Verkefni eru unnin í hópum og miðar hópvinna að því að nemendur setji fram þá þekkingu sem þau öðlast á námskeiðinu og geti miðlað henni áfram í lok annar. Kennari metur þátttöku nemenda, sjálfstæði, frumkvæði og vinnuframlag, auk þess sem þeir meta sjálfir vinnuframlag sitt og verkefni.

### **Kennari**

Katrín Magnúsdóttir og Axel Benediktsson

## **Útivistarsmiðja**

### **Áhersluþættir**

Í útivistinni kynnast nemendur margvíslegum valkostum varðandi útivist og taka þátt í þeim. Unnið er að því að kynna nemendum viðeigandi útbúnað varðandi útivist með öryggissjónarmið í huga. Heilbrigðis og heilsufarsleg sjónarmið eru höfð að leiðarljósi í áfanganum.

### **Kennslugögn og kennsluhættir (Bókakostur og kennsluhættir)**

Nemendur leggja sitt af mörkum við mótun áfangans með hugstormun varðandi áhugaverð viðfangsefni. Mestmegnis er unnið utandyra en einstaka verkefni eru unnin inni í skólastofu s.s. það að kanna vefsíður ferðafélaga, veðurstofunnar og vegagerðarinnar, bæklingagerð og undirbúningur lengri ferða.

### **Námsmat**

Námsmar byggir á símati varðandi vinnuframlag, samvinnu hæfni og ábyrgð.

### **Kennari**

Árni Sverrir Bjarnason / Jóhanna Thorsteinson

